ÁSTA ANDRÉSDÓTTIR
*Veitir uppskrift að uppáhaldskökunni*
• matur • helgin
ALLT ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



BARÐI JÓHANNSSON
*Þetta er fullorðins*
FÖSTUDAGUR FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



BÓKA LAGERSALA
Við flytjum lagerinn!
Gerðu bókakaupin á risamarkaði Forlagsins
Fiskislóð 39
Allir fá ókeypis bókaglaðning

FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
2. október 2009 — 233. tölublað — 9. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 512 5000

## FÖSTUDAGUR



**Auknar vinsældir**
Jóhanna Guðrún er þéttbókuð í Svíþjóð og fleiri löndum.
FÓLK 46

**Semur í Svíþjóð**



Ragnar Sólberg undirbýr næstu plötu Sign á heimili sínu í Svíþjóð.
FÓLK 38

**Hættur hjá Solna Vikings**



Sigurður Ingimundarson hætti í gær hjá Solna Vikings eftir aðeins tvo leiki við stjórnvölinn hjá sænska liðinu.
ÍÞRÓTTIR 40

fyrir allar dætur
ömmur - mömmur - systur - vinkonur ...
Bleika slaufan er styrkur gegn krabbameini
Söfnunarmarkmið 45.000 slaufur
5 15 25 35 45 þúsund

## VEÐRIÐ Í DAG




**STORMUR** Í dag verður austan stormur sunnan og suðaustan til og á annesjum á Vestfjörðum, annars hægari. Bætir í vind með kvöldinu. Rigning eða slydda sunnan til og vestan, annars snjókoma eða slydda.
VEÐUR 4

# Óttast að ný orkugjöld fæli erlenda fjárfesta í burtu

**Orku-, umhverfis- og auðlindagjöld eiga að skila ríkissjóði 16 milljörðum á næsta ári. Verið að skjóta sig í fótinn, segir formaður Samtaka iðnaðarins. Stend aldrei að óhóflegri skatttöku segir iðnaðarráðherra.**

**IÐNAÐUR** „Þessum gjöldum er beint gegn þeim fyrirtækjum í landinu sem eru á þeim buxum að byggja upp og skapa störf,“ segir Tómas Már Sigurðsson, forstjóri Alcoa. Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu eiga orku-, umhverfis- og auðlindagjöld að skila ríkissjóði 16 milljarða tekjum á árinu 2010.

Tómas Már tekur fram að enn sé útfærslan óljós og rétt sé að bíða hennar. „Ég efast þó um að þessi skatttekja muni laða að sér nýja fjárfestingu.“

Undir það tekur Ólafur Teitur Guðnason, hjá Alcan á Íslandi, gjöldin dragi úr áhuga erlendra fjárfesta. Hann segir fyrirtækið ekki standa undir margra milljarða skattheimtu í viðbót. Alcan hafi greitt 1,5 milljarða í tekjuskatt árið 2007, sem samsvari fjórðungi af tekjuskatti allra verslunarfyrirtækja það ár. „Það hefur ekki árað vel í álinu undanfarið og það eru takmörk fyrir því hvað menn þola.“

Náin útfærsla gjaldanna er boðuð í frumvörpum á haustþinginu. Í fjárlagafrumvarpinu er þó tekið dæmi um að einnar krónu gjald á hverja kílówattsstund, gæfi 16 milljarða króna. Ólafur Teitur segir að slíkt gjald þýddi 3 milljarða gjöld á ári fyrir fyrirtækið. „Mér finnst það út úr öllum kortum og mjög gróf aðgerð.“

Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra segir ekki koma til greina að setja skatta sem veiti atvinnugrein náðarhögg. Skattlagning þurfi að vera á almennum nótum og megi ekki koma sem rothögg. Hún segir aldrei koma til greina að skattleggja um 1 krónu á kílówattsstund. „Ég mun aldrei styðja óhóflegt gjald, en eins og staðan er núna tel ég að við þolum vel lag af nýjum sköttum.“

Ágúst Hafberg hjá Norðuráli segir fyrirtækið nýbúið að gera samninga við ríkið um skatta og orkuverð og ekki sé reynsla af öðru en að ríkið standi við sína samninga. Nýgerður samningur við ríkið um álver í Helguvík geri ráð fyrir að reksturinn þar muni skila 4 til 5 milljörðum í bein opinber gjöld árlega.

Helgi Magnússon, formaður Samtaka iðnaðarins, segir að menn séu að skjóta sig í fótinn með því að skattleggja útflutningsgreinarnar. Hann vonist til að þingmenn átti sig á því og hverfi frá þessum hugmyndum, enda bitni orkugjöld einnig á heimilum.
**- kóp**



**GEISTLEGT OG VERALDLEGT VALD** Þjóðkirkjan setti svip sinn á setningu Alþingis að venju en hún hófst með messu í Dómkirkjunni. Jón A. Baldvinsson, vígslubiskup í Hólabiskupsdæmi, predikaði og Karl Sigurbjörnsson biskup þjónaði fyrir altari. Þeir hlýddu sposkir á frásögn Ólafs Ragnars Grímssonar forseta í þinghúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sænsk sérsveit klúðrar árás:

## Sprengdu óvart vitlaust hús

**SVÍÞJÓÐ Eitthvað virðist vanta upp á nákvæmnina hjá sérsveit sænska hersins, sem sprengdi fyrir mistök vitlaust hús þegar þeir voru við æfingar í bænum Röjdåfors í Suður-Svíþjóð.**

**Sérsveitin hafði keypt hús sem átti að nota við æfingar og hugðist sprengja sér leið inn í húsið að næturlagi til að líkja eftir átökum sem sveitin gæti lent í.**

**Ekki vildi betur til en svo að hermennirnir réðust til atlögu við vitlaust hús og áttuðu sig ekki á mistökunum fyrr en allar hurðir og allir gluggar í húsinu höfðu verið sprengdir.**

**„Þeir voru virkilega heppnir að parið sem býr í húsinu var ekki heima, þeir hefðu getað drepið þau,“ sagði nágranni í samtali við sænska fjölmiðla. Talsmaður hersins baðst afsökunar á mistökunum og sagði sáttir hafa náðst við húseigendur.**
**- bj**

Tækifæri
Aðeins í örfáa daga
20-40% afsláttur af sýningarvörum
Eitt líf - njótum þess !
Fyrstir koma - fyrstir fá
Betra BAK
Sjá nánar á www.betrabak.is

Gert ráð fyrir 43 milljarða króna niðurskurði í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2009:

## Framlög til FME skorin niður

**EFNAHAGSMÁL** Fjárframlög til Fjármálaeftirlitsins verða skorin niður um 8,5 prósent á næsta ári. Eftirlitið fær 1.021,5 milljónir króna úr að spila, 94,5 milljónum minna en í ár, verði fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar að lögum.

Fjárframlög til Samkeppniseftirlitsins verða skorin hlutfallslega meira, um 12 prósent. Framlögin verða samkvæmt fjárlagafrumvarpinu 285 milljónir, 30,8 milljónum króna lægri en í ár.

Ljóst er að mikið mun mæða á báðum stofnunum vegna fjölmargra mála sem upp hafa komið í kjölfar hrunsins.

Embætti sérstaks saksóknara mun fá alls 380 milljónir á næsta ári. Þar af eru 75 milljónir króna vegna ráðningar Evu Joly sem ráðgjafa embættisins, og 30 milljónir vegna þriggja saksóknara sem bætast væntanlega í hóp starfsmanna embættisins á næstu dögum.
**- bj** / sjá síður 4, 18 og 20

6 tommu bátur
349 krónur
Kafbátur mánaðarins • október
Skinkubátur
SUBWAY

1.– 5. október
HAUST
Skelltu þér í haustlitaferð í Smáralind 1.–5. október og njóttu haustískulita ársins.
Smáralind

**SPURNING DAGSINS**



*Grímur, dregur þetta ekki dilk á eftir sér?*

„Jú, í fyrsta lagi fyrir mittið og í öðru lagi fyrir skatttekjur ríkisins.“

Hljómsveitir sem koma fram á rokkhátíðinni Slátur í Búðardal fá greitt í dilkum. Grímur Atlason er bæjarstjóri í Búðardal og skipuleggur hátíðina.

Tveir karlmenn hafa rofið endurkomubann hingað til lands á skömmum tíma:

# Lögregluníðingur kominn aftur

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður sem gekk í skrokk á tveimur lögreglumönnum og slasaði þá í janúar á síðasta ári rauf endurkomubann þegar hann kom til landsins fyrr í vikunni. Hann var handtekinn við komuna og úrskurðaður í gæsluvarðhald. Hann var ákærður fyrir héraðsdómi í gær.

Maðurinn sem um ræðir, Algis Rucinskas, réðst á lögreglumennina tvo, sem voru óeinkennisklæddir við fíkniefnaeftirlit, í nágrenni við veitingastaðinn Monte Carlo á Laugavegi. Hann veitti þeim þung höfuðhögg með krepptum hnefa og skaðaði báða. Fjórir félagar hans hugðust leggja honum lið, en lögreglumönnunum barst þá liðsauki og gátu þeir yfirbugað árásarmennina.



**MONTE CARLO** Maðurinn réðst á lögreglumennina í grennd við veitingastaðinn.

„Árás ákærða var fólskuleg og ógnvekjandi og brotavilji hans einbeittur,“ sagði í dómi Hæstaréttar, sem dæmdi árásarmanninn í þriggja mánaða fangelsi. Honum var sleppt á reynslulausn þegar hann átti fjörutíu daga óafplánaða, vísað af landi brott og sett ur í tíu ára endurkomubann sem hann hefur nú rofið.

Þetta er annar maðurinn sem rýfur endurkomubann til landsins á skömmum tíma. Tomas Arlauskas, áður Malakauskas, sem afplánaði refsingu vegna líkfundarmálsins í Neskaupstað, kom hingað fyrir nokkrum dögum og situr nú inni.

Þjófur staðinn að verki:

## Með hangikjöt innan klæða

**LÖGREGLUMÁL** Maður á fimmtugsaldri var handtekinn með hangikjötslæri innan klæða um miðjan dag í fyrradag. Lærinu hafði hann stolið úr matvöruverslun í Reykjavík. Hann hafði stungið því inn á sig og gekk síðan út úr versluninni án þess að greiða fyrir það. Þá var för hans stöðvuð.

Síðdegis var kona á fertugsaldri handtekin fyrir þjófnað í verslunarmiðstöð í Kópavogi. Hún hafði troðfyllt innkaupakerru af ýmsum varningi og ekki greitt fyrir hann. Konunni tókst að komast með góssið út á bifreiðaplan þar sem hún var handtekin. **-jss**

Stjórnarandstaðan:

## Kynnið Icesave fyrir undirritun

**ALÞINGI Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, hefur óskað eftir fundi með forsvarsmönnum stjórnarflokkanna. Á fundinum yrðu áform ríkisstjórnarinnar varðandi lyktir Icesave-deilunnar kynntar honum og eftir atvikum forsvarsmönnum annarra stjórnarandstöðuflokka. Fundurinn færi fram áður en nokkuð yrði undirritað í þeim efnum.**



**BJARNI BENEDIKTSSON**

**Þingmenn Hreyfingarinnar fóru einnig fram á það í gær að ekki yrði skrifað undir neina samninga né skjöl tengd Icesave-deilunni fyrr en málið hefði hlotið þinglega meðferð og samningar kynntir þeim þingnefndum sem um málið fjalla.** **- kóp**

Félag heyrnarlausra:

## Segja óréttið enn þá óbætt

**FÉLAGSMÁL** Heyrnarlausir og aðstandendur þeirra hittast fyrir framan Stjórnarráðið í dag klukkan 11. Ætlunin er að afhenda forsætisráðherra áskorun þess efnis að fylgja fast eftir þeim niðurstöðum sem fram komu í skýrslu vistheimilisnefndar. Félag heyrnarlausra stendur fyrir viðburðinum.

Félagið minnir á að enn er óbættur sá miski sem nemendur urðu fyrir við dvöl sína í Heyrnleysingjaskólanum. Að afhendingu lokinni verður svörtum blöðrum sleppt sem tákni um að verið sé að kveðja þá svörtu fortíð sem margir nemendur eiga tengda skólanum. **- kóp**

# Býður langlokur fyrir ógreidd fasteignagjöld

**Eigandi skyndibitastaðarins Super Sub segir gatnagerð hafa skaðað reksturinn og bauð Kópavogsbæ matarmiða upp í skuld vegna fasteignagjalda. Bæjarráð telur að ekki myndi sjá fyrir endann á slíkum vöruskiptum og hafnaði tilboðinu.**

**FÓLK** „Ég hef ekki verið í neinu rifrildi og hasar við bæinn og nenni því ekki en ég hélt að þarna væri ég að koma með skemmtilega tillögu,“ segir Hjörtur Aðalsteinsson, eigandi skyndibitastaðarins Super Sub, sem bauð Kópavogsbæ að fá matarmiða í staðinn fyrir ógreidd fasteignagjöld.

„Nýbýlavegurinn var fluttur fjær húsunum í hitteðfyrra og það skaðaði okkar rekstur alveg gífurlega. Í fjóra daga urðum við að loka staðnum og það voru endalausar lokanir og þrengingar. Salan á staðnum bara hrundi meira og minna þetta ár sem framkvæmdirnar stóðu yfir,“ útskýrir Hjörtur forsögu málsins.

Hjörtur telur ósanngjarnt að eigendur fyrirtækja við Nýbýlaveg þurfi sjálfir að bera allan skaða af gatnaframkvæmdunum. Hann hafi margítrekað beðið bæjaryfirvöld að koma til móts við hann með einhverjum hætti. „Það var bara ein hugmyndin að þeir keyptu af okkur matarmiða fyrir ákveðna upphæð. Það væri ekki verið að gefa okkur neitt heldur væru miðarnir notaðir fyrir starfsmenn bæjarfélagsins sem gætu kannski borðað hjá okkur einu sinni eða tvisvar hver,“ segir hann.

Þá segir Hjörtur að til hafi staðið þegar Nýbýlavegurinn var opnaður formlega aftur að efna til skemmtunar og bærinn myndi borga heilsíðuauglýsingu til að gleðja að nýju viðskipti við fyrirtækin, sem sum hver hafi tapað miklu og önnur jafnvel hreinlega farið á hausinn á þessu tímabili. „Það varð aldrei,“ segir hann.

Hjörtur bendir á að sams konar ástand hafi skapast annars staðar, til dæmis á Laugavegi og á Skólavörðustíg. „Bæjarfélögin rukka bara fasteignagjöld fyrir atvinnuhúsnæði sem er ekki í lagi og við eigum bara að borga og brosa,“ segir eigandi Super Sub. Hann bauð Kópavogsbæ um 400 matarmiða fyrir 400 til 500 þúsund króna skuld. „Þessu var bara hafnað en mér fannst þetta ákaflega kurteis leið og hófleg.“

Að tillögu Páls Magnússonar bæjarritara hafnaði bæjarráð tilboði Hjartar. „Ekki væri fyrir endann séð á því ef Kópavogsbær tæki upp á því að innheimta álagðan skatt með vöruskiptum og einnig vafi á því að lagastoð sé fyrir slíku,“ segir í umsögn bæjarritarans. **gar@frettabladid.is**



**HJÖRTUR AÐALSTEINSSON** Eigandi Super Sub bauð Kópavogsbæ 400 langlokumáltíðir fyrir skuld vegna fasteignagjalda. Hann segir framkvæmdir á Nýbýlavegi hafa skaðað reksturinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> Bæjarfélögin rukka bara fasteignagjöld fyrir atvinnuhúsnæði sem er ekki í lagi og við eigum bara að borga og brosa.
>
> **HJÖRTUR AÐALSTEINSSON** EIGANDI SUPER SUB



**ÁLFTANES** Bæjarstjórnin hefur áhuga á að fá einkarekið sjúkrahús í bæinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Álftanes vill einkaspítalann:

## Hentugt svæði í miðbænum

**HEILBRIGÐISMÁL** Bæjarstjórn Álftaness lýsir eindregnum áhuga á að einkarekið sjúkrahús og hótel sem PrimaCare áformar að reisa á Íslandi verði staðsett í miðbænum á Álftanesi.

Forsvarsmenn PrimaCare skoða nú mögulega staðsetningu og hafa staði í Mosfellsbæ, Garði og á Álftanesi í huga. Í yfirlýsingu bæjarstjórnar segir að svæðið sem hugsað sé fyrir sjúkrahúsið henti vel og sveitarfélagið falli vel að hugmyndum PrimaCare um sjálfbæran rekstur. **- bj**

Uppstokkun í ráðuneytunum:

## Verkefni færð milli ráðuneyta

**STJÓRNSÝSLA Breytingar voru gerðar á tveimur ráðuneytum í gær og nöfnum og verkefnum þeirra breytt. Viðskiptaráðuneytið breytti um nafn og heitir nú efnahags- og viðskiptaráðuneyti. Ráðuneytið hefur fengið forræði yfir efnahagsmálum, sem voru í forsætis- og fjármálaráðuneyti.**

**Dóms- og kirkjumálaráðuneytið verður hér eftir dóms- og mannréttindaráðuneyti. Það hefur fengið forræði yfir sveitarstjórnarkosningum, fasteignamati og skráningu, auk neytendamála. Kirkjumál verða áfram á forræði ráðuneytisins.** **- bj**


# SPARAÐU!

SÖLU LEIKHÚSKORTA LÝKUR **9. OKTÓBER**





Fjögurra sýninga leikhúskort kostar aðeins **9.900** kr.

Fjögurra sýninga kort fyrir 25 ára og yngri kostar aðeins **5.900** kr.

Þriggja forsýninga Forskotkort í Kassann kostar aðeins **3.000** kr.

Hringdu í síma **551 1200** eða smelltu þér á **leikhusid.is**

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ


Ríkisráð kom saman á Bessastöðum í gær og nýr ráðherra tók við embætti:

# Álfheiður tekin við sem ráðherra

**STJÓRNMÁL** Álfheiður Ingadóttir, alþingismaður Vinstri grænna, tók við embætti heilbrigðisráðherra af Ögmundi Jónassyni á ríkisráðsfundi á Bessastöðum í gær.

Ríkisráð var boðað til fundar undir hádegi. Ögmundi Jónassyni var þar veitt formleg lausn frá embætti, eftir að hafa beðist lausnar í fyrradag vegna ágreinings við ríkisstjórnina um Icesave-málið. Álfheiður var síðan sett í embættið að því loknu. Hún tók við lyklum að ráðuneytinu síðdegis í gær.

Þetta er fyrsta breytingin sem gerð er á ríkisstjórninni frá því að hún tók við í vor.

Álfheiður sagði í gær að það væri ekki auðvelt að taka við heilbrigðisráðuneytinu á niðurskurðartímum sem þessum. Auk þess hefði Ögmundur staðið sig mjög vel í embætti. „Það fer enginn í fötin hans Ögmundar,“ sagði hún. Hún sagðist búast við því að styðja breytingartillögu ríkisstjórnarinnar við Icesave-málið. **- sh**



**ENDURNÝJUÐ RÍKISSTJÓRN** Álfheiður er nýjasti ráðherrann í ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur. FRÉTTABLAÐIÐ / VALLI

Aðeins hjá Símanum
Netvarinn fylgir án aukagjalds!

Internet

# Öruggara Internet

Þrjár mismunandi síur Netvarans sjá um að útiloka efni sem þú telur óæskilegt:

**1** Barnaklám, njósnaforrit, vefi sem villa á sér heimildir eða stela persónuupplýsingum.

**2** Klámfengið efni, upplýsingar um eiturlyf, áhættuspil, hatursáróður, kynþáttafordómar, smekkleysa, ofbeldi og ólöglegt efni bætist við síu 1.

**3** Leikir, skrárdeilisíður (P2P) og síður sem aðstoða við tölvuglæpi bætast við síu 2.

Einnig má takmarka aðgang að samskiptaforritum á borð við MSN.
Ef þú ert með Internetáskrift hjá Símanum þá fylgir Netvarinn án aukagjalds.
Virkjaðu Netvarann á siminn.is eða í 800 7000.

800 7000 • siminn.is

Það er **Síminn**




Í samstarfi við SAFT

ENNEMM / SÍA / NM35582

## GENGIÐ 01.10.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 123,86 | 124,46 |
| Sterlingspund | 198,16 | 199,12 |
| Evra | 180,43 | 181,43 |
| Dönsk króna | 24,232 | 24,374 |
| Norsk króna | 21,356 | 21,482 |
| Sænsk króna | 17,746 | 17,850 |
| Japanskt jen | 1,3766 | 1,3846 |
| SDR | 195,41 | 196,57 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
233,0607

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Samtök atvinnulífsins skora á umhverfisráðherra að draga úrskurð sinn til baka:

# Telja úrskurðinn ólögmætan

**STJÓRNSÝSLA** „Menn geta farið að verða atvinnulausir í boði umhverfisráðherra,“ segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins (SA). Hann segir allar tafir á stóriðjuframkvæmdum lengja og dýpka kreppuna.

SA telja að umhverfisráðherra hafi fellt ólögmætan úrskurð þegar hann felldi úr gildi ákvörðun Skipulagsstofnunar um að ekki skyldi fara fram sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum á framkvæmdum tengdum álveri í Helguvík. Felli ráðherra úrskurðinn ekki úr gildi munu samtökin kvarta við umboðsmann Alþingis og/eða leita til dómstóla.


**VILHJÁLMUR EGILSSON** Segir að samkvæmt stöðugleikasáttmálanum eigi að vera búið að ryðja öllum hindrunum úr vegi framkvæmda við Helguvík 1. nóvember.

Samtökin telja úrskurðinn ólögmætan af þeirri ástæðu að hann er kveðinn upp löngu eftir að tilskilinn tímafrestur er útrunninn. Þar að auki hafi reglur stjórnsýslulaga um málsmeðferð og andmælarétt ekki verið virtar.

Vilhjálmur Egilsson segist ekki sjá við hvaða lagaheimildir ráðherra styðjist í úrskurði sínum. Spurður um dómstólaleiðina segir hann samtökin skoða það mál. Þá viti hann til þess að lögmenn þeirra fyrirtækja sem ákvörðunin varði geri það einnig.

„Samkvæmt stöðugleikasáttmálanum átti að vera búið að fella allar hindranir úr vegi þessara fjárfestinga fyrir 1. nóvember. Þjóðhagsspá og allt sem gert er ráð fyrir í efnahagsáætlun næsta árs byggir á því að þessi verkefni fari á fullt.“ **- kóp**

Borgarahreyfingin:

# Vill fagfólk í utanþingsstjórn

**STJÓRNMÁL** Borgarahreyfingin leggur til að mynduð verði utanþingsstjórn skipuð valinkunnu fagfólki og fræðimönnum. Í tilkynningunni frá hreyfingunni segir að slík stjórn gæti orðið sameiningartákn sem þjóðin þurfi á að halda.

Enn fremur segir í tilkynningunni að ekki verði unað við það að AGS segi kjörnum fulltrúum fyrir verkum og setji hagsmuni Hollendinga og Breta í fyrirrúm. Borgarahreyfingin styður þá ákvörðun Ögmundar Jónassonar að segja af sér ráðherraembætti og „taka ekki þátt í ríkisstjórn blekkinga og þvingana“. **- bs**


**FARALDUR** Stjórnvöld í Bangladess settu af stað sérstakt átak til að fækka rottum í landinu nýlega. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Verðlaunaður fyrir rottuveiðar:

# Drap 83 þúsund rottur

**BANGLADESS, AP** Stjórnvöld í Bangladess verðlaunuðu í vikunni bónda fyrir að veiða samtals 83.450 rottur á níu mánaða tímabili. Bóndinn skilaði inn hölum af öllum rottunum og fékk litasjónvarp að launum fyrir dugnaðinn.

Stjórnvöld notuðu þennan dugnaðarfork til að kynna átak sitt, þar sem fólk er hvatt til að hjálpa til við að fækka rottum.

„Það er ekki auðvelt að drepa rottur, það þarf æfingu til þess,“ sagði Mokhairul Islam. Hann veiddi að meðaltali yfir 300 rottur á dag síðustu níu mánuðina og hefur ekki þurft jafn mikið fóður fyrir hænsn sín fyrir vikið. **- bj**

## LEIÐRÉTTING

Ranghermt var í blaðinu í gær að Magnús Jónsson, sem sagði af sér sem fjármálaráðherra árið 1923, hefði gert það vegna máls sem tengdist Hótel Borg. Hið rétta er að málið tengdist Hótel Íslandi. Þá birtist röng mynd með nafninu. Hún var af Magnúsi Jónssyni, sem var atvinnumálaráðherra árið 1942.

# Samdráttur minni en reiknað var með

**Ný spá efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins er svipuð og nýjasta spá Seðlabankans. Óvissuþættir eru óvenju margir. Samdráttur í landsframleiðslu á næsta ári gæti verið 0,5 til 1 prósent, tefjist framkvæmdir við álver í Helguvík.**

**EFNAHAGSMÁL** Samdráttur í landsframleiðslu verður nokkru minni en gert var ráð fyrir í þjóðhagsspá í vor, að því er fram kemur í nýrri þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins sem birt var í gær.

Spá ráðuneytisins er svipuð og nýjasta spá Seðlabankans, sagði Þorsteinn Þorgeirsson, skrifstofustjóri efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins, sem kynnti spána í gær.

Óvissuþættir í spánni eru gríðarmargir, mun fleiri en venjan er, sagði Þorsteinn. Þeir tengjast til dæmis afnámi gengishafta, gengi krónunnar, Icesave, lánafyrirgreiðslu AGS, endurreisn bankakerfisins, fjárhagsstöðu heimila og fyrirtækja og fjárfestingu í orkuöflun og iðnaðarkostum.

Spáin gerir ráð fyrir því að landsframleiðsla dragist saman um 8,4 prósent í ár, sem er um tveimur prósentustigum minni samdráttur en áður hafði verið reiknað með.

Í spánni er gert ráð fyrir því að álver í Helguvík rísi á áætlun og að framleiðslugeta álversins í Straumsvík verði aukin um fjörutíu þúsund tonn, sagði Þorsteinn.

Gert er ráð fyrir því að landsframleiðsla dragist saman á næsta ári um 1,9 prósent. Aðspurður sagði Þorsteinn að reikna mætti með því að samdrátturinn yrði á bilinu 2,4 til 2,9 prósent, tefðust framkvæmdir vegna álvers í Helguvík um tvö ár vegna úrskurðar umhverfisráðherra, eins og nefnt hefur verið.

Það gæti einnig haft áhrif á spá vegna ársins 2011, þar sem nú er gert ráð fyrir hagvexti upp á 2,8 prósent, þegar einkaneysla nær jafnvægi og fjárfesting eykst, sagði Þorsteinn.

Veikara gengi krónunnar hefur leitt til þess að hægt hefur á hjöðnun verðbólgu það sem af er ári. Meðaltalsverðbólga ársins er nú áætluð 11,9 prósent, og því er spáð að verðbólga næsta árs verði fimm prósent að meðaltali, en um 2,5 prósent í lok árs 2010.

Meðalatvinnuleysi í ár er áætlað 8,9 prósent og mun það aukast á næsta ári áður en það dregst saman aftur, sagði Þorsteinn.

Efnahagsskrifstofa fjármálaráðuneytisins gerir ráð fyrir því að gengi krónunnar veikist um fjögur til fimm prósent á næsta ári, sagði Þorsteinn.

brjann@frettabladid.is / sjá síður 18 til 20


**ÞJÓÐHAGSSPÁ** Gert er ráð fyrir fjögurra til fimm prósenta veikingu krónunnar á næsta ári, sagði Þorsteinn Þorgeirsson skrifstofustjóri þegar hann kynnti nýja þjóðhagsspá. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## LYKILTÖLUR Í ÞJÓÐHAGSSPÁNNI

| | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 |
|---|---|---|---|---|
| Hagvöxtur | 1,3% | -8,4% | -1,9% | 2,8% |
| Atvinnuleysi | 1,6% | 8,6% | 10,6% | 9,0% |
| Verðbólga | 12,4% | 11,9% | 5,0% | 2,3% |
| Gengisvísitala | 166,4 | 223,4 | 234,5 | 224,4 |
| Stýrivextir, meðaltal | 15,8% | 13,9% | 8,7% | 8,0% |
| Kaupmáttur ráðstöfunartekna* | -6,4% | -10,4% | -11,4% | -0,4% |
| Útflutningur* | 7,1% | -1,4% | 2,0% | 2,9% |
| Innflutningur* | -18,3% | -30,0% | -1,8% | 3,6% |

*Breyting milli ára

Heimild: Þjóðhagsspá

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir:

# Vildi ekki sitja í ríkisstjórninni

**STJÓRNMÁL „Mér var boðið ráðherraembættið og ég afþakkaði það á sömu forsendum og Ögmundur hætti,“ segir Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, þingflokksformaður VG. „Ég geng ekki inn í ríkisstjórn sem Ögmundur Jónasson gengur út úr til að krefjast lýðræðislegra og góðra vinnubragða í Icesave-málinu.“**


**GUÐFRÍÐUR LILJA GRÉTARSDÓTTIR**

**Með eindæmum sé að ríkisstjórnin hafi krafist þess að stjórnin væri einróma í Icesave-málinu. Því hafi Ögmundur hætt og hún sé honum sammála. „Þannig að ég vil ekki sitja við þetta borð jafnvel þótt ég styðji stjórnina til allra góðra verka.“** **- sh**

Fyrsta þjófagengið ákært:

# Stálu góssi fyrir milljónir króna

**DÓMSMÁL** Fyrsta þjófagengið hefur verið ákært fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Það hefur stundað skipulögð innbrot og gripdeildir.

Um er að ræða fjögurra manna hóp. Mennirnir eru allir rúmlega tvítugir að aldri.

Fjórmenningunum er gefið að sök að hafa í þrígang brotist inn í íbúðarhúsnæði. Þar létu þeir greipar sópa og stálu munum sem hlaupa á hundruðum þúsunda að verðmæti.

Einnig brutust þeir inn í verslun og stálu þar íþróttafatnaði fyrir tæpar tvær milljónir króna. Loks brutust þeir inn í söluturn og voru gómaðir með farm af sígarettum og vindlum. **- jss**






## VEÐURSPÁ


**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**VETRARRÍKI VÍÐA**
Það er lægð að mjaka sér austur með suðurströndinni og henni fylgir stormur sunnan og suðaustanlands og á annesjun vestast á Vestfjörðum annars hægari. Síðan hvessir smám saman víða um land þegar líður á síðdegið. Snjókoma eða slydda norðaustan og austanlands en rigning eða slydda sunnan til og vestan en þó snjókoma til landsins á þeim slóðum.



**Á MORGUN**
10-18 m/s austast annars 5-10

**SUNNUDAGUR**
3-10m/s, stífastur austan til

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 26° |
| Amsterdam | 12° |
| Berlín | 11° |
| Billund | 12° |
| Brussel | 15° |
| Eindhoven | 13° |
| Frankfurt | 14° |
| Friedrichshafen | 14° |
| Gautaborg | 12° |
| Kaupmannahöfn | 12° |
| Las Palmas | 28° |
| London | 17° |
| New York | 19° |
| Orlando | 31° |
| Osló | 9° |
| París | 18° |
| Róm | 26° |
| Stokkhólmur | 9° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.




# TAGLIATELLE MEÐ GRILLAÐRI PAPRIKU OG AVÓKADÓ PESTÓ fyrir 4

*að hætti Rikku*

- 2 rauðar paprikur
- 2 msk Ítalía ólífuolía
- 1 msk balsamsíróp
- 1 ½ hvítlauksrif, kreist
- 200 g spínat
- 100 g sveppir
- 2 msk sítrónusafi
- 400 g tagliatelle

Hitið ofninn í 200 C. Skerið paprikurnar í sneiðar og raðið á pappírsklædda ofnplötu. Hellið ólífuolíunni og balsamsírópinu yfir og bakið í 15 mínútur. Steikið hvítlaukinn, spínatið og sveppina upp úr smá ólífuolíu. Kreistið sítrónusafann yfir og bætið paprikunni saman við. Sjóðið pastað í vatni með smá salti í, sigtið vatnið frá. Blandið pestóinu og grænmetinu saman við pastað og berið fram. Gott er að rífa örlítinn parmesanost yfir.

AVÓKADÓ PESTÓ

- 3 msk furuhnetur
- 150 g fersk basilika
- 4 msk sítrónusafi
- 30 g parmesanostur
- 1 ½ avócadó, grófsaxað
- 1 dl vatn
- salt

Setjið furuhnetur, basiliku, sítrónusafa og parmesanost í matvinnsluvél og maukið vel saman. Bætið avókadóinu, vatninu og saltinu út í og vinnið saman gróflega.




**Rauðvínslegið lambalæri**




**Ítalskur kálfapottréttur**




**Ferskt lasagne 1 kg.**




**Kjúklingalundir**




**Ítalskt ciabattabrauð**
- ný bakað




**Fiorucci álegg**
- ekta ítalskt




**Lavazza kaffi**
- ítalskt gæða kaffi



**Ítalía pastasósur**
- 100% lífrænt, ekta ítalskt




**Sacla pestó**
- margar tegundir




**Ítalía salt og pipar**
- allt það besta beint frá Ítalíu!




**Filippo Berio olía**
- 3 tegundir




**Ítalía risotto**
- allt það besta beint frá Ítalíu!

24 Hagkaup OPIÐ ALLAN sólarhringinn Skeifan & Garðabær

Tilboðin gilda til 11. október eða á meðan birgðir endast.

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

## KJÖRKASSINN



*Sérðu eftir Ögmundi Jónassyni úr stóli heilbrigðisráðherra?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 52,6% |
| NEI | 47,4% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ætla stjórnvöld að skera of mikið niður í ríkisútgjöldum í fjárlagafrumvarpi sem kynnt var í gær?*

Segðu þína skoðun á visir.is

vísir

Staðfest að yfir 1.100 létust af völdum jarðskjálftanna á Indónesíu á miðvikudag:

# Þúsundir fastar í rústum húsa

**INDÓNESÍA, AP** Björgunarfólk á Indónesíu leggur nótt við dag til að reyna að bjarga fólki úr rústum húsa sem hrundu þegar tveir harðir jarðskjálftar urðu þar á miðvikudag.

Tala látinna var í gær komin yfir 1.100, en líklegt þótti að hún ætti eftir að hækka talsvert. Þúsundir manna eru taldar grafnar undir húsarústum. Ekki er vitað hve margir eru á lífi undir rústunum eða hve lengi þeir halda út.

Verst virðist ástandið vera í borginni Padang á eyjunni Súmötru. Þar eyðilögðust meira en 500 byggingar, þar á meðal skólar, sjúkrahús og hótel.



**EITT AF ÓNÝTU HÚSUNUM Í PADANG** Meira en 500 byggingar eyðilögðust í borginni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

„Við skulum ekki vanmeta skaðann. Búum okkur undir það versta. Við munum gera allt sem í okkar valdi stendur til að bjarga fólki,“ sagði Susilo Bambang Yudhoyono forseti í höfuðborginni Jakarta áður en hann flaug til Padang.

Þar í borg lögðu björgunarmenn mikla áherslu á björgunarstarf í fjögurra hæða steinsteyptu húsi, sem hrundi í jarðskjálftanum. Í húsinu voru þrjátíu börn í skólatímum. Fjögur þeirra höfðu fundist á lífi, en sex voru látin og tvísýnt um örlög hinna.

Jarðskjálfti á miðvikudag mældist 7,6 stig og átti upptök sín um það bil 240 kílómetra suður af Padang, en þar búa um 900 þúsund manns. - gb

Fólki beint í ódýrari lyf:

## Niðurgreiðslu dýrari lyfja hætt

**LYFJAMÁL Lyfjanotkun sjúklinga sem þjást af of háum blóðþrýstingi verður beint í ódýrari lyf, samkvæmt breytingu heilbrigðisráðuneytis á reglugerð sem tekur gildi nú um mánaðamótin.**

**Samfara breytingunni verður hætt að greiða niður dýrari lyf nema með lyfjaskírteinum sem sækja má um á grundvelli læknisfræðilegs mats og ákvörðunar lyfjadeildar Sjúkratrygginga.**

**Þessi breyting er gerð til að sporna við of háum kostnaði vegna blóðþrýstingsmeðferðar. Dýrari lyf í þessum lyfjaflokkum hafa verið notuð meira hér en hjá öðrum Norðurlandaþjóðum.** - jss

Fangaskipti undirbúin í Ísrael:

## Tuttugu konur látnar lausar

**ÍSRAEL, AP** Ísraelsstjórn ætlar að láta tuttugu palestínskar konur lausar úr fangelsi í skiptum fyrir myndband sem sannar að ísraelski hermaðurinn Gilad Schalit, sem Palestínumenn rændu fyrir þremur árum, sé heill á húfi.



**GILAD SCHALIT**

Bæði skrifstofa Benjamins Netnajahú, forsætisráðherra Ísraels, og Hamasliðar á Gasaströnd, segja að myndbandið verði afhent í dag í skiptum fyrir konurnar. Frekari viðræður um lausn Schalits munu síðan fara fram en búist er við að þær taki langan tíma. - gb

### ÞJÓÐKIRKJAN

**Sett í prestsembætti**

Séra Guðbjörg Jóhannesdóttir verður sett í embætti prests í Hafnarfjarðarkirkju klukkan ellefu á sunnudag. Guðbjörg þjónaði Sauðárkróksprestakalli í níu ár til ársins 2007 en var settur sóknarprestur á Selfossi í fyrravetur.

### STJÓRNSÝSLA

**Frestar skipun saksóknara**

Dómsmálaráðherra hefur frestað því að skipa þrjá saksóknara við embætti sérstaks saksóknara vegna bankahrunsins. Til stóð að skipa þá í gær, en vegna uppnáms í ríkisstjórn var ákveðið að bíða í nokkra daga.

**14.000 fengu bætur**

Vinnumálastofnun greiddi í gær 1,6 milljarða króna í atvinnuleysisbætur til tæplega 14.600 einstaklinga. Það er tæpum hálfum milljarði minna en greitt var í atvinnuleysisbætur í ágúst. Atvinnuleysi mælist nú tæplega 8%.



**VIÐ ÖLLU BÚNIR** Mikill fjöldi lögreglumanna gætti þess að það fólk sem samankomið var á Austurvelli kæmist ekki í námunda við þingmenn, ráðherra, forseta eða biskup. Mótmælendur létu það þó ekki á sig fá og komu boðskap sínum á framfæri með hrópum, köllum og búsáhaldaslætti. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Mikill viðbúnaður við setningu þings

**Lögregla hafði mikinn viðbúnað við setningu Alþingis í gær. Nokkur mótmæli urðu en ekki mjög fjölmenn. Lagt var hald á reyksprengju og blöðrur með skyri. Forsetinn sagði sóknarskeið mögulegt byggt á nýjum siðferðisgrunni.**

**ALÞINGI** Kunnuglegur sláttur á búsáhöld tók á móti forseta, biskupi, ráðherrum, þingmönnum og gestum við þingsetninguna í dag. Hópur fólks sló taktinn og gerði hróp að fyrirmennunum. Fjöldi mótmælenda var þó ekki í neinu samræmi við það sem lögreglan bjóst við, en hún hafði mikinn viðbúnað á Austurvelli.

Fólkinu var haldið í nokkurri fjarlægð frá hinum kjörnu valdhöfum með lögregluborðum og köðlum. Lögreglan tók nokkrar blöðrur með skyri og ótilgreindu gumsi. Þá fannst reyksprengja á víðavangi. Nokkur umræða hafði verið um það á netinu að minnast Helga Hóseassonar með viðeigandi hætti. Helgi sletti, sem kunnugt er, skyri við þingsetningu árið 1972.

Athöfnin hófst á guðsþjónustu við Dómkirkjuna. Ekki sóttu allir þingmenn hana, nokkrir sóttu hugvekju Siðmenntar í staðinn á Hótel Borg. Þar flutti Steinar Harðarson athafnastjóri hugvekju um gagnrýna hugsun.

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, hélt ræðu við þingsetningu. Hann sagði sóknarskeið mögulegt á næstu árum, en það þyrfti að mótast af þeim lærdómi sem mistök fyrri ára hefðu fært okkur. Það þyrfti að taka mið af „nýjum siðferðisgrunni, ráðdeild og fyrirhyggju, samábyrgð og gagnsæi“.



**HÚRRA, HÚRRA** Í fyrsta skipti í sögu landsins er kynjajafnrétti í ríkisstjórn eftir að Álfheiður Ingadóttir tók sæti Ögmundar Jónassonar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Forsetinn hvatti þingmenn til samstöðu í þeim erfiðu málum sem fram undan væru, ýmislegt hefði þó áunnist.

„Margir hjallar eru að baki, aðgerðir sem urðu deiluefni og erfitt reyndist að hrinda í framkvæmd, sársaukafullar fyrir flesta, ekki aðeins þá sem sýndu gáleysi eða glannaskap heldur líka fjölmarga sem gættu hófs, fóru með gát en bera nú saklausir þungar byrðar sem hóflaus sjálftaka og græðgi annarra leggur þeim á herðar.“

Síðar um daginn drógu þingmenn um sæti. Nýr ráðherra, Álfheiður Ingadóttir, tók sæti á ráðherrabekk, en forveri hennar, Ögmundur Jónasson, tyllti sér í sæti númer 48.

Að því loknu var þingfundi frestað fram á mánudag, en þá fer eldhúsdagsumræðan fram.

kolbeinn@frettabladid.is

HAFBERG
fiskbúð sælkerans
GLÆSILEGASTA
FISKBORÐIÐ Í BÆNUM
Humarsúpa, fiskréttir, reyktur og grafin lax humar, rishörpuskel, túnfiskur og rækjur.
Yfirmenn eldhúsa og mötuneyta ATH!
kynnið ykkur mötuneytisþjónustu HAFBERGS,
ÞAÐ MARG BORGAR SIG. Kynntu þér málið í síma 820-3413 Geir og 588-8686 Svala
Opið mán - fös 10 - 18:15 og lau 11 - 14.00
Gnoðarvogi 44 • S. 588 8686

Alltaf ferskt
Kjöt&fisktorgið
í Kringlunni & Garðabæ
Ungnauta entrecote danskt

1.998 kr/kg
Verð áður 3.498.-
50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár



**755 hundar – 84 tegundir**

# Alþjóðleg hundasýning Hundaræktarfélags Íslands

### 2.-4. október í Reiðhöllinni Víðidal, Reykjavík

Ungir sýnendur keppa á föstudag, kl. 17-21
Hundasýning á laugardag og sunnudag, kl. 9-17
Dómarar frá Danmörku, Belgíu og Írlandi

- Fallegustu hundar sýningar valdir
- Stigahæsti hundur ársins
- Virðulegir öldungar heiðraðir
- Afreks- og þjónustuhundar ársins
- Stigahæstu ungu sýnendurnir fyrir Crufts, Norðurlanda- Evrópu- og heimskeppnina krýndir
- Frábær skemmtun fyrir alla fjölskylduna
- Viðamikil starfsemi HRFÍ kynnt
- Kynning á hundategundum
- Hvolpar láta ljós sitt skína
- Sölu- og kynningabásar með tilboðum
- Gómsætar veitingar til sölu

**Sjá dagskrá á hrfi.is**

Aðgangseyrir:
Fullorðnir 500 kr. Börn yngri en 12 ára
í fylgd með fullorðnum frítt inn, annars 300 kr.

Pedigree

HUNDARÆKTARFÉLAG ÍSLANDS
4. september 1969

**VEISTU SVARIÐ?**



*1. Hvern skipaði Katrín Jakobsdóttir þjóðleikhússtjóra á miðvikudag?*

*2. Hversu mikið greiddi ríkur Ameríkani fyrir lopapeysu listamannsins Rebekku Guðleifsdóttur?*

*3. Hver er nýr þjálfari meistaraflokksliðs Selfyssinga í knattspyrnu?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 46

Bandalag háskólamanna gerir athugasemdir við launaskerðingu:

# Leiðbeiningar ekki fyrirmæli

**KJARAMÁL** Bandalag háskólamanna telur að það skorti á að forstöðumenn ríkisstofnana kanni aðrar sparnaðarleiðir en launaskerðingu. Það gerir athugasemdir við túlkun ýmissa ríkisstofnana á leiðbeiningum fjármálaráðuneytisins vegna aðhaldsaðgerða í ríkisfjármálum.

„Við erum að fá of margar meldingar um að forstöðumenn ríkisstofnana virðist líta á leiðbeiningar fjármálaráðuneytisins um aðhaldsaðgerðir sem bein fyrirmæli,“ segir Guðlaug Kristjánsdóttir, formaður Bandalags háskólamanna. „Við bendum á að það er dreifð stýring í launamálum ríkisins, þeim er ekki miðstýrt frá fjármálaráðuneytinu. Að auki eru ríkisstofnanir ólíkar og munur á hversu mikið svigrúm þær hafa til launaskerðinga. Þess vegna þyrfti að taka hverja stofnun fyrir sig, meta svigrúm hennar og hanna aðgerðir út frá því í samræmi við leiðbeiningarnar. Í staðinn virðast leiðbeiningarnar túlkaðar sem bein fyrirmæli. Stofnun sem telur að kjaraskerðing starfsmanna sé nauðsynleg verður að rökstyðja þá ályktun vandlega.“

Þá bendir Guðlaug á að í leiðbeiningum fjármálaráðuneytisins sé kveðið á um að taka skuli tillit til fyrri kjaraskerðinga. „Yfirvinnugreiðslur hjá ríkisstofnunum hafa þegar verið skertar um 20 prósent.“ - bs



**GUÐLAUG KRISTJÁNSDÓTTIR** Yfirvinnugreiðslur hjá ríkisstofnunum hafa þegar verið skertar.

Upprættu hóp barnaníðinga:

## Lögregla leitar í sjö löndum

**AUSTURRÍKI, AP** **Alþjóðleg lögreglurannsókn leiddi á miðvikudag til handtöku 22 einstaklinga sem grunaðir eru um tengsl við alþjóðlegan hring þýskumælandi barnaníðinga. Alls eru 136 til viðbótar grunaðir um að tengjast hópnum, þar af 121 í Þýskalandi.**

**Leitað var á heimilum 178 einstaklinga í sjö löndum. Hinir handteknu voru í Austurríki, Kanada, Þýskalandi, Bandaríkjunum, Spáni og Sviss.**

**Einhverjir hinna handteknu eru grunaðir um framleiðslu á efni sem sýnir ofbeldi gegn börnum. Allir eru sakaðir um dreifingu á slíku efni.** - bj

Ársþing Verkamannaflokksins:

## Brown kynnir kosningaloforð

**BRETLAND, AP** Gordon Brown, forsætisráðherra Breta, kynnti í gær, á lokadegi flokksþings Verkamannaflokksins, helstu kosningaloforð stjórnar sinnar. Meðal annars lofaði hann að hafa hemil á óhófi í fjármálageiranum og breyta fyrirkomulagi þingkosninga.



**GORDON BROWN**

Flest bendir til þess að Verkamannaflokkurinn tapi miklu fylgi í þingkosningunum, sem boða verður til ekki síðar en í júní á næsta ári.

Íhaldsflokkurinn hefur verið ofan á í skoðanakönnunum í meira en ár. - gb

**DÓMSMÁL**

### Stakk mann í síðuna

Karlmaður á fertugsaldri hefur verið ákærður fyrir sérstaklega lífshættulega líkamsárás. Honum er gefið að sök að hafa stungið mann í síðuna þannig að fórnarlambið fékk langan og djúpan skurð. Atvikið átti sér stað í Bankastræti í nóvember á síðasta ári. Þá reyndist árásarmaðurinn vera með tíu e-töflur á sér þegar hann var færður í fangamóttöku á lögreglustöðinni við Hverfisgötu eftir árásina.

# Grunur um brot hjá bönkum

**Fulltrúar sérstaks saksóknara fóru inn í endurskoðunarfyrirtækin KPMG og PricewaterhouseCoopers í gær og öfluðu gagna. Leitirnar tengjast rannsókn á fjölmörgum ætluðum lögbrotum stóru bankanna þriggja.**

**LÖGREGLUMÁL** Sérstakur saksóknari leitaði gagna á skrifstofum endurskoðunarfyrirtækjanna KPMG og PricewaterhouseCoopers í allan gærdag. Húsleitirnar voru gerðar vegna rökstudds gruns um fjölmörg lögbrot stóru bankanna þriggja, sem endurskoðunarfyrirtækin þjónustuðu.

„Þetta er mjög umfangsmikil gagnaöflun,“ segir Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari.

Alls tóku 22 þátt í aðgerðunum, sem fram fóru í höfuðstöðvum beggja fyrirtækjanna samtímis. Farið var inn klukkan tíu í gærmorgun og öllum vinnudeginum varið á vettvangi. Embætti sérstaks saksóknara naut liðsinnis lögreglumanna frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu og sex erlendra sérfræðinga á sviði endurskoðunar, þriggja frá Frakklandi og þriggja frá Noregi.

Að sögn Ólafs Þórs er ekki grunur um lögbrot endurskoðunarfyrirtækjanna sjálfra að svo stöddu. Hann útilokar þó ekki að við skoðun gagnanna kunni eitthvað fleira en meint brot bankanna að koma í ljós.

Endurskoðunarfyrirtækin þjónustu sem áður segir bankana þrjá, Landsbankinn og Glitnir voru hjá PricewaterhouseCoopers og Kaupþing hjá KPMG. Gögnin sem lagt var hald á í gær tengdust að mestu endurskoðun ársreikninga bankanna.

Grunur er um að bankarnir hafi framið ýmis lögbrot að sögn Ólafs, meðal annars skjalabrot, auðgunarbrot, brot á lögum um bókhald og ársreikninga, brot gegn lögum um fjármálafyrirtæki og verðbréfaviðskipti og loks brot gegn hlutafélagalögum.

Til grundvallar húsleitunum í gærmorgun lá meðal annars athugun fransks endurskoðanda á ársreikningum bankanna.

stigur@frettabladid.is

**MUNU AÐSTOÐA VIÐ RANNSÓKNINA**

Í tilkynningum sem endurskoðunarfyrirtækin PricewaterhouseCoopers og KPMG sendu frá sér er tekið fram að rannsókn sérstaks saksóknara snúi að bönkunum en ekki endurskoðunarfyrirtækjunum sjálfum.

Enn fremur segir í tilkynningunum að áhersla sé lögð á að vinna sem best með embætti sérstaks saksóknara, veita starfsmönnum þess allar umbeðnar upplýsingar og gögn og aðstoða þá eftir föngum.




**KPMG** Farið var inn í höfuðstöðvar KPMG við Borgartún og hjá PricewaterhouseCoopers í Skógarhlíð. FRÉTTABLAÐIÐ / HARI








**HÖNNUÐIR** Alls fengu átta hönnuðir samtals tíu milljónir króna í styrki vegna verkefna sem þeir hafa unnið að. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hönnunarsjóður Auroru úthlutaði styrkjum:

## Hanna tískufatnað, leikföng og duftker

**MENNING** Hönnunarsjóður Auroru úthlutaði í gær alls tíu milljónum króna til átta íslenskra hönnuða sem meðal annars hönnuðu ilmvatn, föt og barnaleikföng.

Meðal þeirra sem fengu styrki eru Andrea Maack, sem hefur hannað ilmvatnstegundir upp úr listaverkum sínum, og Bóas Kristjánsson, sem kynnti fyrstu fatalínu sína í París í sumar. Þá fékk Charlie Strand styrk til að fullvinna bók um íslenska fatahönnuði.

Guðrún Lilja Gunnlaugsdóttir fékk styrk fyrir hönnun á duftkerum og Snæbjörn Stefánsson fékk styrk til að hanna barnaleikföng. Þá fékk Sonja Bent fatahönnuður styrk til að taka þátt í sýningu í New York.

Í tilkynningu Auroru segir að áhersla hafi verið lögð á að styðja hönnuði sem hafi skarað fram úr í hönnun, faglegum vinnubrögðum og sköpunarkrafti. - bj

GOÐI

LAMBALÆRI Í POKA, SAGAÐ

**1.199 kr/kg**

~~1.598~~ kr/kg

25% afsláttur



# Frábært verð!

KEA

HANGIFRAMPARTUR, SAGAÐUR

**769 kr/kg**

~~1.098~~ kr/kg

30% afsláttur



40% afsláttur

KJÖTSEL

LAMBALÆRISSNEIÐAR Í RASPI LAUSFRYSTAR

**1.285 kr/kg**

~~2.141~~ kr/kg



40% afsláttur

KJÚKLINGABRINGA, SKINNLAUS

**1.649 kr/kg**

~~2.749~~ kr/kg



BUDWEISER BBQ SÓSA 2 teg.

**198 kr/stk.**

~~389~~ kr/stk.

49% afsláttur



GLOCK APPELSÍNU-, EPLA- EÐA MULTIVITAMIN SAFI 2l

**349 kr/stk.**

~~459~~ kr/stk.




KIMS FLÖGUR

30% afsláttur






FERSKUR ANANAS

**99 kr/stk.**

~~199~~ kr/stk.

50% afsláttur

40% afsláttur



FREYJA HRÍSKÖKUR M/SÚKKULAÐI

**125 kr/pk.**

~~209~~ kr/pk.

HYTOP SYKURPÚÐAR 283g

**99 kr/pk.**

~~199~~ kr/pk.

50% afsláttur






CAPRI SÚKKULAÐIBITAR 200g

**199 kr/stk.**

www.markhonnun.is

Birt með fyrirvara um prentvillur

Tilboðin gilda 1. - 4. október eða meðan birgðir endast

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**!

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

nettó

*Ódýrt fyrir heimilið!*



**MEÐ BORÐ Á BAKINU** Drengur á Filippseyjum hélt á samanbrotnu borði þar sem hann óð eðjuflóðið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Lögmaður Seðlabankans segir lögmann erlendra banka geta rýrt orðspor íslenskra dómstóla:

# Telur óábyrgt að breiða út vantraust

**DÓMSMÁL** Það er afar óábyrgt af lögmanni erlendra lánastofnana að breiða það út til sinna umbjóðenda að íslenskir dómstólar séu ekki færir um að takast á við flókin álitaefni tengd hruninu, segir Guðmundur Ingvi Sigurðsson héraðsdómslögmaður.

Þar vísar hann í viðtal við lögmann 25 erlendra lánastofnana sem stefndu ríkinu og ríkisstofnunum fyrir yfirtöku á SPRON sem birtist í Fréttablaðinu í gær. Lögmaður erlendu bankanna átaldi þar héraðsdóm fyrir að vísa málinu frá, og sagði það sýna vanmátt íslenskra dómstóla til að fást við mál tengd efnahagshruninu. Guðmundur, sem var lögmaður Seðlabankans í málinu, segir málið aldrei hafa komist á það stig að dómstóllinn hafi átt að úrskurða um þau flóknu álitaefni sem lögmaður stefnenda telji til.



**FRÁVÍSUN** Dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur vísaði á miðvikudag frá kæru erlendra lánastofnana vegna yfirtöku á SPRON. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Lög um meðferð einkamála segja fyrir um það sem koma þarf fram í stefnu. Ég benti dómara á það sem upp á vantaði og dómarinn tók undir það,“ segir Guðmundur. Málið hafi snúist um grundvallaratriði í lögfræði, ekki flókna samninga. Krafan hafi einfaldlega ekki verið rétt sett fram.

„Það er mjög óábyrgt ef lögmaður stefnenda ætlar að halda því fram gagnvart umbjóðendum sínum að dómstólar hér kunni ekki neitt í lögfræði og rýra þannig orðspor dómstóla út á við. Slíkt er ekki til að bæta ásýnd landsins,“ segir Guðmundur. Sömu fjármálastofnanir hafi lánað öðrum íslenskum bönkum, og slíkar yfirlýsingar geti því haft bein áhrif á önnur mál sem þær fjármálastofnanir séu nú að vinna.

Jóhannes Karl Sveinsson, lögmaður ríkisins og Fjármálaeftirlitsins í málinu, tekur undir þessi sjónarmið, og segir ummæli lögmanns stefnenda ómakleg og afar óvenjuleg. Hann tekur fram að hann hafi ekki krafist frávísunar, þótt það hafi verið niðurstaða dómsins. - bj

Vantraust á finnsku stjórnina:

## Vanhanen stóð af sér storminn

**FINNLAND, AP** Ríkisstjórn Finnlands stóð af sér atkvæðagreiðslu um vantrauststillögu á þjóðþingi landsins í gær.



MATTI VANHANEN

Vantrauststillagan var lögð fram af vinstriflokkum í stjórnarandstöðu vegna ásakana um að Miðflokkur Matti Vanhanen forsætisráðherra hafi ekki staðið rétt að söfnun fjárframlaga frá ungmennum og íþróttafélögum. Vanhanen hefur einnig verið sakaður um að hafa þegið byggingarefni í íbúðarhús sitt án endurgjalds.

Undanfarna mánuði hafa flestir flokkar á finnska þinginu verið gagnrýndir fyrir að hafa staðið óeðlilega að fjársöfnunum. - gb

Sex ungir menn ákærðir fyrir margvísleg afbrot:

## Unglingar stálu frá einhverfum öryrkja

**DÓMSMÁL** Sex ungir menn hafa verið ákærðir fyrir margvísleg brot, ýmist saman eða hver í sínu lagi. Meðal annars notfærði einn þeirra sér andlegan misþroska einstakling, sem er einhverfur og 75 prósent öryrki, með því að nota debetkort og pin-númer hans og taka út fjörutíu þúsund krónur. Peningunum deildi hann með sumum félaga sinna.

Annar í hópi sexmenninganna lét greipar sópa í Hagkaupum í Smáralind, þar sem hann stal meðal annars ilmvatni, brúnkukremi og minniskorti. Hann var einnig ákærður fyrir fíkniefnaakstur.

Hinn þriðji var einnig ákærður fyrir þjófnað. Meðal annars þreif hann rándýra húfu af höfði drengs í Kringlunni og hljóp með hana í burtu.

Þá eru þrír piltanna ákærðir fyrir að hafa brotist inn í samtals tólf strætisvagna og stolið úr þeim söfnunarbaukum með að minnsta kosti rúmlega 400 þúsund krónum.

Tveir piltanna eru svo ákærðir fyrir að hafa stöðvað bifreið í Hafnarfirði og misþyrmt bílstjóranum þannig að hann hlaut talsverða áverka. Piltarnir voru sextán og átján ára þegar þeir frömdu brotin. - jss



**SKRAUTSÝNING Í PEKING** Íburðurinn var gríðarlegur og þótti minna á Ólympíuleikana í fyrra. NORDICPHOTOS/AFP

# Skrautvagnar á byltingarhátíð

**Kínverjar héldu í gær upp á sextugsafmæli byltingar kommúnista með íburðarmikilli skrautsýningu á Torgi hins himneska friðar í Peking. Almenningur var hvattur til að fylgjast með í sjónvarpi.**

**KÍNA, AP** Kínverskir hermenn gengu í skrautfylkingum yfir Torg hins himneska friðar í Peking milli þess sem skriðdrekum og öðrum vígvélum var ekið um torgið. Kínverskir ráðamenn fylgdust grannt með hersýningunni, sem er sú stærsta sem Kínverjar hafa efnt til.

Tilefnið er sextíu ára byltingarafmæli kommúnistastjórnar landsins, sem náði völdum 1. október árið 1949 eftir tuttugu ára harðvítugt borgarastríð. Hver skrautvagninn á fætur öðrum birtist einnig á torginu með glæsiatriðum úr sögu byltingarinnar og kommúnistastjórnarinnar allt til Ólympíuleikanna á síðasta ári.

Íburðurinn minnti verulega á Ólympíuleikana í fyrra, fyrir utan hernaðaráhersluna.

Hu Jintao forseti klæddist hins vegar Maó-jakka í tilefni dagsins og fylgdist með sýningunni, sem í aðra röndina var greinilega ætlað að sýna fram á hvers Kínverjar eru megnugir í dag.

Miklar breytingar hafa orðið í Kína þessa sex áratugi, sem liðnir eru frá því að Mao Zedong lýsti yfir stofnun Alþýðulýðveldisins. Þá var landið eitt hið fátækasta í heimi og mátti sín lítils á alþjóðavettvangi. Nú er Kína þriðja stærsta hagkerfi heims og áhrif þess í heiminum eru sívaxandi.

> Áður fyrr gátum við tekið þátt í skrúðgöngunum eða að minnsta kostið staðið til hliðar og fylgst með.
>
> **WINSTON LIU**
> VEGFARANDI Í PEKING

Lögregluþjónar voru á hverju strái og höfðu greinilega áhyggjur af því að eitthvað færi úrskeiðis, annaðhvort að fagnaðarlætin færu úr böndum eða einhverjir tækju upp á því að mótmæla, því undir niðri kraumar óánægja í samfélaginu.

Sumir Kínverjar kvörtuðu undan því við erlenda fréttamenn að öryggisráðstafanirnar væru svo þunglamalegar að þær hefðu bitnað á þátttöku almennings í hátíðarhöldunum. Þær sýndu einnig hve stjórnin bæri lítið traust til almennings.

„Áður fyrr gátum við tekið þátt í skrúðgöngunum eða að minnsta kostið staðið til hliðar og fylgst með,“ sagði Winston Liu, maður sem sást á gangi um hliðargötur skammt frá Torgi hins himneska friðar. „Núna er þetta allt saman undir ströngu eftirliti. Sjálfsagt er það af öryggisástæðum.“

Ráðamenn hvöttu hins vegar almenning til þess að fylgjast með herlegheitunum í beinni útsendingu í sjónvarpi.

gudsteinn@frettabladid.is



*Fylgstu einng með afmælistilboðum Myllunnar í október*

50

# Myllan er 50 ára

Gómsætir afmælissnúðar fylgja heilu Heimilisbrauði í dag, 2. október og á morgun. Farðu í búðina þína og fáðu aukalega snúða með Heimilisbrauðinu.




*Fáðu aukalega mjúka snúða með heilu Heimilisbrauði*

# Fáðu afmælissnúða með Heimilsbrauðinu í dag

Myllukökur og Myllubrauð hafa verið daglegur kostur Íslendinga í hálfa öld. Í tilefni því höldum við upp á afmælið með margs konar kostaboðum í október. Fylgstu með á myllan.is. Mjúkir afmælissnúðar fylgja öllum heilum Heimilisbrauðum, bæði í dag og á morgun.

*Við höldum upp á 50 ára afmæli Myllunnar í október með margs konar kostaboðum.*

Fylgstu með á myllan.is



50 Íslenskur gæðakostur í 50 ár Myllan

**Afmælissnúðar fylgja öllum heilum Heimilsibrauðum í dag og á morgun**

**Fylgstu með afmælistilboðum Myllunnar í október**

## Íslenskur gæðakostur í 50 ár

Myllukökur og Myllubrauð eru bökuð eftir uppskriftum, sem eru í stöðugri þróun með bragðgæði, fjölbreytt úrval og hollustu að leiðarljósi. Hráefniskaupum og –notkun er hagað í samræmi við hollustustefnu Myllunnar og nýjungar þróaðar í samvinnu við matvæla- og næringarfræðinga. Okkar mikilvægasta markmið er að sjá Íslendingum fyrir hollum og góðum gæðakosti. Veldu íslenskan gæðakost Myllunnar.

www.myllan.is

ÍSLENSKT já takk!



MYLLAN

ALLTAF NÝ BAKAÐ



**GANDHI ÞVEGINN ÚR MJÓLK** Félagar í indverska stjórnmálaflokknum Congress skoluðu í gær styttu af friðarpostulanum Mahatma Gandhi í borginni Amritsar upp úr mjólk, daginn áður en Indverjar halda upp á að 140 ár eru liðin frá fæðingu hans. NORDICPHOTOS/AFP

Skýrsla Evrópusambandsins um stríðsátök Georgíu og Rússlands:

# Georgíumenn áttu upptökin

**BELGÍA, AP** Upphaf stríðs Rússlands og Georgíu á síðasta ári má rekja til árásar Georgíuhers á Suður-Ossetíu, lýðveldi innan Georgíu sem lengi hafði barist fyrir aðskilnaði frá Georgíu og sameiningu við Rússland.

Þetta er niðurstaða óháðrar nefndar á vegum Evrópusambandsins, sem skilaði frá sér skýrslu á miðvikudag.

Í skýrslunni eru Rússar síðan sakaðir um að hafa stundað hernað langt handan landamæranna inni í Georgíu. „Allt það er engan veginn hægt að telja í neinu samræmi við þá hættu sem steðjaði að rússnesk-um friðargæsluliðum í Suður-Ossetíu,“ segir í skýrslunni.



**SALOME SAMADASHVILI** Fastafulltrúi Georgíu í Brussel á blaðamannafundi þar sem skýrslan var kynnt. NORDICPHOTOS/AFP

Hefndaraðgerðir Rússa vegna árásar Georgíu fóru langt út fyrir eðlileg mörk varnarbaráttu, segir enn fremur í skýrslunni.

Salome Samadashvili, sendiherra Georgíu hjá Evrópusambandinu, segir spurninguna um það hver gerði fyrst árás ekki skipta máli ef tveggja áratuga spenna vegna aðskilnaðarbaráttu Suður-Ossetíu er ekki tekin með í myndina.

Vladimir Chizhov, sendiherra Rússlands, sagði skýrsluna ekki draga fram málstað Rússa, en í henni sé þó svarað spurningunni um hverjir áttu upptökin, sem hann segir lykilspurningu. **- gb**

Breska fjármálaeftirlitið:

# Samskipti við FME voru góð

**VIÐSKIPTI** **Breska fjármálaeftirlitið segir að samskipti sín við íslenska fjármálaeftirlitið hafi verið afar góð í aðdraganda efnahagshrunsins.**

**Þetta kemur fram á viðskiptasíðunni Complinet, en hún hafði birt ummæli Gunnars Andersen, forstjóra FME, um að betri samskipti eftirlitsstofnana hefðu getað komið í veg fyrir ýmis vandamál í kringum Kaupthing Singer & Friedlander.**

**Í fréttinni kemur einnig fram að spenna sé nú í samskiptum fjármálaeftirlitanna, ekki síst vegna málaferla skilanefndar Kaupþings gegn breska ríkinu. - kóþ**



**LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ** hefur tekið saman fjölda fóstureyðinga á síðasta ári.

Talnabrunnur landlæknis:

# Fóstureyðingum fjölgar

**HEILBRIGÐISMÁL** Samtals voru framkvæmdar 955 fóstureyðingar hjá konum með lögheimili á Íslandi á síðasta ári. Eru þær nokkru fleiri heldur en undanfarin ár.

Þetta kemur fram í nýjum Talnabrunni, fréttabréfi landlæknis.

Sem fyrr er algengast að konur á aldrinum 20 til 24 ára gangist undir fóstureyðingu. Tæplega 25 prósent allra fóstureyðinga í fyrra voru hjá konum í þeim aldurshópi. Næstfjölmennasti aldurshópurinn var 25 til 29 ára með 23 prósent framkvæmdra fóstureyðinga. **- jss**

**FINNLAND**

## Olli Rehn situr áfram

Finnska stjórnin hefur tilnefnt Olli Rehn, stækkunarstjóra Evrópusambandsins, sem fulltrúa sinn í framkvæmdastjórn sambandsins næsta kjörtímabil. Rehn hefur verið fulltrúi Finna í stjórninni síðan 2004.

# Hægara sagt en gert að loka fyrir persónuníð á netinu

**Sú leið sem Persónuvernd leggur til að farin verði til að loka fyrir aðgang að vefsíðum sem birta persónuníð mun litlu breyta. Ráðherra telur samt til þess vinnandi að senda slíkar síður niður í undirdjúpin.**

**PERSÓNUVERND** Hugmynd Persónuverndar um lagabreytingu til að loka fyrir aðgang íslenskra netnotenda að síðum sem innihalda persónulegt níð myndi litlu breyta fyrir síður sem sérhæfa sig í birtingu slíkra upplýsinga. Þetta fullyrða sérfræðingar í tölvumálum sem Fréttablaðið hefur rætt við.

Persónuvernd sendi dómsmálaráðherra nýlega bréf þar sem lagt er til að lögum verði breytt til að taka á vefsíðum sem birta persónulegar upplýsingar þvert gegn vilja fólks. Lagt var til að dómstólar fengju heimildir til að láta fjarskiptafyrirtæki loka á vefsíður sem brytu gegn friðhelgi einkalífsins.

Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra tók vel í hugmynd Persónuverndar og óskaði eftir því að réttarfarsnefnd fjallaði um málið.

Sérfræðingar í tölvumálum segja slíkar lokanir í raun litlu skipta fyrir vefsíður sem geri út á birtingu slíkra upplýsinga. Auðvelt sé að komast í kringum slíkar lokanir, og í raun sé það á færi flestra netnotenda. Fréttablaðið hefur staðreynt að með því að nota leitarvélina Google má auðveldlega finna nokkrar leiðir til að komast inn á lokaðar síður.

Íslensku fjarskiptafyrirtækin lokuðu nýverið fyrir aðgang íslenskra netnotenda að vefsíðunni ringulreid.org, og var sú aðgerðafræði sem beitt var að nokkru leyti kveikjan að hugmynd Persónuverndar. Á síðunni hafa ítrekað verið birtar myndir af fáklæddum íslenskum ungmennum og persónulegar upplýsingar um viðkomandi, sem notendur síðunnar setja inn.

Fréttablaðið hefur staðreynt að þrátt fyrir að lokað eigi að vera fyrir aðgengi að síðunni frá Íslandi er hún enn starfandi og hægt að komast inn á hana frá Íslandi í gegnum krókaleiðir.

Ringulreid.org er einkum notuð af ungu fólki og telja sérfræðingar fullvíst að flestir sem hafi á annað borð áhuga á því efni sem síðan birti geti komist þar inn.

Ragna segist í samtali við Fréttablaðið hafa fengið ábendingar um þetta eftir umfjöllun Fréttablaðsins. Henni hafi verið tjáð að ómögulegt sé að setja lög um þetta sem taki alfarið fyrir að íslenskir netnotendur hafi aðgang að síðum sem brjóti íslensk lög.

„En er ekki til þess vinnandi að senda þessar síður í undirdjúpin, frekar en að hægt sé að slá þeim upp? Menn verða þá að hafa fyrir því að komast að þessu,“ segir Ragna. „Það hlýtur að vera til einhver leið.“ **brjann@frettabladid.is**





**NETIÐ** Íslenskir netnotendur geta komist í kringum lokun íslenskra fjarskiptafyrirtækja á ákveðnum vefsíðum. Einfalt er að finna upplýsingar um slíkt með leitarvél á borð við Google. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM









**HNAKKAR** Fólkið stal tugum dýrra hnakka.

Karl og þrjár konur ákærð fyrir ítrekuð innbrot í hesthús:

# Stálu tugum verðmætra hnakka og komu í verð

**DÓMSMÁL** Karlmaður og þrjár konur hafa verið ákærð fyrir að brjótast inn í allmörg hesthús á höfuðborgarsvæðinu. Þar stálu þau tugum hnakka og tókst að selja nokkurn hluta þýfisins.

Tvær kvennanna sem hlut eiga að máli eru innan við tvítugt. Þriðja konan og maðurinn eru á þrítugsaldri.

Ljóst er af ákærunum að fólkið hefur nær einungis tekið mjög verðmæta hnakka úr hesthúsunum sem það braust inn í. Hluta þeirra seldi það svo í eins konar farandsölu. Andvirðið var oftar en ekki lagt inn á reikning karlmannsins. Fólkið stal ekki einungis hnökkum heldur einnig öðrum verðmætum viðkomandi hestamennsku, svo sem beislum, járningaráhöldum, spónum og fleiru þess eðlis. Þá greip það með sér áfengi þar sem það var að hafa, svo sem bjór og koníak. Þá hafði það í einu hesthúsinu rándýr hljómflutningstæki upp úr krafsinu.

Ljóst er að verðmæti þýfisins sem hnakkaþjófarnir nældu sér í í innbrotunum hleypur á mörgum milljónum króna.

Auk þess sem ákæruvaldið krefst þess að fólkið sé dæmt til refsingar er sumt þess krafið um skaðabætur. **- jss**


DORMA
– býður góða nótt
Verð: Ódýrt • Gæði: Góð
Holtagörðum
Opnum á morgun
Kl. 10:00


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
NÝSLÁTRUN HAUST 2009
1189
K.S FERSK LAMBLÆRI AF NÝSLÁTRUÐU
MERKT VERÐ 1398 KR./KG. 15% AFSLÁTTUR 1189 kr./kg.
NÝSLÁTRUN HAUST 2009
ÍSLANDS LAMB
798
798 KR./KG.
NIÐURSAGAÐUR 1/2 LAMBSSKROKKUR Í POKA
479
KJÖRFUGL FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
MERKT VERÐ 598 KR.KG. 20% AFSLÁTTUR 479 kr.kg.
898
NAUTAVEISLU FERSKT NAUTAHAKK
898 kr.kg.
498
NAUTAVEISLU FERSKIR NAUTABORGARAR
4 stk m/brauði 498 kr.
BÓNUS Kjúklingur Bringur
1498
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
MERKT VERÐ 1998 KR.KG. 25% AFSLÁTTUR 1498 kr.kg.
Ali
398
ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR
398 kr.kg.
998
ÍSLANDSGRÍS BEIKON Í SNEIÐUM 998 kr.kg.
KJARNAFÆÐI
898
K.F KOFAREYKTUR HANGIFRAMPARTUR M/BEINI 898 kr.kg.
NORÐLENSKT KOFAREYKT HANGIKJÖT
1598
K.F KOFAREYKTUR ÚRB. HANGIFRAMPARTUR
1598 kr.kg.
TILBOÐ KJARNAFÆÐI KJÖTFARS
398
K.F NÝTT KJÖTFARS
398 kr.kg.
+25g EXTRA
Pringles
298
PRINGLES XXL 159g
298 kr.
198
INNMATUR FROSINN
- LAMBAHJÖRTU - LAMBALIFUR 198 kr./kg.
1398
DANSKAR GRÍSALUNDIR
frystivara 1398 kr.kg.
Spa
með
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10:00 TIL 19:30.


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
20 ára BÓNUS 1989 - 2009
698
ALI FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR 698 kr.kg.
1998
ALI FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR 1998 kr.kg.
NÝSLÁTRUN HAUST 2009
598
K.S FROSIÐ LAMBASÚPUKJÖT
1.FLOKKUR 598 kr.kg.
NÝSLÁTRUN HAUST 2009
2998
K.S FERSKT LAMBAFILLET
Nýslátrað 2009 2998 kr.kg.
NÝSLÁTRUN HAUST 2009
1998
K.S FERSKT LAMBAPRIME Nýslátrað 2009
1998 kr.kg.
198
BÓNUS KLEINUHRINGIR 2 STK
súkkulaði og karamellu 198 kr.
RYVITA
139
RYVITA HRÖKKBRAUÐ tvær teg. 250g 139 kr.
GRÆNN ASPAS HEILL
298
Póló
159
159 kr. 2 ltr.
BÓNUS PÓLÓ 2 ltr. 159 kr.
Þetta gamla góða Póló
298
MYLLU VÍNARTERTA 298 kr.
LIGHT BEER
THULE
FROM PURE ICELANDIC WATER
69
69 kr. 1/2 ltr.
THULE LÉTTÖL ½ ltr.
69 kr.
HEIL JARÐARBER
198
HEIMA JARÐARBER
Í DÓS 820g 198 kr.
GRÆNN ASPAS Í BITUM
159
HEIMA ASPAS SKORINN
282g 159 kr
ASPAS HEILL 425g
298 kr.
BÓNUS
50%
KJARNABRAUÐ
159
BÓNUS KJARNABRAUÐ 500g
159 kr.
189
DOLE APPELSÍNUR Í LAUSU
189 kr.kg.
198
PERUR PAKKAÐAR 1000g 198 kr.
79
HVÍTLAUKUR FLYSJAÐUR
100g 79 kr.
raðu
Bónus
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10:00 TIL 19:30.

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**Fjöldi viðskipta:** 26 **Velta:** 109 milljónir

**OMX ÍSLAND 6**
805 **-0,59%**

MESTA HÆKKUN
**MAREL FOOD SYST.** 2,86%

MESTA LÆKKUN
**NÝHERJI** 4,76%
**FØROYA BANKI** 3,47%

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 4,50 +0,00% ... Atlantic Airways 145,00 +0,00% ... Atlantic Petroleum 328,00 +0,00% ... Bakkavör 1,75 +0,00% ... Eik Banki 90,00 +0,00 ... Føroya Banki 139,00 -3,47% ... Icelandair Group 2,40 +0,00% ... Marel Food Systems 64,70 +2,86% ... Nýherji 10,00 -4,76% ... Össur 122,50 +0,00%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Ríkið tilbúið fyrir harðan vetur

„Halli á fjárlögum er meiri en áætlað var í sumar. Því sýnist manni sem ríkissjóður sjái fram á meiri fjárþörf en áður var ráðgert,“ segir Jón Bjarki Bentsson, sérfræðingur hjá Greiningu Íslandsbanka.

Gert var ráð fyrir 152 milljarða króna halla á fjárlögum á þessu ári. Í fjárlögum sem lögð voru fram í gær er hins vegar reiknað með 182,3 milljarða halla á þessu ári og 87,4 milljarða halla á næsta ári.



Lánasýsla ríkisins greindi frá því á þriðjudag að eftirspurn eftir óverðtryggðum ríkisbréfum hafi verið meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir og hafi ársáætlun upp á 145 milljarða króna útgáfu verið náð í ágúst. Því sé stefnt að allt að sextíu milljarða króna ríkisbréfaútgáfu á árinu til viðbótar.

Erlendir fjárfestar hafa öðrum fremur fjárfest í ríkisbréfum sem þessum og eiga nú rétt rúman helming þeirra. Helst hafa þeir sótt í ríkisbréf til skemmri tíma sem bera á bilinu 7,15 til 8,5 prósenta vexti.

Innstæður ríkissjóðs hjá Seðlabankanum vegna útgáfu ríkisbréfa námu í ágústlok tæpum 203 milljörðum króna. Vextir á innlánsreikningum Seðlabankans eru 9,5 prósent og hefur ríkissjóður því 1,0 til 2,3 prósenta vaxtatekjur af innstæðunni.

Jón Bjarki bendir að innstæðan endurspegli lausafjárstöðu ríkissjóðs. Ljóst sé að ríkið hafi undirbúið sig ágætlega fyrir erfiðan vetur með útgáfu ríkisbréfa og gefi það stjórnvöldum svigrúm til að mæta hallarekstri ef í harðbakka slær. **- jab**



**STJÓRNARRÁÐIÐ** Ríkissjóður átti 203 milljarða króna í Seðlabankanum í ágústlok sem nýtist til að mæta hallarekstri. Upphæðin ber 9,5 prósenta vexti. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Þeir auðugustu ekki eins ríkir og í fyrra

Bill Gates, annar stofnenda bandaríska hugbúnaðarrisans Microsoft, er ríkasti maður Bandaríkjanna, samkvæmt samantekt bandaríska tímaritsins Forbes yfir fjögur hundruð auðugustu einstaklinga landsins.

Tímaritinu reiknast til að auður Gates nemi fimmtíu milljörðum dala, jafnvirði 6.200 milljarða íslenskra króna. Þetta er sjö milljörðum dölum minna en fyrir ári. Svipuðu máli gegnir um flesta sem skipa lista Forbes.

Heildarauður ríkustu einstaklinga Bandaríkjanna er talinn nema 1.270 milljörðum dala og er það fjórtán prósentum lægra en í fyrra. Það jafngildir engu að síður 3,1 milljarði dala á hvern, jafnvirði um 390 milljörðum króna á mann.

Öldungurinn Warren Buffett er í öðru sæti. Auður hans er metinn á fjörutíu milljarða dala sem er tíu milljörðum minna en í fyrra og skýrist af gengisfalli hlutabréfa í Berkshire Hathaway, fjárfestingarfélagi Buffetts.

Í þriðja sæti er Larry Ellison, stofnandi hugbúnaðarfyrirtækisins Oracle.

Erfingjar Wal-Mart-veldisins eru í næstu fjórum sætum. Auðugust er tengdadóttir Sams Walton, stofnanda verslunarinnar. Á hæla hennar fylgja synir og dóttir Sams.

Michael Bloomberg, borgarstjóri New York-borgar, er í áttunda sætinu en bræðurnir Charles og David Koch skipa 9. og 10. sæti listans. **- jab**

# AGS sér til sólar eftir kreppu

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) spáir 8,5 prósenta efnahagssamdrætti hér á þessu ári. Þetta kemur fram í árshlutaskýrslu sjóðsins um horfur í heimsbúskapnum sem kom út í gær.

Nokkurrar bjartsýni gætir almennt í spánni samanborið við aprílspá sjóðsins. Þar var meðal annars gert ráð fyrir 1,4 prósenta samdrætti í heimsbúskapnum, þar af 9,6 prósenta samdrætti hér. Nú er hins vegar gert ráð fyrir 1,1 prósents samdrætti að meðaltali.

Í skýrslunni segir að með víðtæku samstilltu átaki stjórnvalda víða um heim hafi tekist að draga úr samdrætti og alvarlegri áhættufælni á fjármálamörkuðum. AGS leggur áherslu á að efnahagsbatinn verði hægur, ekki síst þar sem fjármálamarkaðir megi við litlu. Þá verði stjórnvöld að losa um tak sitt á búskap landanna í áföngum.

Greining Íslandsbanka bendir á að bjartsýni AGS hvað Ísland varði skýrist að hluta af því að samdráttur í þjóðarbúskapnum sé að færast aftar í tímann og yfir á næsta ár. Þannig megi reikna með 2,0 prósenta samdrætti á næsta ári í stað 0,2 prósenta. Sökum þess reikni sjóðurinn með því að atvinnuleysið aukist frekar, verði 8,6 prósent í ár og 10,5 prósent á næsta ári. **- jab**



**FRAMKVÆMDASTJÓRINN** Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn segir vísbendingar um bata í heimsbúskapnum. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP





**Málþing fyrir frumkvöðla í Iðnó**

Dómnefnd í hugmyndasamkeppninni Start09 vinnur nú hörðum höndum að því að velja vinningshugmyndirnar úr þeim mikla fjölda sem barst í keppnina. Úrslitin verða kynnt á hugmyndafundi sem haldinn verður í Iðnó, mánudaginn 5. okt. kl. 16:00. Húsið opnar kl. 15:30.

Á fundinum mun bandaríski frumkvöðullinn Jeff Taylor miðla af reynslu sinni og leiða almennar umræður um hugmyndir og umbreytingu þeirra í fyrirtæki. Einnig býðst höfundum valinna hugmynda í samkeppninni tækifæri til að kynna þær stuttlega og þróa með hjálp Jeff Taylor, Guðmundar Odds Magnússonar, Guðjóns Más Guðjónssonar og fundargesta.

**Allir eru velkomnir á fundinn. Skráðu þig á skraning@n1.is**



Jeff Taylor er þekktur bandarískur frumkvöðull, vinsæll fyrirlesari um allan heim og höfundur metsölubóka. Hann er þekktastur fyrir að hafa stofnað vinnumiðlunarvefinn Monster.com sem er nú starfandi í meira en 30 löndum.

**www.n1.is/start**

Start09 N1



**SPARISJÓÐUR MÝRASÝSLU** SPM tapaði rúmum 21 milljarði króna í fyrra og leitar nú nauðasamninga.

## SPM leitar nauðasamninga

Héraðsdómur Vesturlands veitti í gær Sparisjóði Mýrasýslu heimild til að leita nauðasamninga. Garðar Garðarsson hæstaréttarlögmaður var skipaður umsjónarmaður með samningsumleitunum sparisjóðsins.

Sparisjóðurinn tapaði 21,2 milljörðum króna í fyrra, eigið fé hans var neikvætt um 15,1 milljarð og eiginfjárhlutfallið neikvætt um 32,1 prósent, en það má ekki verið lægra en átta prósent samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki. Sparisjóðurinn fékk greiðslustöðvun í apríllok. - jab



**ÞJÓÐVERJAR Í ATVINNULEIT** Atvinnuleysi innan evrusvæðisins hefur ekki verið meira í rúm tíu ár, eða síðan í mars 1999. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Atvinnuleysi eykst innan ESB

Atvinnuleysi jókst um 0,1 prósentustig og mældist 9,1 prósent innan Evrópusambandsins í ágúst, samkvæmt upplýsingum Eurostat, hagstofu ESB. Það var 7,0 prósent fyrir ári. Þá mælist atvinnuleysi 9,6 prósent innan evrusvæðisins en það hefur ekki verið meira síðan í mars árið 1999. Til samanburðar var atvinnuleysi hér 7,7 prósent.

Þetta jafngildir því að tæplega 22 milljónir manna hafi mælt göturnar innan aðildarríkja ESB í ágúst.

Reuters-fréttastofan hefur eftir Howard Archer, yfirhagfræðingi hjá IHS Global Insight, að atvinnuleysi á evrusvæðinu hafi enn ekki náð hámarki. Það kunni að hægja á mögulegum efnahagsbata innan aðildarríkja sambandsins.

Mest er atvinnuleysið á Spáni, eða 18,9 prósent. Það er tæplega tvöfalt meira en fyrir ári. Mesta aukningin er hins vegar í Lettlandi en þar fór atvinnuleysi úr 7,4 prósentum í 18,3 prósent. Fæstir voru hins vegar án atvinnu í ágúst í Hollandi, eða 3,5 prósent landsmanna. - jab

ENNEMM / SÍA / NM39283

# Þú færð meira fyrir Aukakrónur

Þú safnar Aukakrónum þegar þú notar A-kortið þitt og fyrir þær getur þú keypt allt mögulegt sem þig vantar eða langar í hjá samstarfsaðilum Aukakróna.

Sæktu um A-kort á **aukakronur.is**



**A-kortin**
Kreditkort sem safna Aukakrónum fyrir þig




* Á myndunum sérðu hvað þú gætir keypt hjá samstarfsaðilum Aukakróna m.v. 150 þúsund kr. innlenda verslun á mánuði, þ.a. 1/3 hjá samstarfsaðilum. Sjá nánar á aukakronur.is. NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-2080.

**AUKAKRÓNUR** | landsbankinn.is | 410 4000

Landsbankinn



# TÆLAND

Verð frá **149.990 kr.**
flug á mann, fram og til baka með flugvallarsköttum

**Ferð.is** býður upp á ferðir til Tælands, **alla daga – allt árið**, á frábæru verði.

**Gistimöguleikar:** Bjóðum upp á gistingu á besta stað í Bangkok, **Hua Hin og Phuket**. Nóttin frá 5.000 kr. á mann í tvíbýli á 4 stjörnu hóteli. Fjölmargir aðrir gistimöguleikar í boði.

Sjá nánar á **www.FERD.is**

FERD.IS
Út í heim með Ferð.is

ÍSLENSKA SIA.IS VIT 47387 09/09

**FJÁRLAGAFRUMVARPIÐ 2010:** Niðurskurður og aukin skattheimta

# Auka skatttekjur um 72 milljarða

**Fjárlagafrumvarp næsta árs gerir ráð fyrir 43 milljarða króna niðurskurði miðað við í ár og að skatttekjur aukist um 72 milljarða. Hallinn verður samt 87 milljarðar. Áætlað er að jafnvægi náist árið 2013. Fjármálaráðherra segir að byrjað verði strax að minnka skuldir.**

„Ríkissjóður, að sjálfsögðu, þarf að standa áföllin af sér og geta um leið haldið upp nauðsynlegri velferðar- og samfélagsþjónustu. Þetta er erfitt en verður að takast," sagði Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra sem kynnti fjárlagafrumvarp næsta árs í gær.

Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að skatttekjur ríkisins frá þessu ári aukist um 72,3 milljarða króna. Að sögn Steingríms verður að mestu leyti um að ræða hækkun vegna beinna skatta. Þar af vegur mest að 37 milljarðar bætast við skatta á einstaklinga sem alls er ætlað að greiða hátt í 144 milljarða á næsta ári.

Fjármálaráðherra boðaði einnig hækkun á ýmsum óbeinum sköttum á borð við bensíngjald og áfengisgjald sem hækka á um 10 prósent. Nýjar breytingar á óbeinum sköttum eiga að skila um 8 milljörðum aukalega. „Það er farið mjög vægilega í óbeinu skattana. Það er gert meðal annars vegna verðlagsáhrifanna," sagði ráðherrann á kynningarfundi í Þjóðminjasafninu fyrir hádegi í gær.

## Nýir skattstofnar

Þá verða innleiddir nýir skattstofnar sem lúta að orkunotkun, umhverfismálum og auðlindum. Samkvæmt greinargerð með frumvarpinu eiga þessir liðir að skila samtals 16 milljörðum króna á næsta ári, fyrst og fremst vegna skatts á rafmagnsnotkun. Skattur á notkun jarðvarma verður síðan lagður á í áföngum. „Hér er um að mjög breiða og stóra skattstofna að ræða því þarna er andlagið allt þetta svið: orkusala, kolefnislosun, umhverfis- og ferðaþjónustutengd gjaldataka," sagði fjármálaráðherra.

Steingrímur sagði mikilvægt að byrja strax á því að grynnka skuldabyrðina og hindra að hún aukist með hallarekstri. Þannig mætti í framhaldinu létta á mikilli vaxtabyrði sem væri þegar orðin tilfinnanleg vegna skuldanna sem hrunið hefði hlaðið á ríkissjóð. „Þessi mikli vaxtakostnaður, sem í ár stefnir yfir 100 milljarða króna, ryður að sjálfsögðu öðrum hlutum út úr fjárlögum ríkisins," útskýrði fjármálaráðherra. Hann sagði ramma frumvarpsins taka mið af samstarfsáætluninni við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON „Ég hafði engin völd í þeim efnum," sagði fjármálaráðherra sem við upphaf blaðamannafundar í gær tók sérstaklega fram að hann hafi ekki ráðið því að fjárlagafrumvarp næsta árs er bundið inn í ljósbláa kápu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Skera á útgjöld niður um 43 milljarða frá því sem áætlað er að þau verði í ár. „Almenn þjónusta, heilbrigðismál og alveg sérstaklega samgöngumál dragast þarna náttúrlega mikið saman, menningar- og kirkjumál eitthvað," sagði fjármálaráðherra þegar hann útlistaði hvar aðhaldsaðgerðir myndu koma harðast niður.

Eins og Steingrímur sagði verður niðurskurðurinn mestur í samgöngumálum. Þar eiga útgjöldin að dragast saman um 12,6 milljarða króna, úr 38,2 milljörðum í 25,6 milljarða á næsta ári. Útgjöld til heilbrigðismála verða lækkuð um 7,7 milljarða og verða 113 milljarðar króna – sem er reyndar einum milljarði meira en ríkið varði í þennan málaflokk á árinu 2008. „Það er langharðast gengið fram í viðhalds- og stofnkostnaðarliðum og munar þar mestu um samdrátt í framkvæmdum á sviði vegamála," sagði ráðherrann.

## Þarf að byrja strax

Í heild munu tekjur ríkissjóðs verða 468 milljarðar og útgjöldin 546 milljarðar á næsta ári. Mismunurinn er 87 milljarðar í mínus. Að sögn fjármálaráðherra er þetta þó 95 milljarða króna bati frá þessu ári þegar áætlað er að halli ríkisins verði yfir 180 milljarðar. Markmiðið er að ná afgangi af ríkissjóði á árinu 2013.

Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu verða skuldir ríkissjóðs á næsta ári 1.755 milljarðar. Á móti koma 803 milljarða króna kröfur sem ríkið á aðra og 127 milljarða peningaleg eign ríkissjóð. Nettóskuldir munu þannig nema 824 milljörðum króna. „Það er mikilvægt að byrja strax á því að grynnka skuldabyrðina, og draga að sjálfsögðu úr því að hún aukist með hallarekstri til þess að létta svo í framhaldinu á mikilli vaxtabyrði," sagði Steingrímur.

gar@frettabladid.is

**FJÁRLAGAFRUMVARP 2010** HEIMILD: FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ
**tekjur ríkissjóðs**

| Rekstrargrunnur, m.kr. | Reikningur 2007 | Reikningur 2008 | Áætlun 2009 | Frumvarp 2010 |
|---|---|---|---|---|
| Skatttekjur | 408.997 | 412.889 | 350.564 | 422.887 |
| Skattar á tekjur einstaklinga | 114.466 | 133.045 | 106.700 | 143.500 |
| Skattar á tekjur lögaðila | 36.584 | 32.904 | 14.300 | 13.500 |
| Tryggingagjöld | 38.902 | 40.834 | 40.749 | 47.512 |
| Eignarskattar | 11.956 | 7.436 | 4.675 | 4.432 |
| Virðisaukaskattur | 137.710 | 134.216 | 115.800 | 125.200 |
| Aðrir skattar á vörur og þj. | 63.022 | 56.737 | 54.767 | 76.261 |
| Skattar ótaldir annars staðar | 6.358 | 7.718 | 13.572 | 12.483 |
| Aðrar rekstrartekjur | 39.555 | 54.668 | 53.803 | 43.277 |
| Tekjur samtals | 486.129 | 471.884 | 406.910 | 468.245 |
| Gjöld samtals* | 397.522 | 687.862 | 589.181 | 555.603 |
| Heildarjöfnuður | 88.607 | -215.978 | -182.270 | -87.358 |

*Í skiptingu gjalda á milli ráðuneyta hefur ekki verið leiðrétt fyrir breyttri verkaskiptingu Stjórnarráðsins árið 2010.

**FJÁRLAGAFRUMVARP 2010** HEIMILD: FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ
**skipting útgjalda eftir málaflokkum**

| Rekstrargrunnur, m.kr. | Reikningur 2007 | Reikningur 2008 | Áætlun 2009 | Frumvarp 2010 |
|---|---|---|---|---|
| Almenn opinber þjónusta | 22.548 | 25.240 | 28.853 | 26.482 |
| Löggæsla og öryggismál | 17.495 | 21.646 | 24.016 | 20.500 |
| Fræðslumál | 38.059 | 43.471 | 46.172 | 46.604 |
| Heilbrigðismál | 97.994 | 112.143 | 120.770 | 113.015 |
| Almannatryggingar og velferðarmál | 81.169 | 96.477 | 132.180 | 131.048 |
| Húsnæðis-, skipulags- og hreinsunarmál | 5.397 | 5.655 | 5.976 | 4.728 |
| Menningar- og kirkjumál | 15.335 | 16.328 | 16.528 | 15.008 |
| Eldsneytis- og orkumál | 2.285 | 2.795 | 2.788 | 2.633 |
| Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál | 16.757 | 18.597 | 19.128 | 18.719 |
| Iðnaðarmál | 1.681 | 2.021 | 2.215 | 2.080 |
| Samgöngumál | 26.391 | 38.078 | 38.200 | 25.573 |
| Önnur útgjöld vegna atvinnuvega | 6.227 | 8.574 | 11.940 | 11.554 |
| Önnur útgjöld ríkissjóðs | 66.185 | 296.839 | 140.415 | 137.660 |
| Samtals | 397.522 | 687.862 | 589.181 | 555.603 |


**Knut Hamsun - mikilvægur og umdeildur.**

Málþing og kvikmyndasýning í Norræna húsinu 3-4. október 2009.

Bókmennta- og listfræðistofnun Háskóla Íslands og Norska sendiráðið standa fyrir kvikmyndasýningu og málþingi um Knut Hamsun, helgina 3.-4.október, í tilefni af 150 ára afmæli hans. Á laugardaginn verða sýndar tvær kvikmyndir í Norræna húsinu byggðar á sögum Hamsuns en það eru Markens grøde (kl. 15.00) og Pan (kl.17.00).

Á sunnudaginn verður málþing um Knut Hamsun og verk hans.

**Dagskráin er sem hér segir:**

**13.30-14.20** Even Arntzen, førsteamanuensis, Tromsø Universitet: Innenfor men utenfor. Vandrerfiguren i Knut Hamsuns diktning. / Inni en þó utan við. Flakkarinn í skáldskap Knut Hamsun.

**14.30-15.00** Helga Kress, prófessor, Háskóla Íslands: Karlmennska í kreppu: Uppspretta frásagnar í Pan eftir Knut Hamsun.

**15.00-15.30** Gunnþórunn Guðmundsdóttir, dósent, Háskóla Íslands: Elli en ekki sekt: Um Grónar götur Knuts Hamsuns.

**16.00-16.30** Øyvind Giæver, Ph.D.: Hamsun, psykiatrien og rettsoppgjøret/ Hamsun, geðlæknisfræðin og réttarhöldin.

**16.30-17.00** Halldór Guðmundsson, bókmenntafræðingur: Isak på Sommerhus: Knut Hamsun og den islandske litteratur/Ísak í Sumarhúsum: Knut Hamsun og íslenskar bókmenntir.

Málþingið er opið og aðgangur ókeypis. Fyrirlestrar eru á norsku og íslensku.

NORSKA SENDIRÁÐIÐ HÁSKÓLI ÍSLANDS




LANDBÚNAÐUR Greiðslur til bænda og samtaka verða hækkaðar milli ára, samkvæmt fjárlagafrumvarpinu sem kynnt var í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ríkið eykur framlög til landbúnaðarins á næsta ári:

# Upp um tvo milljarða

Ríkissjóður mun auka útgjöld til landbúnaðar- og sjávarútvegsmála um 7 prósent á næsta ári, samkvæmt fjárlagafrumvarpinu sem lagt var fram í gær. Greiðslur samkvæmt samningum við bændur og samtök þeirra og til ýmissa sjóða og verkefna sem ríkið styrkir í landbúnaði hækka úr 11,7 milljörðum í ár í 13,7 milljarða á næsta ári.

Greiðslur til kúabænda, samkvæmt búvörusamningi, verða 5,5 milljarðar á næsta ári en eru 5,4 milljarðar á þessu ári.

Til sauðfjárbænda munu renna 4,1 milljarður króna á árinu 2010 en greiðslurnar nema 4 milljörðum á þessu ári.

Garðyrkjubændur fá greidda 421 milljón árið 2010 en fá 413 milljónir í ár.

Framlög til ýmissa sjóða í þágu landbúnaðar verða tvöfölduð á næsta ári og munu greiðslur í þá liði nema 3.000 milljónum króna í stað 1.500 milljóna í ár.

Framlög til Bændasamtaka Íslands verða hins vegar dregin saman. Þau nema um 750 milljónum króna í ár en ríkissjóður mun greiða samtökunum 667 milljónir króna á næsta ári, samkvæmt fjárlagafrumvarpinu. Þær greiðslur byggjast á samningi sem rennur út á næsta ári.

- pg

# Framlög hækkuð um 31,5%

Framlög til Lánasjóðs íslenskra námsmanna (LÍN) verða hækkuð um 2,2 milljarða, eða 31,5 prósent á næsta ári, samkvæmt fjárlagafrumvarpinu sem lagt var fyrir Alþingi í gær.

Í fyrra fékk LÍN um sjö milljarða króna til ráðstöfunar en á næsta ári verða framlögin 9,2 milljarðar.

Framlög til jöfnunar á námskostnaði verða hins vegar skert um 230 milljónir eða úr 700 milljónum í um 472 milljónir á næsta ári. Fram kemur í frumvarpinu að áætlað er að háskólanemum fjölgi um 10 prósent í ár frá síðasta ári, vegna aukins atvinnuleysis.

- pg

# 273 milljóna viðbót til RÚV

**Ríkisútvarpið fær 273 milljónir í auknar tekjur á næsta ári, samkvæmt fjárlagafrumvarpinu, alls 3,2 milljarða króna.**

**Aukningin skýrist af því að áætlað er að tekjur af útvarpsgjaldi skili 630 milljónum meira í ár en í fyrra. Hins vegar verður framlag til RÚV á fjárlögum lækkað um 357 milljónir frá fjárlögum síðasta árs. Í fjárlagafrumvarpinu segir að það sé gert til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar um lækkun ríkisútgjalda.**

- pg


JÓNAS HALLGRÍMSSON
Ástsælasta skáld þjóðarinnar. Í ljóðum hans er að finna margar af gersemum íslenskrar tungu.
VÖRÐUR HEIMILISVERND
31
Einföld trygging fyrir þann sem skrikar fótur
Hringdu í 514 1000 eða farðu inn á vörður.is til að fá frekari vitneskju og tilboð í Heimilisvernd Varðar sem meðal annars inniheldur slysatryggingu í frítíma.
EINFALDAR TRYGGINGAR FYRIR FLÓKIÐ LÍF
vörður

## FJÁRLAGAFRUMVARPIÐ 2010: Niðurskurður og aukin skattheimta



**VINNUMÁLASTOFNUN** Framlög til stofunarinnar verða aukin um tæp 25 prósent.

Framlög til atvinnuleysisbóta hækka um 12 milljarða:

# Bætur til foreldra skertar

29,6 milljarðar verða greiddir frá ríkinu til Atvinnuleysistryggingasjóðs á næsta ári, samkvæmt áætlun fjárlagafrumvarpsins. Það er aukning um 12 milljarða frá þessu ári eða 67,6 prósent. Framlögin miðast við 10,6 prósenta atvinnuleysi á næsta ári, sem þýðir að 17.400 manns verði að jafnaði án atvinnu. Framlög til Vinnumálastofnunar verða einnig aukin um 24,9 prósent, úr um 230 í um 285 milljónir.

Fjárveiting í bætur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna verður hins vegar skert um 35,9 prósent, og verður alls 104 milljónir í stað 162 milljóna á þessu ári. Í greinargerð fjárlagafrumvarpsins segir að útgjöld vegna þessara bóta hafi reynst mun lægri en áætlað var. - pg

## ÞREMUR SENDIRÁÐUM LOKAÐ



Sendiráð Íslands í Róm og Pretoríu í Suður-Afríku verða lögð niður um áramót og einnig Fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu í Strassborg, samkvæmt fjárlagafrumvarpinu. Samtals kostaði rekstur þessara stofnana ríkissjóð um 162 milljónir króna á síðasta ári. Framlög til annarra sendiráða verða hins vegar hækkuð um 6 til 7 prósent vegna gengisáhrifa en stór hluti útgjalda við rekstur þeirra er í erlendri mynt.

Framlög til Varnarmálastofnunar eiga að lækka um 21,5 prósent á næsta ári. Stofnunin fær 963 milljónir króna til ráðstöfunar en hafði 1.227 milljóna króna fjárheimildir samkvæmt fjárlögum síðasta árs.

Í ræðu forsætisráðherra á flokksstjórnarfundi Samfylkingarinnar um síðustu helgi kom fram að leggja eigi stofnunina niður á árinu 2010.

Samdráttur hjá Þróunarsamvinnustofnun verður 16,1 prósent og fara framlög úr 1,6 milljörðum í fyrra í tæplega 1,4 milljarða næsta ár. Framlög til annarra þróunarmála og alþjóðlegs hjálparstarfs verða skert um 24,3 prósent. Til þeirra á að verja um 1.550 milljónum á næsta ári í stað 2.000 milljóna á þessu ári.

Til skoðunar að lífeyrissjóðirnir taki þátt í að fjármagna stórframkvæmdir:

# Framlög til vegamála verða skorin niður um 40 prósent

Framlög til vegamála verða skorin niður um 13 milljarða eða 40,1 prósent samkvæmt fjárlagafrumvarpi næsta árs. Til þeirra á að verja 19,3 milljörðum króna á næsta ári í stað 32,3 milljarða í ár.

Það eru fyrst og fremst nýframkvæmdir sem dregnar verða fram, en samdráttur í þeim nemur um 11,7 milljörðum. Viðhald á vegum verður dregið saman um 500 milljónir.

Í fjárlagafrumvarpinu kemur fram að þótt óhjákvæmilegt þyki að hægja á nýframkvæmdum sé til skoðunar að lífeyrissjóðirnir taki þátt í að fjármagna stórar verklegar framkvæmdir, „ef unnt er að fjármagna þær með notendagjöldum“. Einnig er á það bent að þrátt fyrir þennan mikla samdrátt verði framlög á árinu 2010 um 1 prósent af landsframleiðslu, sem er svipað hlutfall og að meðaltali á árunum 1998 til 2007. Unnið er að útfærslu þess hvaða framkvæmdir verður ráðist í á næstu árum. -pg



**SAMDRÁTTUR** Framlög til vegamála verða um 40 prósent lægri á næsta ári en undanfarin tvö ár.

93,3 milljarðar úr ríkissjóði til heilbrigðismála á næsta ári:

# Samdráttur nemur 6,7 milljörðum

Útgjöld heilbrigðisráðuneytisins verða dregin saman um 6,7 milljarða á verðlagi þessa árs frá síðustu fjárlögum en að teknu tilliti til verðlagsbreytinga er samdrátturinn 3,2 milljarðar. 93,3 milljarðar renna til verkefna heilbrigðisráðuneytisins á næsta ári.

Heildarútgjöld sjúkratrygginga eru áætluð 26,5 milljarðar sem er 6,1 prósents samdráttur frá síðustu fjárlögum.

Til rekstrar Landspítala verður varið 32,6 milljörðum króna og er það 1,3 prósenta samdráttur. Einnig er fellt niður 400 milljóna króna framlag, sem átti að nýta til að undirbúa byggingu nýs Landspítala.

Framlög til sjúkrahússins á Akureyri skerðast um 1 prósent – verða 4.086 milljónir á næsta ári en voru 4.128 milljónir samkvæmt fjárlögum þessa árs.

Í fjárlagafrumvarpinu segir að helstu aðgerðir til að lækka útgjöld sjúkrahúsanna byggist á skýrari verkaskiptingu heilbrigðisstofnana. Einnig verði vinnufyrirkomulag, vaktkerfi og aukagreiðslur endurskoðuð. Lyfjaútgjöld stofnana verði lækkuð með innleiðingu lyfjalista og markvissari notkun lyfja.



**LANDSPÍTALINN** Framlög til spítalans verða 32,6 milljarðar á næsta ári.

Framlög til SÁÁ verða lækkuð um 1,6 prósent milli ára, úr 656,6 í 646,1 milljón króna. - pg



# skoðun

greinar@frettabladid.is

Bleika slaufan er nú seld í tíunda sinn.

# Bestu batahorfur í heimi

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Sala bleiku slaufu Krabbameinsfélagsins er nú hafin í tíunda sinn. Sem fyrr helgar félagið októbermánuð baráttunni gegn brjóstakrabbameini. Brjóstakrabbamein er algengasta krabbameinið meðal kvenna en tólfta hver íslensk kona greinist með meinið.

Leitarstöð Krabbameinsfélagsins er fjárvana í kjölfar efnahagshrunsins. Í ár rennur því allur ágóðinn af sölu bleiku slaufunnar beint til leitarstarfsins en um 35 þúsund íslenskar konur koma á Leitarstöð Krabbameinsfélagsins ár hvert.

Lífslíkur íslenskra kvenna sem greinast með brjóstakrabbamein eru þær bestu í heimi en 88 prósent þeirra sem greinast með brjóstakrabbamein hér á landi eru á lífi fimm árum síðar.

Leitarstarf Krabbameinsfélagsins gegnir lykilhlutverki í þeim framúrskarandi árangri sem náðst hefur í baráttunni bæði við brjóstakrabbamein og leghálskrabbamein en auk leitarstarfsins stendur Krabbameinsfélagið fyrir þrotlausri fræðslu og hvatningu til kvenna um að nýta sér leitarstarfið.

Allar konur á aldrinum 40 til 69 ára eru boðaðar á Leitarstöðina í röntgenmyndatöku á brjóstum á tveggja ára fresti. Þetta er boð sem allar konur ættu að þekkjast því að vitað er að því fyrr sem krabbamein í brjóstum greinist því betri eru lífslíkurnar. Þessi þjónusta Krabbameinsfélagsins mun vera umfangsmeiri en þekkist í öðrum löndum. Auk þess að koma reglulega á Leitarstöðina ættu allar konur að þreifa sjálfar brjóst sín reglulega og vera vakandi fyrir öllum breytingum.

Vitund íslenskra kvenna um brjóstakrabbamein og örlátt starf bæði í forvörnum og stuðningi við konur sem greinst hafa með brjóstakrabbamein er raunar til eftirbreytni. Mikið og margvíslegt sjálfboða- og grasrótarstarf er innt af hendi í baráttunni gegn meininu.

Samhjálp kvenna er dæmi um þetta. Samhjálp kvenna eru samtök kvenna sem greinst hafa með krabbamein í brjóstum. Tilgangur samtakanna er meðal annars að veita konum sem greinst hafa með brjóstakrabbamein persónulega ráðgjöf og stuðla að fræðslu og bættri endurhæfingu kvenna eftir meðferð. Öll þjónusta samtakanna er unnin í sjálfboðastarfi.

Annað dæmi er styrktarfélagið Göngum saman sem mun nú í október í þriðja sinn veita umtalsvert fé til grunnrannsókna á krabbameini í brjóstum. Markmið félagsins er að safna fé í styrktarsjóðinn og veita því í rannsóknarstarf samhliða því að stuðla að bættri heilsu með því að ganga saman. Starfsemi þessa félags byggir einnig algerlega á sjálfboðaliðum.

Leigubílar frá Hreyfli setja sem fyrr svip sinn á bæinn nú í október með fagurbleikum skiltum. Þannig er minnt á yfirstandandi átak en slaufurnar má kaupa hjá bílstjórunum og víða í verslunum og á kaffihúsum.

Í ár er markmiðið að selja 45.000 bleikar slaufur. Sala bleiku slaufunnar stendur til 15. október og geta lesendur Fréttablaðsins fylgst með árangri söfnunarinnar á mæli sem birtur er á forsíðu blaðsins dag hvern meðan átakið stendur.

Allir geta lagt átakinu lið með því að kaupa og skarta bleikri slaufu og minna með því næsta mann á að gera slíkt hið sama.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Enn sama sinnis

Fulltrúar Framsóknarflokksins mættu í Stjórnarráðið á miðvikudag með tillögu um leið út úr kreppunni: norskt risalán. Félagana bar að garði á óheppilegum tíma, Jóhanna var að taka við afsögn Ögmundar. Síðar kom í ljós að ekki var um lánstilboð að ræða frá norsku ríkisstjórninni, heldur var þingmaðurinn Per Olaf Lundteigen enn sama sinnis og í ágústmánuði, en þá greindu fjölmiðlar frá þeirri skoðun hans að Íslendingar ættu að fá norskt lán. Norska ríkisstjórnin hafði hins vegar engan hug á slíkri lánveitingu.



### Er svarið í innhólfinu?

En kannski er verið að leita langt yfir skammt þegar horft er til Noregs. Fjölmargir Íslendingar hafa undanfarið fengið tölvubréf frá Ngoko, lækni í Nígeríu. Sá er í nauðum staddur, vantar fé til að losa um arf eftir vellauðugan föður sinn, en grunur leikur á að hann hafi verið myrtur. Ngoko lofar þeim sem millifæra á hann ekki nema 500 dollurum allt að 200 þúsund dollara verðlaunum. Dágóður hagnaður það. Kannski er rétt að panta fund í Stjórnarráðinu?



### Stefnumið einhver?

Hreyfingin hélt opinn fund á Kaffi Rót á miðvikudaginn. Þangað var fulltrúum hinna ýmsu grasrótarsamtaka boðið til skrafs og ráðagerða. Hreyfingin mun ætla að opna fyrir samstarfsvettvang í grasrótinni almennt og buðu Hreyfingarþingmenn fram aðstoð sína í hvívetna.

Fulltrúar þrettán grasrótarsamtaka mættu á fundinn og má því búast við að stefnumið Hreyfingarinnar verði fjölbreytt á komandi þingi.

kolbeinn@frettabladid.is

# Millibilsástand



EINAR MÁR JÓNSSON

Í DAG | Sérfræðingar í kreppu

Ég hef áður sagt frá því hvernig nýjar starfsgreinar fara nú að blómstra á þessum krepputímum og afsanna það svartagallsraus andstæðinga frjálshyggjunnar að menn þurfi að verða atvinnulausir ef þeim er sagt upp á einum stað. Nefndi ég sem dæmi hina nýju leigubílstjóra sem ætlaðir eru konum einum og gera ekki síst út á þann nýja markað sem olíufurstafrúr og -dætur frá Austurlöndum mynda þegar þær koma í innkaupaferð til Parísar. Önnur stétt manna hefur einnig skotið upp kollinum að undanförnu, þeir kalla sig hljómmiklu en ákaflega sakleysislegu nafni sem því miður er ekki hægt að þýða á íslensku án þess að úr því verði dálítið klúður: þeir eru sem sé „stjórnendur millibilsástands“ En öfugt við hinar rósrauðu bílstýrur, sem hafa ekkert á móti því að um starf þeirra sé fjallað í fjölmiðlum, láta þeir lítið á sér bera og forðast sem mest að vera í sviðsljósinu. Best er að sem fæstir viti um þá aðrir en þeir sem ráða þá til vinnu.

Þessir menn komu fyrst fram á eitthvert hálfrökkvað sjónarsvið upp úr 1990, þegar fyrirtæki fóru að sameinast í stórum stíl. Hlutverk þeirra var þá að finna út hvaða háttsettir starfsmenn kynnu að vera um of í hinni nýju samsteypu, fórnarlömb þeirra voru einkum þeir sem fengu meira en 100 000 evrur í árslaun. Fyrir einar tíu þúsund evrur sáu þessir „stjórnendur millibilsástands“ svo um að koma þessum mönnum burt með lagni, því á þeim var enn tekið með silkihönskum á þessum tíma, oftast með loforðum um starf annars staðar.

En með kreppunni hafa þessir „stjórnendur“ mjög svo fært út kvíarnar og ganga nú til verka í jötunmóð. Þeir bjóða fyrirtækjum upp á „endurskipulag“ þar sem allt er innifalið, einkum og sér í lagi fækkun starfsmanna, þ.e.a.s. hópuppsagnir og allt sem þeim fylgir, frá upphafi til enda, og taka fyrir það verk þúsund evrur á dag. En síðan eiga þeir langt og flókið verk fyrir höndum. Þeir þurfa að kynna starfsmönnunum „endurskipulagið“ með lagni, finna út hverja er auðveldast að losa sig við (vegna aldurs eða heilsufars t.d.), ræða við fulltrúa stéttarfélaga og svara óþægilegum spurningum þeirra og athugasemdum á réttan hátt, setja fram trúverðugar áætlanir fyrir þá sem missa vinnuna á miðjum starfsaldri, vísa þeim kannske á einhver „námskeið“ eða bjóða þeim upp á einhverja vinnu sem þeir geta ekki þegið, þannig að hægt sé að skella allri skuldinni á þá, leggja á ráðin um varnir ef einhver skyldi kæra, og síðast en ekki síst semja uppsagnarbréfin og senda þau.

En ekki getur hver sem er orðið „stjórnandi millibilsástands“, það starf er einmitt heiglum hent og krefst bæði þekkingar og sérþjálfunar. Þeir sem gegna því – og hafa reyndar sett á fót sérstakar stofur eins og lögfræðingar – verða að þekkja lög um atvinnu og félagsmál eins og eigin vasa þannig að þeir geti haft hverja einustu lagagrein og lögkrók á hraðbergi, þeir þurfa að vera þaulvanir samskiptum við fjölmiðlamenn og geta matað þá á því sem þeir vilja, látið þá gína yfir hvaða áætlun sem er um nýja atvinnu fyrir þá sem eru reknir, þeir verða að hafa greiðan aðgang að „prúðmennunum“ svokölluðu sem dæma í ýmsum vinnudeilum, þeir þurfa að vera útsjónarsamir um það hvernig hægt sé að fá lögreglu til að grípa inn í ef þeim finnst það nauðsynlegt, þeir verða að geta tekið því með jafnaðargeði ef verkamenn sem eru að missa vinnuna skyldu taka upp á því að loka þá inni í skrifstofu nótt og dag í mótmælaskyni eins og gerst hefur, jafnvel dreita þá inni, og umfram allt, þeir verða að geta horft á sjálfa sig í spegli kinnroðalaust, hvað sem gerist, helst með gleði og ánægju.

Fyrir eigendur fyrirtækja er það mikil hagræðing að geta leitað til þessara manna, sem kannske mætti líka kalla „uppsagnasérfræðinga“. Þeir þurfa þá ekki lengur að fylgjast með því sem er að gerast í einstökum atriðum og geta t.d. alveg leitt hjá sér hvenær uppsagnarbréfin eru send og hverjum. Með þessu móti sleppa þeir í rauninni við að horfa framan í þá sem verið er að reka, menn sem hafa kannske unnið hjá fyrirtækinu af trúmennsku árum saman og eiga sér einskis ills von. Það er því engin furða þótt þessi nýja starfstétt eflist nú mjög, án nokkurra auglýsinga.

Kunnugir menn telja að undanfarin tíu ár hafi þessum „sérfræðingum í millibilsástandi“ fjölgað um ein fimmtán til tuttugu prósent á ári, og eftir þeim fregnum að dæma sem nú koma sífellt í blöðum og útvarpi, eru allar líkur á að stéttin haldi áfram að blómstra um ókomna tíma.

# Biðjum og styðjum

UMRÆÐAN

Halldór Reynisson skrifar um samskot í kirkjum fyrir fjölskyldur í vanda



HALLDÓR REYNISSON

Núna þegar ár er liðið frá efnahagshruninu eiga margar fjölskyldur í miklum fjárhagserfiðleikum. Sumar eiga vart til hnífs og skeiðar. Fyrir ári hefði engan órað fyrir að fólk sem þá var vel bjargálna þyrfti stuðning nú

Stofnanir og hjálparsamtök hafa brugðist við stóraukinni þörf fyrir stuðning og hefur aðstoð þeirra margfaldast á einu ári. Aðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar hefur vaxið úr rúmlega 900 þúsund krónum í september 2008 í um 8 milljónir króna í september 2009. Hjálparstarf kirkjunnar tekur á móti fólki og býður upp á mataraðstoð, aðstoð við að leysa út lyf, fatnað, skólavörur og fleira eftir aðstæðum. Ennfremur er þar veitt félagsleg ráðgjöf.

Næstu tvo sunnudaga 4. og 11. október verður safnað fé í kirkjum landsins til stuðnings við þurfandi fjölskyldur sem farið hafa illa út úr efnahagshruninu. Fólk er hvatt til að mæta í guðsþjónustur og leggja sitt af mörkum. Athygli er vakin á því að leggja þarf fram reiðufé því ekki er hægt að taka við framlögum í kirkjum með öðrum hætti.

Einnig er hægt að leggja inn framlag á reikning Hjálparstarfs kirkjunnar í gegnum styrktarsíðuna www.framlag.is eða heimasíðu starfsins www.help.is og á reikning Hjálparstarfsins kt. 450670-0499, reikningsnúmer 334-26-27.

Samskot í guðsþjónustum Þjóðkirkjusafnaða hafa ekki verið algeng þótt slíkt sé siður í kirkjustarfi um allan heim. Þó hafa nokkrar kirkjur á höfuðborgarsvæðinu tekið upp þennan háttinn og gefist vel.

Þeim fjármunum sem safnast í þessu átaki verður öllum varið til stuðnings þurfandi fjölskyldum á Íslandi.

Leggjum af mörkum eins og við getum. Biðjum og styðjum.

*Höfundur er prestur.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*



VERÐHRUN!
...UR // SKÁLDSÖGUR // SPENNUSÖGUR // ÆVISÖGUR // BARNABÆKUR // MATREIÐSLUBÆKUR // HANDAVINNUBÆKUR // SJÁLFSHJÁLPARBÆKUR
// LJÓÐABÆKUR // ÆVINTÝRABÆKUR // FRÆÐIBÆKUR // HANDBÆKUR // FERÐABÆKUR // RÓMANTÍSKAR BÆKUR // UNGLINGABÆKUR // SKÁLDSÖGUR // SPENNUSÖGUR //
// ÆVISÖGUR // BARNABÆKUR // MATREIÐSLUBÆKUR // HANDAVINNUBÆKUR // SJÁLFSHJÁLPARBÆKUR //
RISA
LAGER SALA
FORLAGANNA
BORGARTÚNI 29
OPIÐ ALLA DAGA FRÁ KL. 11-19
Komdu og sparaðu!
FULLT AF NÝJUM TITLUM!
ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR
GLÆSILEGAR JÓLAGJAFIR - ALLT Á EINUM STAÐ
„KALMANÍA“ UM HELGINA
JÓN KALMAN STEFÁNSSON
Himnaríki og helvíti
BJARTUR
AÐEINS UM HELGINA!
(Meðan birgðir endast!)
3.980,- 990,-
Jón Kalman Stefánsson
Skurðir í rigningu
Jón Kalman Stefánsson
SUMARLJÓS OG SVO KEMUR NÓTTIN
Ýmislegt um risafurur og tímann
1.990,- 990,-
Jón Kalman Stefánsson
Sumarið bakvið brekkuna
ÞÚ KAUPIR ÞRJÁR OG FÆRÐ FJÓRÐU FRÍA!
Förðun
3.990,- 2.990,-
HIMINGEIMINN
6.690,- 2.490,-
Myndlist í þrjátíu þúsund ár
14.990,- 7.490,-
Rósaleppaprjón í nýju ljósi
3.490,- 2.290,-
David Attenborough
MEÐ KÖLDU BLÓÐI
5.490,- 990,-
1001 leið til að slaka á
3.790,- 2.500,-
UPPHEIMAR
sögur
Veröld
Salka
heimur
SKRUDDA
opna
BÓKAÚTGÁFAN HÓLAR
BJARTUR




# Corporate Iceland

**UMRÆÐAN**

Guðmundur Páll Ólafsson
skrifar um auðlindir

Ein mesta raun sem nokkur þjóð getur orðið fyrir er að glata auðlindum sínum og æru. Þótt bankar hrynji eins og spilaborgir og ímyndin spillist eru auðlindir áfram máttarstólpar þjóðfélagsins, séu þær í eigu þess og umsjá. Þessu má líkja við frelsi, mannkosti og æru hvers og eins.

Ný ógnarsókn í auðlindir Íslendinga er hafin. Hún er enn þá hættulegri nú en fyrir hrun vegna þess að umheimurinn veit að dvergþjóðin er í vanda og kann illa fótum sínum forráð, eins og stjórnmál fyrir hrun og strax eftir bera vott um.

Lengi hef ég undrast undirgefni stjórnvalda gagnvart yfirþjóðlegum auðhringum og að sama skapi furðað mig á fjandskap þeirra gagnvart verndun íslenskra náttúruauðæfa, sjálfum sparisjóði og arfleifð Íslands. Vonum seinna, nú í stjórnartíð ríkisstjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur og Steingríms J. Sigfússonar, er gerð heiðarleg tilraun til að spyrna gegn glannalegu afsali þjóðarauðæfa og eyðingu þeirra í þágu yfirþjóðlegra auðhringa.

## Hverju hefur stóriðjan skilað?

Á síðustu áratugum hefur of marga Íslendinga dreymt að verða moldríkir, berast á, láta sig lítt varða aumingja og almúga þjóðfélagsins fremur en fátækt og umkomuleysi í öðrum löndum. Undirliggjandi hugmynd var sú að þeir sem ættu erfitt með að fóta sig í tilverunni ættu það skilið vegna aumingjaskapar og leti og fyrirhyggjuleysis. Nú hittir sú hugmynd fyrir fjölda Íslendinga sem misst hafa eigur og fjárhagslegan grundvöll


GUÐMUNDUR PÁLL ÓLAFSSON

fyrir tilstilli áhættustjórnmálamanna, spillingar í fjármálaumhverfi og veikra lagastoða sem nagaðar voru árum saman af téðum stjórnmálamönnum, ekki aðeins til að styrkja frjálst flæði peninga heldur líka til að auðvelda erlendum auðhringum umsvif á landinu. Smáþjóðin fríða og frjálsa varð eins og gjammandi hvolpur meðal stóru hundanna sem urruðu mest.

Íslenskir ráðamenn unnu aldrei heimavinnuna sína og því vitum við ekki hvort allt virkjana- og stóriðjubröltið hefur skilað öðru en ofsafylleríi eru vön að gera: timburmönnum, vanlíðan, misklíð og vonbrigðum. Við höfum enn ekki staldrað við til að vega og meta afraksturinn, óháð trúarsannfæringu stjórnmálaafla. Ekki einu sinni eftir einhverja almestu athafnaódáð Íslandssögunnar – Kárahnjúkavirkjun – treysta menn sér til að doka við og hugsa ráð sitt, og samt er deginum ljósara að hverfandi líkur eru á að hún muni skila nokkru til þjóðarbúsins öðru en skuldum og alvarlegum náttúruspjöllum. Við lifum líka við þá skelfilegu ógn að svo fari að Kárahnjúkastíflur muni ekki halda, enda stíflum og lóni valinn einn versti hugsanlegi staður á Íslandi: í hvellsprungusvæði á jaðri rekbeltisins.

## Alþjóðavæðing auðhringja

Linnulaust hefur þessi smáþjóð byggt fyrir fjölþjóðleg risafyrirtæki sem eru fjárhagslega margfalt öflugri en íslenska þjóðarbúið. Stjórnvöld hafa skuldbundið þegna sína til að borga framkvæmdir fyrir fyrirtækin og tekið gríðarlega áhættu fyrir hönd almennings, styrkt risafyrirtækin með fjárframlögum, veitt þeim undanþágu á mengun og dregið úr hollustu umhverfisins á margan hátt. Er ekki rétt að spyrja hví í ósköpunum svo margir stjórnmálamenn starfi í þágu fjölþjóðlegra auðhringa? Hafa stjórnmálaflokkar þeirra hag af því? Fá valdir sveitarstjórnarmenn eða þingmenn denara í vasa? Vel er það þekkt erlendis og fremur regla en undanþága í þessum skuggalega félagsskap.

Alþjóðavæðing auðhringa (e. corporate globalization) geisar inni á gafli hjá okkur. Hún er ógnvænlegasta útgáfa alþjóðavæðingarinnar. Við ætluðum að eiga samleið með öðrum þjóðum í alþjóðaviðskiptum og nýta okkur eðlilegt flæði fjármagns en byrjuðum í óðagotinu á því að bjóða Ísland falt fyrir lítið. Einn kommissar á vegum stjórnvalda var þannig sendur sérstaklega til Alcoa Inc. og hafði þar erindi án erfiðis. Yfirþjóðlegu risafyrirtækin runnu á lyktina og fönguðu okkur umsvifalaust. Framtíð þeirra byggir á því að sölsa undir sig auðlindir, einkum í vatni og orku, og þá geta þau þvingað ríkisstjórnir að vild. Líka með því að hóta að fara burtu með fjármagnið.

Við erum ekki aðeins smá heldur hættulega fáfróð um eðli alþjóðavæðingar risafyrirtækja. Afleit er Helguvík en eitt átakanlegasta dæmið er í minni gömlu heimabyggð í Þingeyjarþingi. Ofurkapp ráðamanna þar á að fá álver er einhver lágkúrulegasta fásinna sem getur í orku- og auðlindanýtingu hér á landi fram til þessa og eru vondu dæmin þó ófá. Og nú þegar landsstjórnin hefur dug til að endurnýja ekki viljayfirlýsingu gagnvart hinum ofdekraða viðskiptarisa Alcoa Inc. eru þreifingar inni í ríki Landsvirkjunar og sveitarstjórnar Norðurþings að halda áfram á sömu braut. Þar er allt rjúkandi rúst í fjármálum. Landsvirkjun er í miklum kröggum og Þeistareykir ehf. tæknilega gjaldþrota eftir að hafa tekið alla áhættu af orkurannsóknum fyrir Alcoa Inc. Vissulega er brýnt að hafa iðandi atvinnustarfsemi í landinu en varla bætir það okkar hag eða stöðu að eyðileggja auðlindir niðja landsins.

## Nýjan sáttmála

Um allan heim er það viðfangsefni alþjóðavæðingar auðhringanna að villa fólki sýn, meðal annars með því að snúa hugtökum á haus: „sjálfbærni í orkuframleiðslu“ þýðir gernýting og óafturkræfni, „verndun auðlinda“ þýðir náttúruvíg, „samfélagslegar framfarir“ þýða lífsgæðarýrnun, „samstarf“ þýðir yfirtaka. Mikilvægt er um leið að átta sig á því að orkustefna Norðurþingsmanna er í takti við þessa stefnu. Hún er blind gernýting, eyðilegging á náttúruauði sem er fágætur í heiminum ef ekki einsdæmi. Sporin eftir þá á Þeistareykjum, í Gjástykki og við Leirhnjúk bera vott um að þeir bera ekki skynbragð á auðæfi eigin sveitar og reyna ekki að vanda til verka. Þannig er þetta í anda starfshátta og stefnu Landsvirkjunar líka.

Ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur og Steingríms J. Sigfússonar verður að móta nýjan sáttmála fyrir land og þjóð og starfa eftir honum. Landið okkar, þjóðin og Móðir Jörð kalla eftir ábyrgum stjórnvöldum, nýrri nýtingarstefnu með raunverulega sjálfbærni að leiðarljósi og hag almennings og þjóðar í forgangi.

*Höfundur er rithöfundur.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.








**REGNBOGINN** kallast menningarveisla sem haldin verður í Vík í Mýrdal um helgina. Þar verða fjölbreyttir tónlistar- og menningarviðburðir á dagskrá. Regnbogamarkaður, kórakeppni, söngvakeppni og diskótekið Dolly er meðal þess sem hlakka má til. www.vik.is



Sölufulltrúi Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473




4ra rétta tilboð
og nýr A la Carte

· **Reykt önd** með fíkjum, valhnetum og rauðvínsgljáa ·
· **Humarsúpa** rjómalöguð með grilluðum humarhölum ·
· **Lambahryggur** með lambaskanka og rósmarínsósu ·
* EÐA *
· **Fiskur dagsins** útfærður af matreiðslumönnum Perlunnar ·
· **Skyr "Tonka crème brûlée"** með karamelluís ·

6.990 kr.

*Hægt er að panta 4ra rétta seðilinn með sérvöldu víni með hverjum rétti: 10.990 kr.*

Villibráðarhlaðborðið
22. október - 18. nóvember

Jólahlaðborðið
19. nóvember - 31. desember

PERLAN

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
*Netfang* perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is

Hringbrot



Ásta Andrésdóttir segir espressókaffi passa afskaplega vel með sneið af skyrostakökunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Osta- og skyrkökur alltaf verið í miklu eftirlæti

**Ásta Andrésdóttir, blaðamaður og meistaranemi í ensku, er mjög hrifin af eftirréttum sem innihalda kexbotna og jafnvel skyr. Skyrkaka, sem er í sérstöku eftirlæti, tekur aðeins tíu mínútur að búa til.**

„Þessi skyrkaka er frábær því hún er bæði fljótleg og þægileg og öllum finnst hún góð. Hún er heldur ekki of sæt eða væmin heldur mjög klassísk uppskrift," segir Ásta og bætir við að ekki spilli fyrir að það þurfi ekki að baka hana í ofni. „Öllu jafna er ég best í hversdagsréttum, og legg mig fram um að nýta það sem er til í skápunum hverju sinni. Þar kemur ítalskur matur sterkt inn en ég er mjög hrifin af pastaréttum, þá sérstaklega spagettí. Maðurinn minn sér svo um steikurnar og annan stórhátíðarmat." Ásta bjó á Ítalíu í þrjú ár og þar kynntist hún ýmsum spennandi pastaréttum og svo eftirréttum eins og tíramísú.

„Ostakökur eru mitt eftirlæti. Svo er ég mikil kaffikona og mæli með rótsterku espressókaffi með sneið af þessari köku. Þeir sem eru ekki hrifnir af kirsuberjasósu geta svo notað hvað sem er ofan á hana, fersk bláber, bláberjasultu, súkkulaðispæni, kakó eða annað sem þeim dettur í hug."

*juliam@frettabladid.is*

## SKYROSTAKAKA

1 lítil dós vanilluskyr
1 peli rjómi
1 pakki af kanilkexi frá LU
1 dós kirsuberjasósa frá Gamle Fabrik
Væn klípa smjör (má sleppa)

*Þeytið rjómann og hrærið honum saman við skyrið. Bræðið smjörið og myljið kexið (þægilegt að gera það í matvinnsluvél) og blandið smjörinu saman við mulninginn. Setjið kexmulninginn í botn á fati og skyrhræringinn þar ofan á. Veiðið kirsuberin upp úr kirsuberjasósukrukkunni og setjið ofan á skyrið. Með berjunum kemur alltaf næg sósa þannig að óþarfi er að hella sósunni ofan á kökuna. Setjið plastfilmu yfir fatið og geymið í ísskáp í nokkrar klukkustundir, jafnvel yfir nótt.*

Þú getur hringt og pantað matinn heim, komið og borðað á staðnum eða tekið með heim

www.nings.is
Frábær tilboð fyrir 2 eða fleiri



Tilboð 1
Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu.
Eggjanúðlur með eggjum og grænmeti.
Svínakjöt og grænmeti í drekasósu.
TILBOÐIÐ ER EINGÖNGU FYRIR 2 EÐA FLEIRI
1450 krónur á mann
2900 krónur fyrir tvo

Tilboð 2
Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu. Svínakjöt og grænmeti með plómusósu. Eggjanúðlur með eggjum og grænmeti.
Kjúklingastrimlar og grænmeti í drekasósu.
TILBOÐIÐ ER EINGÖNGU FYRIR 2 EÐA FLEIRI
1550 krónur á mann
3100 krónur fyrir tvo

NINGS
Suðurlandsbraut 6
Hlíðasmára 12
Stórhöfða 17
S. 588 9899



**PÁLL ÓSKAR** leggur land undir fót um helgina og spilar í Sjallanum á laugardaginn. Þar mun hann syngja og spila þekkt lög eftir sjálfan sig og aðra auk þess sem hann mun þeyta skífum af sinni alkunnu snilld. www.sjallinn.is






Hreystimenni reyna fyrir sér eins og kempur fortíðarinnar gerðu þótt þær síðarnefndu hafi ef til vill borið sig hetjulegar að.
MYND/MAGNÚS HLYNUR

# Víðavangshlaup, kjötsúpa og þolraunir á Njáluslóðum

**Njálssaga, landbúnaður og hrepparígur er meðal þess sem kemur upp í hugann þegar Rangárþing eystra er nefnt. Þessu ætla Hvolsvellingar og nærsveitamenn að gera skil um helgina, sér og öðrum til ánægju.**

„Þetta er okkar uppskeruhátíð. Hvolsvöllur byggist helst á landbúnaði og ferðaþjónustu en nú er mestu önnum í þeim störfum að ljúka í bili og þá er tilvalið að hittast og gera sér glaðan dag saman,“ segir Þuríður Halldóra Aradóttir, markaðs- og kynningarfulltrúi Rangárþings eystra, um svokallaða Kjötsúpuhátíð sem haldin verður á Hvolsvelli um helgina.

Dagskráin á laugardegi hefst klukkan ellefu með Víðavangshlaupi Íslands. Að þessu sinni sér Héraðssambandið Skarphéðinn um skipulagningu þess. Glöggir lesendur átta sig sjálfsagt á því að sambandið er nefnt eftir Skarphéðni Njálssyni, kempu úr Brennu-Njálssögu, en Rangárþing er helsta sögusvið þeirra dýru bókar og því við hæfi að hlaupið hefjist við Sögusetrið í þorpinu. Því næst leggja hlauparar í ferð um Njáluslóðir innblásnir af hetjumóð fortíðar. Að hlaupi loknu er fólki svo gefinn kostur á leiðsögn um Sögusetrið í fylgd Lárusar Bragasonar sagnfræðings. Minnir Þuríður á að héraðið skarti þó ekki aðeins hetjum af söguöld heldur sé verslunarsaga þess merkileg og henni gerð rík skil á Kaupfélagssafninu, sem er í sama húsnæði og sýningin um Njálu. Reynt verði að leiðbeina ungum sem eldri gestum um þær sýningar til fræðslu og skemmtunar.



Heldri maður úr héraðinu þreytir þraut á Kjötsúpuhátíðinni á Hvolsvelli.
MYND/MAGNÚS HLYNUR

„Það verður mikill ungmennafélagsandi á þessu öllu,“ segir Þuríður og bendir á að öll vinna verði í höndum sjálfboðaliða og haft verði hugfast að maður er manns gaman.

Meðal dagskráratriða á hátíðinni er ljósmyndasamkeppni, kassabílarall hjá börnunum á svæðinu, kynning á fornum þjóðháttum í þjóðháttasmiðjunni Emblu og Aski, ýmiss konar söngatriði og val á besta berjarétti héraðsins, svo eitthvað sé nefnt. „Hápunkturinn held ég samt að sé hreystikeppni hreppanna,“ segir Þuríður íbyggin. Hún útskýrir því næst að sex hreppar hafi verið sameinaðir í Rangárþing eystra. Engin ástæða sé þó til þess að láta af gamalgrónum og skemmtilegum hrepparíg heldur sé um að gera að efna til keppni milli íbúanna með reglulegu millibili. Að þessu sinni keppa pör sín á milli og spennandi verður að sjá hvort einhverjir nái titlinum af Austur-Landeyingum.

Um kvöldið verður svo blásið til tveggja dansleikja. Annar verður haldinn í hinum sögufræga sveitaballadansstað Hvolnum, þar sem margir sem komnir eru á eða nálgast miðjan aldur hafa stigið dansspor, en hinn verður haldinn á Hótel Hvolsvelli. Nánar má kynna sér dagskrána á hvolsvollur.is.

*karen@frettabladid.is*












# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 2. október 2009



## ÞETTA ER FULLORÐINS!

Barði Jóhannsson um Kölska, kreppuna og Konfekt

## KLÁM FYRIR KONUR

Svíar styrkja gerð feminískrar erótíkur

## SJÚKAR Í PRADA

Appelsínurauðar varir fyrir næsta sumar




FLAKKARI

1TB DISKUR

WD

Western Digital Elements

Ferðahýsing með 1TB harðdisk. USB 2.0. Tilbúin til notkunar.

Kr. 19.750

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

@tt.is

Allt tölvutengt á betra verði

# núna
✻ fylgist vel með



helgin MÍN

Ég ætla að reyna að taka því rólega eftir annasama viku, en samt ekki að missa af 2 many dj's annað kvöld. Ég hef lengi beðið eftir að sjá þessa kappa, og það verður gaman að sjá þá í nýju Laugardalshöllinni eftir að CCP-menn eru búnir að taka hana í gegn.

Eldar Ástþórsson - framkvæmdastjóri Kraums tónlistarsjóðs og markaðsstjóri gogoyoko.



## Portrettsería Snorra

þetta HELST

Myndlistarmaðurinn og fyrrverandi forsetaframbjóðandi, Snorri Ásmundsson, hefur gert seríu af afar skemmtilegum myndbandsportrettum af vinum sínum – listaspírum og tónlistarmönnum. Meðal viðtalsefna eru Pétur Eyvindsson, einnig þekktur sem DJ Musician, Valur Antonsson og nú síðast Rakel McMahon. Myndbandsportrettin er að finna á You Tube.



## Ladytron á landinu

Meðlimur rafsveitarinnar bresku Ladytron, Daniel Hunt, var staddur á Íslandi fyrir skömmu og eyddi hér einni viku. Hunt sást skemmta sér á Kaffibarnum og Bakkusi ásamt vinum sínum, tónlistarmönnunum Barða Jóhannssyni og Óla Arnalds.



## Hallberg í Berlín

Fyrrum front-maður rokksveitarinnar Jakobínurínu, Hallberg Daði Hallbergsson, er fluttur búferlum til Berlínar ásamt unnustu sinni. Raddir herma að Hallberg sé að leggja lokahönd á plötu með nýrri sveit sem kallast The Lying Dammed.

Belgíska plötusnúðaparið 2 Many Dj's spilar á Eve Fanfest, áhugafólki um danstónlist til mikillar gleði:

# LAUGARDALSHÖLLINNI breytt í næturklúbb

Eve Fanfest stendur nú sem hæst í Laugardalshöllinni, þar sem saman eru komnir þátttakendur í tölvuleiknum EVE Online og EVE-samfélaginu víðs vegar að úr heiminum. Veisluhöldin ættu að ná nýjum hæðum annað kvöld, þegar lokapartíið verður haldið. Laugardalshöllinni verður þá snúið við og henni breytt í risavaxinn næturklúbb.

Skærustu stjörnur kvöldsins verða belgísku bræðurnir David og Stephen Dewaele, sem saman ganga undir nafninu 2 many dj's. Þeir eru þekktir fyrir sérstakan stíl sinn þar sem bútum, brotum og sönglínum úr ýmsum áttum er blandað saman við dansvænar laglínur. Úr verður sérstakur bræðingur popp-, rokk- og raftónlistar.

Dúóið hefur slegið í gegn og meðal annars komið fram á fjölda tónlistarhátíða þetta árið, meðal annars á Glastonbury, T in the Park, Hróarskeldu og Creamfields.

Ekki verður nokkur skortur á öðrum skemmtikröftum um kvöldið. Meðal þeirra sem fram koma eru DJ Alienhand, RöXöR og DJ Margeir ásamt sextán manna strengjasveit undir styrkri stjórn Samúels Jóns Samúelssonar.

Miðaverð er 2.900 krónur. Miðasala á lokapartíið er á midi.is og í verslunum Skífunnar. *- hhs*








# Klám fyrir femínista

Það eru vissulega skiptar skoðanir á klámi en Svíar eru framúrstefnulegir að vana á kynlífssviðinu. Dirty Diaries er samansafn klámmynda fyrir femínista, styrkt af sænska ríkinu, og engar tvær þeirra eru gerðar af sama leikstjóranum. Mikill metnaður hefur verið lagður í myndirnar og eins og textinn á heimasíðu Dirty Diaries segir þá snúast þær um fullnægingar og list fyrir opinn huga. Hér er að finna gagnkynhneigða og samkynhneigða erótík, sýniþörf, blæti og ögrun og myndirnar hafa fengið lofsamlega umfjöllun frá bæði sænsku og erlendu pressunni. „Kvikmyndaheimurinn samþykkir klám," sagði dagblaðið Dagens Nyheter. Dirty Diaries er með áhugavert manifesto þar sem lýst er yfir andúð á staðlaðri líkamsímynd, andúð á tvískinnungi í kynlífi og að konur séu ekki slæmar stelpur ef þær fíla klám og kynlíf, og að með því að framleiða vandaða erótík sé um leið verið að skemma fyrir niðurlægjandi klámefni sem sé stjórnað af körlum.

*- amb*



**Kinkí dagbækur** Sænska ríkið styrkir framleiðslu Dirty Diaries.

✻ augnablikið



**SKOSKA FYRIRSÆTAN** Agyness Deyn var svöl með svart hár á sýningu Burberry í London um daginn.

föstudagur
**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Forsíðumynd Linda Bujoli** Ritstjórn Anna Margrét Björnsson
**Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir
*sigridurdagny@365.is sími 512 5462* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000




KORTER.IS - Ljósm. Jón Páll Vilhelmsson

# Aukin brennsla
## með grennandi næringardrykk




**PhD DIET WHEYer fyrir þá sem vilja minnka líkamsfitu en á sama tíma viðhalda vöðvavexti og góðri heilsu. Ný kolvetnasnauð próteinblanda**

Diet Whey inniheldur mysu, mjólkur og soya proteinblöndu með hæga upptöku sem minnkar hungurtilfinningu og orkusveiflur yfir daginn. Auk þess inniheldur Diet Whey , L-Carnitine, grænt te, fitusýrur m.a. CLA og hörfræolíu auk flókinna kolvetnasambanda unnum úr korni

**Með millilliðalausum innkaupum getum við boðið Diet WHEY á frábæru verði**

**1 kg 20-40 skammtar kr. 6.995.-** (175-350 kr. pr. skammtur)
**2 kg 40-80 skammtar kr. 11.990.-** (150-300 kr. pr. skammtur)
**4 kg 160-320 skammtar kr. 19.980.-** ( 62-124 kr. pr. skammtur)

allt fyrir kroppinn
**HREYSTI**
Skeifunni 19 - S. 568 1717
**Lítill stórmarkaður með fæðuauka og æfingatæki**
Kíktu á nýja og betri netverslun www.hreysti.is
Ath. frí heimsending ef verslað er fyrir meira en 10.000.-

SKEIFAN 19 108 REYKJAVÍK SÍMI 568 1717 WWW.HREYSTI.IS OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ KL. 10-18 - LAUGARD. 11 - 15

# núna

✻ fylgist vel með

**ÞAÐ ER ÓFREMDARÁSTAND Í KATTHOLTI** og Dýrahjálp Íslands auglýsir líka eftir góðu fólki til að taka að sér kisur. Hvernig væri nú að eignast nýjan og mjúkan félaga í vetur og gera góðverk í leiðinni?





**Spennandi tilboð** Úr mörgu verður að velja á dömulegum dekurdögum næstu helgi.

## Láttu dekra við þig á Akureyri

Dömulegir dekurdagar verða haldnir í annað sinn á Akureyri helgina 9.–11. október. Þetta er helgi þar sem vinkonur, systur, mæðgur, frænkur og vinnufélagar njóta þess að gera eitthvað skemmtilegt saman, útskýrir Margrét Blöndal, skipuleggjandi viðburðarins. „Hugmyndin kviknaði í fyrra og að vel hugsuðu máli varð önnur helgin í október fyrir valinu. Okkur óraði auðvitað ekki fyrir því að þetta ættu eftir að verða einir dramatískustu dagar Íslandssögunnar en þrátt fyrir bankahrun og krepputal héldum við okkar striki, buðum upp á dekur og dúllerí og tilraunin tókst það vel að við ætlum að halda áfram.“



**Ljúffengar veitingar Hvers vegna ekki að skella sér á Kaffi Karólínu í mat næstu helgi með vinkonunum?**

Yfir fimmtíu fyrirtæki hafa þegar tilkynnt þátttöku sína og hvert þeirra leggur sitt af mörkum til að gera helgina góða og eftirminnilega. Flott tilboð verða um allan bæ og dömulegar móttökur í verslunum, snyrtistofum, hárgreiðslustofum, líkamsræktarstöðvum, veitingastöðum og skemmtistöðum. Meðal þess sem er í boði má nefna tónleika á Græna hattinum, dömukvöld með Sigríði Klingenberg og sérstök tilboð á Purity Herbs-heilsulínunni. „Það er draumur okkar að þessu stöndum að sem flestar konur landsins fari brosandi inn í veturinn eftir að hafa notið dömulegra dekurdaga á Akureyri,“ segir Margrét.

Dagskrá dekurdaganna er á www.dagskrain.is.

Arnar, Aníka og Matti
bjóða ykkur velkomin



Opið virka daga
9^00 - 18^00
Laugardag
9^00-13^00

SALON REYKJAVÍK
Sími: 568 5305 • Grandagarði 5



**Hendrikka og Bono** Söngvarinn Bono fjárfesti í ermahnöppum Hendrikku.

BONO OG COLE HAFA SMEKK FYRIR FÖGRUM STEINUM:

## Frægir karlar falla fyrir Hendrikku

Fótboltakappinn Ashley Cole og söngvarinn Bono eru meðal þeirra karlmanna sem fallið hafa fyrir ermahnöppum skartgripahönnuðarins Hendrikku Waage.

Hendrikka hitti Cole á góðgerðarsamkomunni „Right to Play“ á Wentworth-golfvellinum á Englandi, þar sem hann var staddur ásamt öðrum fótboltaköppum í Chelsea. Þar rak hann augun í ermahnappa Hendrikku og tryggði sér par.

Réttt eins og hanastélshringarnir sem Hendrikka er þekktust fyrir eru ermahnapparnir sem þeir Cole og Bono féllu fyrir litríkir og skemmtilegir.

*- hhs*



**Með Ashley Cole**
Hendrikka hitti Cole á góðgerðarsamkomu en við það tækifæri keypti hann af henni ermahnappa.

DJAMMIÐ UM HELGINA

## EKKI MISSA AF:

### FORSKOT Á HREKKJAVÖKU

Í Gallerí Crymogeu á föstudagskvöldið verður haldið skemmtilegt þemapartí sem nefnist Næturfagnaður hinna lifandi dauðu. Gestir eru beðnir að koma sem einhverskonar myrkraverur hvort sem það er í formi vampíra, uppvakninga, drauga eða norna.



### LJÓÐAKVÖLD OG MAGGI LEGO

Á barnum Bakkus er nóg um að vera um helgina. Á laugardagskvöldið er svokallað Open Mic ljóðakvöld í boði Nýhil kl. 21 en svo á miðnætti tekur DJ Maggi Lego við til að þeyta skífum fram á rauða nótt. Gestir verða svo endilega að spreyta sig á fussball-spilinu fyrir innan. Á sunnudagskvöldið er svo hressandi kántríkvöld.




### AARON CARL ÞEYTIR SKÍFUM

Á laugardagskvöldið mætir plötusnúðurinn Aaron Carl á næturbúlluna Jacobsen og má búast við rífandi stuði. Aaron Carl sem er frá Detroit er þekktur fyrir deep house tónlist auk tech house og ghetto tech.



Glæsilegt
úrval af
kertum
með langan líftíma
á frábæru
verði
Aðeins á Korputorgi
Í tilefni af eins árs afmæli Korputorgs er
20-40% afsláttur
af kertum um helgina.
Púðar
mikið úrval
3.490,-
2.490,-
3.490,-
9.990,-
3 fyrir 2
Yes To
snyrtivörur
890,-
990,-
19.900,-
34.900,-
Fleiri litir á pullum
19.900,-
990,-
4.990,-
790,-
1.190,-
the
PIER
kemur stöðugt á óvart ...
Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

# ÞETTA ER FULLORÐINS!

**Það er alltaf mikið að gerast hjá *Barða Jóhannssyni*, kenndum við Bang Gang. Í vikunni kom út diskurinn La Ballade of Lady & Bird, a project by Keren Ann Zeidel & Barði Jóhannsson.**

*Viðtal:* Dr. Gunni
*Ljósmyndir:* Linda Bujoli



**Kynþokkafullir heimsborgarar** Lady & Bird. MYND/TAKI BIBLEAS

Framan á umslaginu stara popparanir Barði og Keren fullir kynþokka og gefa í skyn hvílíku eðalpoppi hlustendur eiga von á. „Þetta er önnur platan okkar Lady & Bird og þetta er „læf"-plata," segir Barði. „Upptaka frá tónleikum okkar í Háskólabíói á Listahátíð í fyrra. Við, Sinfóníuhljómsveit Íslands og kór. Tónleikarnir voru teknir upp á Rás 2 og svo kláruðum við þetta í hljóðveri. Við höfum hvorugt gaman af „læf"-plötum, þar sem þær hafa yfirleitt að geyma lélegar útgáfur af góðum lögum sem voru unnin í hljóðveri. Við unnum í plötunni þangað til við töldum okkur vera farin að skila eins góðum hljómi og mögulegt var af lifandi upptökum. Það var allt gert á Íslandi og ég þurfti að berjast fyrir því að halda verkinu hér. Þegar verk eru unnin á Íslandi þýðir það kynningu fyrir Ísland í leiðinni. Ísland er mjög vænlegt land til að vinna í. Það er ekki svo mikið að gerast svo það verður góður fókus á verkinu. Úti er endalaust áreiti af fundum. Maður er oft á fundum frá tíu á morgnana til tíu á kvöldin."

## ÉG ER ENGIN STJARNA

Barði er þó alltaf með annan fótinn í Frakklandi, því háklassa menningarlandi, en vill gera sem minnst úr því hvort hann sé orðinn poppstjarna í Frans. „Það gengur bara fínt. Plöturnar mínar ganga það vel að menn vilja gefa út næstu. En ég er engin stjarna, enda hefur markmið mitt með tónsköpun aldrei verið slíkt. Maður gerir eins vel og hægt er hverju sinni... og reynir svo að gera aðeins betur næst. Hljóma ég eins og handboltalag?"

Tja já, smá! Nú fékk franska plötubúðakeðjan FNAC ykkur Keren nýlega til að velja titla í sérstakar útstillingar í búðunum. Hvað kom út úr því? „Við völdum tíu diska, tíu DVD og tíu bækur. Þetta efni þurfti að fást í búðunum og það var óskað eftir því að þetta væri Íslandstengt. Mig langaði að velja Sigurð Pálsson en bókin sem var gefin út með honum í Frakklandi var því miður uppseld og því ófáanleg. Ég valdi til dæmis Singapore Sling, Ennio Morricone af því að hann passar við íslenskt landslag, Keren Ann og hún valdi Bang Gang. Þetta var mjög gaman. Það var samt svolítið skrítið að sjá risa plaköt af okkur í búðunum."

Hvert er svo næsta skref í hinu svokallaða „meiki"?

„Það er aldrei neitt meik í gangi. Þetta hefur bara verið gegnumgangandi og steddí allt saman. Nýja „læf"-platan fór á topp 100 í Frakklandi í síðustu viku. Franski markaðurinn er fimmti eða sjötti stærsti markaður í heimi. Þetta gengur vel en maður er engin stjarna. Platan er komin út á Íslandi og í Frakklandi og Ísrael, en þar býr Keren Ann. Hún er nýflutt til Tel Aviv. Svo kemur platan út seinna í öðrum löndum.

Næstu skref eru svo útgáfutónleikar í Salle Pleyel í París 27. október. Ég spilaði á þeim stað í fyrra á undan Air. Það eru örfá poppbönd sem fá að spila þarna. Á þessu ári eru það bara Antony & The Johnsons, Lou Reed og Laurie Anderson, og svo við. Við verðum með fjörutíu manna sinfóníuhljómsveit og tólf manna kór sem kemur frá Íslandi."

Vá, þetta er ekkert Grand Rokk lengur?!

„Nei, þetta er fullorðins!"

## ALDREI BÚINN Í VINNUNNI

Ertu byrjaður á næstu Bang Gang-plötu?

„Ég er aðeins byrjaður að kíkja á það, já. En í sumar er ég þó aðallega búinn að vera að vinna fyrir Þjóðleikhúsið að nýrri frumsaminni tónlist fyrir leikritið Brennuvargarnir eftir Max Frisch. Þegar búið er að frumsýna leikritið 16. október og Lady & Bird er búin að spila, þá ætti ég að geta farið að snúa mér að krafti að næstu Bang Gang-plötu."

Hvað geturðu sagt mér um Brennuvargana?

„Þetta er leikrit en það er kór sem syngur tónlistina og er hluti af verkinu. Þetta leikrit er algjör snilld. Ádeila, en gert með gríni. Engu Spaugstofugríni þó með grettu í lok hvers brandara til að tryggja hlátur. Kristín Jóhannesdóttir leikstýrir og er alveg stórkostleg. Ég er í aðdáendaklúbbi þeirra hjóna."

Barði hefur stofnað hljómplötuútgáfuna Kölska sem er undirmerki hjá Senu og segist ætla að gefa út þrjár snilldir á ári. „Snilldirnar í ári eru nýjar plötur með Diktu og Ourlives og svo „læfplatan" með Lady & Bird. Ég er langt kominn með að finna snilldirnar þrjár fyrir næsta ár. Það er sameiginlegt með Diktu og Ourlives að þetta eru metnaðarfullir og duglegir strákar, einbeittir í því sem þeir eru að gera. Og útkoman er góð, þetta eru keppnisbönd!"

Hvernig hljómplötumógúll ert þú?

„Ég verð bara eins og ég er. Ég reyni að vera sá sem ég sjálfur vildi vilja díla við."




## * bak við tjöldin



**Besti tími dagsins:**
„Ég þakka fyrir hverja mínútu."

**Skemmtilegast að gera:**
„Að gera."

**Leiðinlegast að gera:**
„Að gera ekkert."

**Uppáhaldsborgin:**
„Reykjavík, Hvolsvöllur, París, Los Angeles, get ekki gert upp á milli."

**Skemmtilegasti staðurinn:**
„Nálægt hressandi fólki og/eða hljóðfærum og/eða upptökutækjum sem hægt er að hljóðrita og hljóðblanda á."

**Áhugaverðasta íslenska hljómsveitin:**
„Bang Gang, Dikta, Ourlives, Singapore Sling, Ólafur Arnalds, Leaves, BB & Blake, Daníel Ágúst og Eberg. Allt er þetta áhugaverðast."

**Falin perla:**
„Viðtalið við hljómsveitina Mayhem á Wacken-festivali í Þýskalandi."





Barði þurfti á sínum tíma að kaupa sig út úr samningi við Sprota og hann segist eiga útgáfuréttinn á mestu af sínu efni í dag. Er það hans reynsla að það sé fullt af skítakarakterum í þessum bransa?

„Já, og það er svo sem fullt af þeim alls staðar. En það er náttúrlega rugl að vinna við tónlist. Það meikar engan sens. Það er alltaf eitthvað að detta inn og koma upp á. Ef maður ætlar að vera með verður síminn manns að vera opinn allan sólarhringinn. Frakkland er tveimur tímum á undan og Ameríka sex tímum á eftir. Hvenær er maður búinn í vinnunni? Aldrei! Ekki fyrr en einhver setur mér stólinn fyrir dyrnar. Maður reynir oft að setja sér stólinn fyrir dyrnar sjálfur.“

### SÉRFRÆÐINGURINN REKINN

Nú er verið að halda upp á tíu ára afmæli Skjáseins. Barði var virkur gerandi á fyrstu árum stöðvarinnar, samdi til að mynda stefið sem Egill Helgason notar enn í Silfrinu sínu og var að auki með hinn framúrstefnulega þátt Konfekt með Henrik Björnssyni í Singapore Sling. Sá þáttur nýtur nú mikillar hylli á Youtube.

„Ég er mjög ánægður með Konfektþættina, en þeir voru fáir sem skildu þá á sínum tíma. Þeir voru ekki gerðir til að falla inn í einhvern tíðaranda. Það er auðvitað margt sem maður myndi gera öðruvísi í dag og svo höfðum við akkúrat engan pening til að gera þetta. Í dag fer fólk í einhvern kvikmyndaskóla og borgar mörg hundruð þúsund til að læra ekki neitt. Er kannski með kennara sem er nýútskrifaður sjálfur. Það er miklu betra að eyða peningunum í að gera eitthvað. Maður lærir miklu meira á því að gera hlutina sjálfur. Að labba á alla veggina.“

Ert þú eitthvað lærður í músíkinni?

„Ég lærði allan grunninn. Hætti þegar ég var orðinn sautján ára. Ég hef aldrei lært lagasmíðar eða hljóðupptökur. Tónfræðin, tónheyrnin og hljómfræðin hafa hjálpað mér þegar ég þarf að skrifa út nótur. Ef ég hefði ekki ætlað að gera það hefði ég ekkert þurft á þessum grunni að halda. Eins með sjónvarp. Ég hef gert stuttmyndir og sjónvarpsþætti. Flestir sem ég hef unnið með segja að maður læri mest af því að gera hlutina. Þegar við tókum upp fyrri Lady & Bird-plötuna var einhver sérfræðingur á svæðinu sem var alltaf að segja okkur að hljóðneminn væri á vitlausum stað og að við ættum ekki að spila svona á hljóðfærin heldur hinsegin. Hann var rekinn samdægurs. Við vitum alveg hvernig á að spila rétt en það er ekki alltaf skemmtilegast að gera rétt.“

### MEIRI KREPPA Í KAMBÓDÍU

Barði á meiri fortíð í fjölmiðlun en á Skjáeinum. Hann skrifaði í Séð og heyrt á tímabili og sá um frábæran útvarpsþátt, Ólafur. Langar hann aftur í fjölmiðlabransann?

„Já, ef ég á að segja eins og er, er mikill vilji hjá mér til að gera eitthvað skemmtilegt á þeim vettvangi, og þá helst í sjónvarpi. Að gera eitthvað sem fólk byrjar kannski að kveikja á árið 2020.“

Og tilboðin streyma náttúrlega inn, er það ekki?

„Nei, það er ekki auðveldasti tíminn núna. Samt eru tækifæri í öllu. Kosturinn við lægð er að þótt minna sé gert er meira pláss fyrir þá sem hafa minna fjármagn til að koma inn með einhverja snilld. Í kreppu er ekki allt étið upp með einhverju risa fjármagni sem oft er ekkert á bakvið nema einhver kall sem á pening og svo fullt af einhverju fólki sem er að mergsjúga þann sem leggur til féð.“

Finnst þér semsé meira stuð núna í þessari „svokölluðu kreppu“?

„Tja, það er svo sem allt frekar svipað hjá mér, nema meira vesen að sannfæra útlendingana um að vinna hérna heima. Mér finnst orðið „kreppa“ svo ljótt. Það kemur alls konar fólki fyrir í lífinu. Fólk getur veikst, sem er miklu alvarlegra en þetta. Það eru stríð víða. Ef maður hefði búið í Kambódíu og verið búinn með háskóla fyrir nokkrum árum væri búið að taka mann af lífi fyrir það eitt að hafa verið í skóla. Það er alvöru ranglæti. En þú veist, ég veit það ekki... á maður að læsa sig inni í skáp og vera í fýlu?“


HEILSULEIKSKÓLINN KÓR, KÓPAVOGI

**Vilt þú taka þátt í Heilsustefnu og halda áfram að þróa hana í leikskólanum?**

Ef þú ert **leikskólakennari** sem hefur áhuga á næringu, hreyfingu og listum, þá átt þú samleið með okkur.
Við leitum að ábyrgu starfsfólki með reynslu af leikskólastarfi til að taka þátt í þessu spennandi verkefni með okkur.
Einnig vantar **deildastjóra** í tímabundið starf vegna fæðingarorlofs.

Leikskólinn er sex deilda fyrir börn á aldrinum 18 mánaða til 6 ára. Við hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um störfin.





**Nánari upplýsingar veitir**
**Bjarney K. Hlöðversdóttir skólastjóri í síma 570-4940.**

**Rafrænar umsóknir er hægt að leggja inn á www.skolar.is**

SKÓLAR
NÆRING · HREYFING · LISTIR

vísir.is




CHECK OUT THE G-STAR STORE IN REYKJAVÍK, LAUGAVEGUR 86-94, S: 511-2007
operated by v8 ehf

# tíska

✻ heitt frá Ítalíu



**NÚ ER FARIÐ AÐ KÓLNA** hressilega og kominn tími til að fara í hlý föt. Þessi litaglaði og svali ullartrefill er frá Rutzou og fæst í GK Reykjavík.



**Bjart og frísklegt** Fyrirsætur ganga niður tískupallinn í Mílanó í silfurhvítum kjólum alsettum kristöllum.



**Grátt og nútímalegt** Fallegur grár toppur við stuttar bikiníbuxur. Takið eftir túberuðu hárinu og rauðgula varalitnum.



**Flöskugrænt** Sjúklega smart grænt „keip“ við stuttbuxur.



**Mynstur** Falleg stutt mynstruð kápa við hnébuxur.


Hugsaðu um heilsuna

maður lifandi



## Ævintýralíf

**Miðvikudaginn 07. okt. kl: 17:30-19:30**
**í Borgartúni 24** Verð: 1.900.-

**Lífið er ferðalag og þú getur stjórnað því hvort þú lendir í spennandi ævintýrum og lætur drauma þína rætast eða festist í gráum hversdagsleikanum.**

**Ekki fresta því að koma á hnitmiðaðann fyrirlestur um hvernig hægt er að hafa ótrúleg áhrif á daglegt líf þitt.**

## Frábær leið að heilbrigðum lífsstíll

**Fimmtudagur 08. okt. kl: 17.30–19.00**
**í Borgartúni 24** Verð: 1.500.-

**Frábær heilsa er einfalt náttúrulögmál.**

- Lífrænt fæði. • Mikilvægustu bætiefnin.
- Sýrustig líkamans. • Árstíðahreinsikúrar.
- Lækningarmáttur líkamans.
- Sólin og lækningamáttur hennar.

Fyrirlesari: Benedikta Jónsdóttir - Heilsuráðgjafi

Skráning: í síma 699-6416
benediktaj@hotmail.com—madurlifandi@madurlifandi.is


Hvað er það sem stelpur vilja? Nýju línuna frá Miucciu Prada fyrir 2010

# SJÚKAR Í PRADA

Það var eitthvað óútskýranlega heillandi við vor- og sumarlínu Prada sem sýnd var á tískuvikunni í Mílanó. Það var ekkert sykursætt í gangi heldur frekar það sem Miuccia Prada kallar „Business to beach“. Fötin voru einföld í gráum, svörtum og dökkgrænum satín- og nælonefnum og oft með áprentuðum mynstrum sem minntu á sumarblóm eða sólhlífar. Pinkulitlar stuttbuxur og víðir jakkar minntu á hönnun sjötta áratugarins í bland við japönsk áhrif, stuttir babydoll kjólar eiga án efa eftir að verða mjög vinsælir, og svo settu glerkristallar punktinn yfir i-ið á kjólum og ævintýralegum skóm. Ekki spillti svo förðun og hárgreiðslan fyrir en fyrirsæturnar voru með túberað hliðarskipt hár og eldrauðappelsínugulan varalit. *- amb*



**Ævintýralegir skór** Sannkallaðir öskubuskuskór úr kristöllum.

## Hvernig hermir maður eftir Prada-förðuninni?

**Förðunarfræðingurinn Margrét Jónasardóttir hjá Make Up Store hrífst mjög af Prada-lúkkinu fyrir næsta vor og segir það einkennast af fallegri, heilbrigðri ljósri húð með léttum farða. „Það er engin áhersla á kinnar heldur varir, ásamt ljósum augabrúnum og augum.“ Til þess að ná fram þessari förðun er upplagt að nota rauðan „Pout“ varalit , með orange „Fig“ varaglossi yfir sem gefur þennan bjarta tón. Í kringum augun er settur örlítið svartur maskari á aðeins efri augnahár. Mjög flott er að setja glansandi „Blend & Fix“ kremið örlítið í kringum augun og á augnhárin til að fá gljáa.**



**varirnar eru málið** Gloss, varalitur og Ípúður frá Make up Store


STÖÐ 2 TIL 5. FEBRÚAR
Á AÐEINS 6.690 KR. Á MÁNUÐI
OG ÞÚ FÆRÐ STÖÐ 2 BÍÓ OG
STÖÐ 2 EXTRA FRÍTT MEÐ
EFTIRMINNILEG OKTÓBERKVÖLD
MEÐ ÞÍNUM NÁNUSTU
ÞAÐ ER ÓDÝRARA AÐ SKEMMTA SÉR HEIMA
skemmtilegri
VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# tíðin
## hugguleg heimili



**FYLGIHLUTIR GETA GERBREYTT DRESS-INU.** Þessi dásamlega köflótta taska er nýkomin í kron-kron og er frá Vivienne Westwood.

TOPP 10



**UPPSTOPPAÐI MARÍULAXINN** Hann kallar fram ljúfar minningar um góða tíma.


Hvað bíður þín?




Dömulegir dekurdagar á Akureyri 9.-11. október

Spennandi tilboð og kynningar, gleði og gaman og spákonur sem skyggnast inn í framtíðina.

Kíktu á **dagskrain.is** og sjáðu hvaða freistingum þú vilt falla fyrir.

Dömudeildin




## BIRNA GUÐMUNDSDÓTTIR
**markaðsstjóri hjá ferðaskrifstofunni Úrval-Útsýn**



**SVÖRTU LEÐURSKÓRNIR**




**ATLASINN MINN**



**HRINGUR FRÁ KRÍT** Mamma gaf mér hann og mikla von þegar ég útskrifaðist frá HÍ.



**GRÆNI LEIRVASINN** Áttræður afi minn bjó vasann til handa mér.



**TREFILL FRÁ RÓSA DESIGN**



**STEINA- OG SKELJASAFNIÐ MITT** Bestu minjagripirnir frá Indlandi, Grænlandi, Taílandi, Indónesíu, Srí Lanka og fleiri stöðum.



**BABÚSKURNAR FRÁ MOSKVU** minna mig á hvað ég er þakklát fyrir að geta ferðast um heiminn.

**MÁLVERK FRÁ INGIBJÖRGU KALDAL** Get snúið verkinu á mismunandi kanta og alltaf séð eitthvað nýtt – alveg eins og með allt í lífinu!





**SILFURARMBAND FRÁ PORTOBELLO-MARKAÐNUM** Minnir mig á ömmu Birnu sem var mesti fagurkeri sem ég hef kynnst.

# Fjögurra vikna lúxusnámskeið

fyrir konur og karla



Sjöfn Sigþórsdóttir hjúkrunarfræðingur
og María Kristjánsdóttir lögmaður

Námskeiðið er **frábær leið** til að auka **styrk, úthald** og **hreyfigetu.** Við erum betur í stakk búnar að **takast á við krefjandi verkefni**



Gissur Ísleifsson tölvunarfræðingur

Ég breytti um **LÍFSSTÍL** og **þú getur það líka.** Búinn að missa yfir **20 kíló** á **tveimur og hálfum mánuði** og er **enn að léttast**



**Lúxusnámskeið NordicaSpa er hannað til að koma þér af stað á mjög árangursríkan og einfaldan hátt. Tilgangur námskeiðsins er að koma þér á æðra stig hvað varðar líkamlega og andlega heilsu.**

- Fimm tímar í viku – Brennsla og styrkur
- 3 öflugir brennslutímar
- 2 styrktartímar í sal undir handleiðslu þjálfara
- Vikulegar mælingar
- Ítarleg næringarráðgjöf
- Fyrirlestur – Borðaðu til að léttast og auka orkuna
- Slökun og herðanudd eftir hverja æfingu
- Hollustudrykkur eftir hverja æfingu
- Takmarkaður fjöldi
- **6:30, 7:30, 10:00, 16:30** og **18:30** fimm sinnum í viku
- Þjálfari er Gunnar Már Sigfússon

### 1. vika – Orkuhleðsla
Í fyrstu vikunni byggir þú upp orku og kemur líkamanum í jafnvægi.

### 2. vika – Öflug melting – Aukin brennsla
Í viku tvö er verið að efla og bæta meltinguna til að þú fáir sem mest út úr holla matnum sem þú ert að borða.

### 3. vika – Hormóna jafnvægi – Hreinsun
Þriðja vikan mun koma jafnvægi á hormónaflæði líkamanns sem mun hafa áhrif á skap þitt, lífsorku og kraft.

### 4. vika – Ónæmiskerfi eflt – Jafnvægi
Í viku fjögur byggjum við upp ónæmiskerfið og hjálpum því að verja líkamann á náttúrulegan hátt.

## Ný námskeið hefjast 19. október

Skráning er hafin í síma 444 5090 eða
nordicaspa@nordicaspa.is ■ www.nordicaspa.is

Hilton Reykjavík Nordica Hotel
Suðurlandsbraut 2
Sími 444 5090
nordicaspa@nordicaspa.is
www.nordicaspa.is

NORDICASPA



# FRÁBÆR FÖSTUDAGUR

**Jón Atli Helgason plötusnúður**



1 Sofna í rútunni í Köln.



2 Vakna í rútunni í Berlín.



3 Morgunmatur á klúbbnum.



4 Kvöldmatur á góðum veitingastað.



5 Gus Gus live @ Berghain Berlin!


Signatures Of Nature

– náttúrulegar og lífrænar snyrtivörur

AF VÖLDUM VÖRUM 20–40% AFSLÁTTUR 2.–5. OKTÓBER




Nýtt netverslun signaturesofnature.is

**Ath. tilboð gilda aðeins í verslunum.**



Kolbrún Björnsdóttir
fjölmiðlakona

Nature Scent líkamslínan er himnasending fyrir þurra húð, hvort sem um er að ræða sturtuscrub, olíuna eða body-butter.

Ég fann strax mikinn mun á andlitinu eftir að ég byrjaði að nota dagkremið frá Nature Scent. Stór kostur finnst mér að það er án allra rotvarnarefna og inniheldur Barbadensis, eina bestu ættkvísl Aloe vera plöntunnar.

NÝ NETVERSLUN OPNAR www.signaturesofnature.is NÝ NETVERSLUN OPNAR

Allar vörur frá 390 kr.–2990 kr.

Allt fyrir líkama, andlit og hár. Búðu til þitt eigið spaa heima fyrir frábært verð.

Signatures of nature er hjá:

GULA HÚSINU FAXAFENI 8

andorra stúdíó Helga sæunn Strandgötu 32 sími 555 2615

SNYRTISTOFAN VERÐI ÞINN VILJI Líkaminn er musteri sálarinnar



512 50 50 Auglýsingasími




– Mest lesið

## 1-2 milljónir



Nissan Micra, skráð. 10/'04. Ek. 36 þús. V. 1130 þús. Uppl. í s. 861 2525.

Til sölu: Toyota Corolla LE, árg. 2004. Ekinn 62 þús. km. Sjálfsk., lofkæling, vél 1800cc. Verð 1050 þús. staðgreitt. Aðeins bein sala. Upplýsingar í síma 694 8258.

## Bílar óskast

Óska eftir bíl, 30-150 þús. Ekki eldri en '98, má þarfnast lagfæringar. Uppl. í s. 868 8565.

Kaupi bíla sem þarfnast lagfæringar fyrir ca 20-100 þús. stgr. sími 896 6744.

Óska e.að kaupa til niðurrifs gamla Peugeot,Daewoo,M.Benz & O.Vectra bíla.Nánari uppl. í s.661 2222.

Óska eftir fullbúnum nýlegum Range Rover. Tek yfir lán. Aðeins mjög flottir bílar koma til greina. Elvar s. 840 5797.

## Jeppar

EBERSPACHER, vatns- og hitablásarar 12 & 24volt, diesel og bensín, Viðgerðar og varahlutaþjónusta. Stilling sími: 520 8000.

Gott herbergi með eldunar aðstoðu til leigu í Meðalholti sér inngangur.Herb. er laust. 32Þ S.8655971

## Vörubílar

Forþjöppur, varahlutir, viðgerðarþjónusta. Eigum á lager / getum útvegað flesta varahluti fyrir vörubíla og vinnuvélar. Stilling sími: 520 8000.

## Mótorhjól




Hér er það nýjasta fyrir motocross og enduro mótorhjól. Búnaður sem gerir slöngur og mús óþarfa. Ódýrara en mús og endist mjög vel. Kíktu á heimasíðuna okkar og skoðaðu þetta betur. www.bluemountain.is Einnig getur þú hringt í okkur í síma 5787860. . Verð kr. 18.000,- stk. Ísetning kr. 4.000,- per dekk. Tilboð í gangi núna, kauptu TuBliss í bæði dekk og þú færð fría ísetningu.

KTM 400 EXC '06 til sölu aðeins 12 timar verð 750 þús S:8959369




Hjálmadagar Agv - Sixsixone 20-30 % afsláttur til 10 október Hagkaup Garðabæ 563-5000

## Fellihýsi

Palomino fellihýsi árg. '05 Eingöngu notað tvisvar. Vegna flutninga á aðeins 190 þús. S. 840 5797.

ER með upphitað geymsluhúsnæði fyrir Fellihýsi-tjaldvagna-hjólhýsi-pallhýsi S: 867 1282.

## Vinnuvélar

Vinnulyfta (spjót) í góðu standi óskast keypt. Vinnuhæð a.m.k. 12m. S. 862-2221.

## Bátar



Handfærabátur m/Volvo 130hö vél. Tilboð óskast. Skipti koma til greina. S. 840 0613.



Til sölu, Skátinn Gk 82, 1373 Þarfnast lagfærningar. Upplýsingar gefur Gunnar Leifur 892-8433 Stærð: 29,00 brl; 27,00 bt.



Til sölu farþegabáturinn Andrea 2, 2241 Báturinn í góðu ásigkomulagi. Upplýsingar gefur Gunnar Leifur í síma 892-8433.

## Flug

Til sölu 1/6 hluti í TF-TOH Piper Cherokee 180. Góður hópur, góð kjör. Er í skýli og nýsk. S. 846 0608.

## Hjólbarðar

Til sölu 10x17 felgur. Með hálfslitnum 35" dekkjum. Passar undir Ford F150. S. 856 3473.

**Dekkjavél**
Óska eftir dekkjavél. Skoða allt. Uppl. í s. 861 7600.

## Tilkynningar

**Breyttur opnunartími!**

**Frá og með 1. október er Vélaver hf. opið alla virka daga frá kl. 09.00 - 17.00**

**Mikið úrval af varahlutum og rekstrarvörum**

**Minnum á neyðarvaktir okkar!**
**Neyðarvakt verkstæðis: 869 5503**
**Neyðarvakt varahlutir: 863 5963**
**Neyðarvakt DeLaval: 892 6893**

VÉLAVER HF

**Krókhálsi 16 - 110 Reykjavík - Sími 588 2600 - www.velaver.is**

## Varahlutir

**www.netpartar.is Bílapartasala**
Notaðir varahlutir í nýlega bíla. Opið virka daga 9-18. S. 486 4499 & 486 4477.

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

**VW, Skoda S. 534 1045**
Varahlutir í VW og Skoda bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

**Partahúsið - S. 555 6666**
VW Bora, Golf, Passat, Cati, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Toyota Avensis, Yaris. M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugot 206. Man 26530 árg.'05. og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 615 0888. Skeiðarás 3, 210 Grb.

ER að rífa Swift 05-09 yaris 05 bmw 525 disel '02 honda civic 97 renult kango 99. Kaupum bíla í niðurrif. Partabílar 770-6400

Er að rífa Musso 96-04.Musso Sport 04.Isuzu Trooper 99.Landrover Discovery 98.Lanos 00-02.Nubira 02.Galloper 00.Cherokee 94.Ford 250 04.Toy Double Cap 94.Korando 98. Kaupum bíla til niðurrifs.Musso varahlutir Kaplahrauni 9.S.864 0984

**Bílapartar ehf S. 587 7659.**
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ www.bilapartar.is

## Viðgerðir




## ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar




Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn




## Garðyrkja

**Gröfuþjónusta Auberts.**
**Allar stærðir af gröfum með fleyg og jarðvegsbor, hlöðum grjótkanta og útvegum holtagrjót og allt fyllingarefni, jöfnum lóðir, gröfum grunna. Einnig endurnnýjun á drenn og klóaklögnum.**
**Sími 892 1663.**




**Trjáfellingar!**
Runnaklippingar, trjáklippingar, snyrting á trjágróðri. Alhliða umhirða garða. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur. S. 848 1723.

**Haustfellingar**
Fellum og fjarlægum tré. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 773 0317.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. S. 896 5758.

Málarar geta bætt við sig verkefnum, stórum sem smáum, hagstæð kjör! Uppl. í s. 773 0317.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald

Viðhaldsverk ehf

**Húsaviðgerðir**
Múrarar, málarar með mikla reynslu í viðhaldi fasteigna geta bætt við sig verkum. Viðhaldsverk ehf S. 699 0712 & 618 7712.



**smidaland.is**
Smíðum glugga - nýsmíði - húsaviðhald - S:772 0040.

**Steinsteypusögun – Kjarnaborun Múrbrot - Niðurrif**
**B.B Steinsögun**
Bbsteinsogun@simnet.is
Gsm: 896 7579

**Fagþjónusta - Allt á einum stað**
**Getum bætt við okkur í flísalögn, múrverki, pípulögn, málningu, parketlögn, glerísetningum og fleira. Sérhæfum okkur í lekavandamálum. Einnig tökum við að okkur niðurrif úr húsum og múrbrot. Fljót og góð vinnubrögð. Tímavinna eða tilboð. Upplýsingar í síma 899 2420**
**Steingæði ehf.**

**Húsaviðgerðir**
Skiptum um rennur og bárujárn á þökum og múrviðgerðir og fl. Uppl. í s. 659 3598.

**Húsaviðhald!**
Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

**Lekur þakið ?**
Tek að mér að leggja P.V.C dúk á þök og bílskúra, erum líka í þakviðgerðum. Uppl. í s. 659 3598.

## Stífluþjónusta

**Stíflulosun Röramyndun**
Losa stíflur úr salernum, vöskum, baðkerum og niðurföllum. Röramyndavél til að staðsetja skemmdir í lögnum.
**Skolphreinsun Ásgeirs sf.**
**S.892 7260 & 567 0530**

## Tölvur

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagnabjörgun, flest tölvuvandræði leyst. 18 ára reynsla, fínt verð, afsl. f. félaga ÖBÍ & FEB. Stefán S. 821 6839.

## Nudd

Whole body massage. Frábært nudd, fullkomin þjónusta. Uppl. í s 857 5015.

Whole body massage. Frábært nudd, fullkomin þjónusta. Uppl. í s 857 4850.

Whole body massage. Tel. 849 5247.

## Spádómar




**661 3839 - Símaspá**
Opið alla daga frá kl 16:00.

## Skemmtanir



Enn og aftur mætum við í veisluna eða partíið með ljúfu lögin & stælum best brekkusöngin hans Árna J. JoJo & Nikolaus sími: 822 4535 email: skiing@this.is

Er ung og falleg kona með miklar þarfir, til í allt, einstakl. og hópar, kem í heimahús og vinnust. með erótíska dansa af bestu gerð, gegn vægu gjaldi. Tímapantanir í s.690 1150

## Rafvirkjun




## Trésmíði

**smidaland.is**
Nýsmíði, viðhald, gluggar, sólpallar, skálar, þakviðgerðir. Allt milli himins og jarðar. S. 772 0040.

## KEYPT & SELT

## Til sölu




**Þjófavarnirnar komnar aftur!**
nú einning með reykskynjara. Þú velur 3 símanúmer sem þjófavörnin hringir í ef brotist er inn hjá þér. Eigum alla aukahluti. Verð 23.900.-

**Mótorsport ehf**
**Síðumúla 34, 108 Reykjavík**
**Sími: 567 1040**
**Öll viðgerðarþjónusta á staðnum**
**www.motorogsport.is**



**Eldsneytis sparari. Hvirfilstæki í bíla!**
SPARNAÐUR: 7% til +27%* Þetta Virkar! Meiri Kraftur. VERÐ frá 11.900.-kr. 30 daga skilaréttur. S.K.M ehf. Viðarhöfða 2, (v/Stórhöfða). S: 517-8400. www.SNJOKEDJUR.is

**Þvottavélar varahlutir**
Til sölu yfirfarnar þvottavélar, þurrkarar, uppþvottavélar og stórar amerískar vélar og þurkara 10kg. Tökum bilaðar upp í. Einnig mjög ódýrir VARAHLUTIR í þvottavélar. Opið um helgina. S. 847 5545.

Mísa frystiklefi. lengd 360 cm. hæð 200.Breidd 200. Vélbúnaður nýtilendurnýjaður. Uppl. í s. 897 2255.

Ping golfsett 3 ára. Fullt sett, nýlegt. 60.000 kr. Elli Vill 840 5797.

**Ýmislegt til sölu**
Sófaborð og pennasafn til sölu. ~~Uppl s: 6658175~~

7 blóm myndir, krónur 770.000.000.000.000.000.000.000,00. Krónur. Edda. S. 552 5880.

## Gefins

Óska eftir ísskáp og þvottavél gefins, má vera bilað. Uppl. í s. 896 8568.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**Kaupi gull !**
**Ég Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi af fólki. Og veiti ég góð ráð. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið.**

**Leitið til fagmanns.**
**Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13,**
**Verið velkomin**

**Þvottavél óskast**
Óska eftir að kaupa ódýra þvottavél og þurrkara. Má vera bilað. S. 847 5545.

Óska eftir Bose hljómtækjum, ekki þýfi og gufuvél fyrir föt. Uppl. í s. 820 8770.

## Til bygginga



**Harðviður til húsabyggginga.**
**Sjá nánar á www.vidur.is**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

Krossviður, timbur, mótaborð, kambstál, gips og fl. uppl. í s: 840-7273 og ulfurinn.is

## Hljóðfæri




**Dúndurtilboð!**
Kassagítarar: 1/4 stærð kr 10.900.- pakkinn með poka, strengjasett og stilliflautu. 1/2 stærð kr. 7.900.- Full stærð kr 12.900.- 3/4 kr. 10.900.- 4/4 kr. 12.900.- Rafmagnsgítarpakkar frá kr. 39.900 Hljómborð frá kr. 8.900 Trommusett kr. 79.900 með öllu. Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is.

## Sjónvarp

Vil kaupa nokkra Flatskjái (sjónvörp) einnig 2 - 3 tölvuskjái. Uppl. í s. 894 3991.

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Vélar og verkfæri

Vantar rafmagnstryllu fyrir sendibíl Lágmark 1.600kg lyftigeta S:840 5769.

## Verslun

Stærri limur betri limur
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is
bathmate.is

TANTRA
Erotísk verslun



Vasaljósa múffurnar komnar aftur með eða án titrara. Besta verðið í bænum!
„SELJUM LATEX FRÍA SMOKKA"
Opið mán-fös 12-20
Laugardaga 12-18 & í Hlíðasmára á sunnud. 12-18
FÁKAFEN 11
HLÍÐASMÁRI 13
s. 588 6969 & 587 6969
WWW.TANTRA.IS

# HEILSA

## Heilsuvörur

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Betri lífsstíll aukin orka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki/prufur. www.rkb.heilsuskyrsla.is Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.

Motor sport





**Shaktimat**
Indverska nálastungumottan sem er búin að slá rækilega í gegn í Svíþjóð. Verð 13.900.- Hefur 6210 nálastungupunkta sem geta haft græðandi, afslappandi og róandi áhrif fyrir líkama og sál.

**Mótorsport ehf**
**Síðumúla 34, 108 Reykjavík**
**Sími: 567 1040**
**Öll viðgerðarþjónusta á staðnum**
**www.motorogsport.is**

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA MASSAGE**
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

**J. B. HEILSULIND**
**Dekurdagar?**
Heilnudd, heitur pottur, skrúbb, snyrting, veitingar ofl. Slökun, heilun, svæða, ayur, veda, heitsteina, jurta, sogskála og hunangsnudd. Næringar, heilsu og hreyfingarráðgjöf. Einkaþjálfun. ATH. EKKERT sex nudd, NO erotic massage. Opið frá 12-18 mán-lau. Pantarnir í S. 445 5000. Velkomin

**Faglegt heilnudd**
Heilsusamlegt, slakandi og heitsteina nudd. Karolína, nuddari/sjúkraþjálfari. Uppl. í s. 694 6518.

Glæsilegt heilnudd. Langar þig í nudd hringdu í s. 662 0841.

## Þjónusta

**Er andlega orkan á þrotum?**
Miðlun og heilun vinnur á sorg, kvíða, verkjum og streitu. Lausir tímar. Guðrún 695 5480.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Kennsla



**Harmonikukennsla**
Harmonikukennsla fyrir byrjendur og lengra komna. Innritun hafin í s. 690 7424 eftir hádegi

Aukatími í stærðfræði. 898 0828

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Til leigu 2ja h.íb.í Smáíb.hv.(108). Sérinng.Laus.Reglusemi.Uppl.í s.5537768

Sv. 109. 40 fm. á jarðh., sér inngangur. Hiti + rafm. innif. Er laus. 65 þús. S. 860 2130.

**Leiguliðar ehf Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 58.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð. Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440.

Einstaklingsíbúð ca. 30fm. með öllu í Hjallahverfi kóp. Uppl. í s. 863 0415.

30fm stúdíóíbúð v. 59þ. 10 fm. herb. frá 25þ. til leigu í Hfj. Internet, allt innifalið. Uppl. í s. 770 5451.

Penthouse 'íbúð við drekavelli í Hafnarfirði 6 herb. 203 fm bílageymsla 60 fm svalir heitur pottur ofl. topp eign TIL LEIGU simi 899-2177.

## Húsnæði óskast

Óska eftir stúdíó -2ja herb. íbúð í miðbæ Rvk eða vesturbænum. Uppl í S. 691 6330.

## Sumarbústaðir

Smíðum og hönnum hús fyrir ykkur. Vanir menn, áratuga reynsla. Erum á suðurlandi. Hönnun af 64 fm hús + milliloft og 78 fm hús + milliloft fokhelt á frábæru verði. Uppl. halli@halliparket.is & 894 0048.

## Atvinnuhúsnæði

Lagerhúsnæði til leigu í Hafnarfirði. 90, 180 og 360 fermetrar. Mikil lofthæð. Hagstætt verð. S. 822 4200.

Til leigu í Hálsahverfi Reykjavík, stórglæsilegt iðnaðar húsnæði, góð lofthæð, stórar innkeyrsludyr, stærð 323 m2. Sanngjörn leiga. Uppl. í síma 892 1370 og 693 1700.

## Geymsluhúsnæði

**Geymslupláss**
Upphitað á höfuðborgarsvæðinu. Pláss til 1. maí fyrir hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagna eða annað. Verð 5000kr. á m2. Uppl. í s. 862 4685 / 893 9777.

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

**Geymsluhús.is**
Mjög gott 3000m2 upphitað geymsluhús í Innri Njarðvík, hjólhýsi,fellihýsi,tjaldvagnar,bílar ofl. ATH!gott verð!! Uppl, í síma 770-5144 og 770-2175

**Húsvagnageymslan í Þorlákshöfn**
Eigum nokkur pláss í upphituðu og óupphituðu rými. Verð á lengdarmeter í upphituðu kr. 7.500. í óupphituðu 5.500 kr. Uppl. í s. 893 3347.

Hjólh. fellih. og tjaldv.geymsla hjá Flúðum. Tökum inn um helgina. s. 863 8099.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað.S: 564-6500

## Gisting

stracta
CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN GÓÐ STAÐSETNING GOTT VERÐ!**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð 950 dkr. nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

# ATVINNA

## Atvinna í boði



**Símadömur óskast**
Rauða Torgið leitar samstarfs við lífsglaðar símadömur. Mjög góðir tekjumöguleikar fyrir duglegar og yndislegar konur. Nánar á RauðaTorgið.is.

Nýr valkostur. Atvinnurekendur auglýsa frítt.
www.atvinnuleit.is

**Ísbar/Booztbar, Kringlunni**
**Óskar eftir að ráða fólk í dagvinnu. Í boði er hálfsdags og heilsdagsstarf.**
**Einungis traust og heiðarlegt fólk kemur til greina. Uppl. í s. 898 7924 Kristinn eða senda umsókn á cyrus@simnet.is**

GRÆNN MARKAÐUR

**Blómaheildsalan Grænn Markaður**
**óskar eftir öflugum starfsmanni á lager og til útkeyrslu.**
**Fyrirspurnir sendist á netfangið info@flora.is**

Röska menn vantar á hjólbarðaverkstæði. Barðinn, Skútuvogi 2 S. 568 3080

**Kvöld og helgarvinna**
Kvöld og helgarvinna Okkur vantar öflugt og skemmtilegt fólk til starfa! Hringdu núna í síma 550 3610 simstodin@simstodin.is

**Hjólbarðaverkstæðið Nýbarði**
Okkur vantar starfsfólk á hjólbarðaverkstæðið Nýbarða í Garðabæ. Uppl. í s. 565 8600 & 692 6669.

Sölufólk óskast í beina sölu á heimsþekktum hreinlætisvörum fyrir kvennfólk. anionlv@gmail.com & s. 694 9142.

Starfsfólk óskast í kvöld/helgarvinnu í sjoppu í breiðholti. Áhugasamir hafið samband í síma 6168798 á milli 16 og 18.

## Atvinna óskast

Kona, 59 ára óskar eftir léttri vinnu sem fyrst. Bý í Mosfellsbæ. sími:659-6118.

51 árs ísl. kk er vanur járnsmíði, vörubílaaktstri og kranavinnu. Er með meirapróf og flest vinnuvélaréttindi. S. 896 3331 & asgeirjk@simnet.is

Starfsfólk frá Lettlandi óskar eftir vinnu á Islandi: smiðir, verkamenn, bilstjórar, fiskvinnslufólk o.fl. S.8457158

## Tilkynningar



**ATH! Þjófnaður!!**
Þessum dekkjum+felgjum var stolið frá Langholtsvegi aðf.nótt 1.okt. Ef þú veist e-ð vinsaml. hr. í s. 693 2925.

**Guðspekifélagið**
**Í kvöld, föstudaginn 2. október kl. 20:30** mun Hermundur Rósinkranz halda erindi þar sem hann fjallar um talnaspeki í húsi félagsins, Ingólfsstræti 22.
**Laugardaginn 3. október er opið hús kl. 15:00. Kl. 15:30:** Mun Birgir Bjarnason kynna hugleiðingarstundir og fræðsluefni frá Sigvalda Hjálmarssyni.
**Á fimmtudögum** kl. 16.30-18.30 er bókaþjónustan opin með miklu úrvali andlegra bókmennta.
**www.gudspekifelagid.is**

## Einkamál

**Við erum draumadísirnar þínar!**
**Erum við alladaga til að spjalla djarft við þig og fá útrás með þér. Hringdu og vittu til.**
**Sími 908 6666**

www.islendingasetrid.com íslensk stefnumótasíða með vinsælustu fítusunum af facebook.

Samkynhn. KK mjög heitur, vill kynnast karlmanni. Augl. hans er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl. nr. 8660.

33 ára karlmaður vill kynnast karlmanni með allskonar leiki í huga. Augl. hans er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8202.

50 ára karlmaður vill kynnast karlmanni með tilbreytingu í huga. Verður að hafa aðstöðu. Augl. hans er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8531.

## Fundir

**Verkalýðsfélagið Hlíf**

# Félagsfundur

Fundur verður haldinn þriðjudaginn 6. október 2009, kl. 18:00 í Félagsheimili Hlífar Reykjavíkurvegi 64, Hafnarfirði.

**Dagskrá:**
1. Horfur í efnahagsmálum.
   Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur ASÍ.
2. Önnur mál.

Félagar mætum vel og stundvíslega

**Stjórn Vlf. Hlífar**

## Skemmtanir

Hamraborg 11
200 Kópavogur
Cafe Catalina
S: 554-2166

Daganna 2-11. október standa yfir Írskir dagar í Kópavogi. Írsk músík og ýmis góð tilboð í gangi.

Verið velkomin að líta inn

Boltinn í beinni!

Hamraborg 11
200 Kópavogur
Cafe Catalina
S: 554-2166

Í kvöld spilar
Mummi Hermanns
Catalina
Allir velkomnir
Snyrtilegur klæðnaður áskilin
Frítt inn

Hádegismatur alla virka daga
Sérréttaseðill – Smáréttaseðill
Allar veitingar á vægu verði.
Hamborgaratilboð !
Útleigusalur
Boltatilboð

Boltinn í beinni!

## Tilboð

Hamraborg 11
200 Kópavogur
Cafe Catalina
S: 554-2166

# Tilboð

Nautasteik m/frönskum og bearnese sósu
**kr. 1.600,-**

Ostborgari m/frönskum og kokteil sósu
**kr. 600,-**

Boltinn í beinni!



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, sonur og bróðir,*

**Gunnlaugur S. Sigurðsson**
*iðnrekandi*
*Hlégerði 3, Kópavogi,*

verður jarðsunginn í dag 2. október frá Langholtskirkju kl. 11.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsdeild 11e Landspítalanum Hringbraut.

**Gíslunn Arngrímsdóttir**
**Sigurður, Bergþóra og Hulda Gunnlaugsbörn**
**Gísli Einarsson**
**Afastrákarnir**
**Arnþrúður M. Jóhannesdóttir Sigurður Gunnlaugsson**
**Aðalbjörg, Hulda, Sigurlaug og Margrét Sigurðardætur.**



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Þórir Daníelsson**
frá Bjargshóli, Miðfirði,

lést á Landspítalanum miðvikudaginn 30. september sl. Útförin verður auglýst síðar.

**Margrét Þórisdóttir** **Magnús Jónsson**
**Daníel Þórisson**
**Helgi Þórisson** **Ingibjörg Þorkelsdóttir**
**Alexander Þórisson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Elskulegur eiginmaður minn, sonur, faðir, tengdafaðir, afi, langafi og bróðir,*

**Haukur Hallgrímsson**
málmsuðukennari
Kleppsvegi 6, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Laugarneskirkju í dag föstudag 2. október kl. 14.00.

**Pálína A. Lórenz**
**Guðleif Helgadóttir**
**Aðalheiður G. Hauksdóttir** **Ágúst V. Árnason**
**Hallgrímur L. Hauksson** **Ingveldur María Tryggvadóttir**
**Ása Hauksdóttir** **Benóný Ægisson**
**barnabörn, barnabarnabörn og systkini.**



†

*Okkar ástkæri,*

**Kristinn I. Karlsson (Diddi)**

lést á heimili sínu þann 27. september. Að hans ósk mun útförin fara fram í kyrrþey.

**Catherine Eyjólfsson**
**Una Ó. Kristinsdóttir** **Andri Þ. Óskarsson**
**Hansína Guðný Stefánsdóttir**
**Alexandra Andradóttir**
**Aníta Andradóttir**
**Sara Líf Andradóttir**

†



*Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts ástkærrar eiginkonu minnar, móður okkar, ömmu og langömmu,*

**Áslaugar Kristínar Sigurðardóttur**
Nesvegi 45, Reykjavík.

**Jón Eiríksson**
**Björn Baldursson**
**Hrafnhildur Baldursdóttir** **Sigurður Kristjánsson**
**Bergljót Baldursdóttir** **Stefán Jökulsson**
**Kolbrún Baldursdóttir** **Jón Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

**SIGTRYGGUR BALDURSSON FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1962.**



*„Það er fátt betra en að skríða upp í sófa með lesefni og mandarínur. Þetta eru auðvitað mínir einkadraumórar því ég geri þetta allt of sjaldan.“*

***Sigtryggur Baldursson hefur trommað með mörgum vinsælum hljómsveitum á borð við Þey, Kukl og Sykurmolana. Alteregó Sigtryggs er Bogomil Font, og hefur hann gefið út hljómplötur undir því nafni.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 2. OKTÓBER 1847

## *Prestaskóli tók til starfa*



Þennan dag árið 1847 tók Prestaskólinn til starfa í Reykjavík. Skólinn var stofnaður í kjölfar þess að Bessastaðaskóli var lagður niður og Lærði skólinn í Reykjavík stofnaður ári á undan Prestaskólanum, 1846. Fyrsti forstöðumaður skólans var Pétur Pétursson, sem síðar varð biskup Íslands.

Fram til 1851 var Prestaskólinn starfræktur í húsi Lærða skólans í Þingholtunum. Þá fluttist hann í Hafnarstræti og í Austurstræti 22 árið 1873. Þar var hann þar til Háskóli Íslands tók til starfa í Alþingishúsinu hinn 17. júní 1911. Þá rann Prestaskólinn inn í Háskólann sem guðfræðideild hans. Prestaskólinn varð þannig fyrsti vísirinn að Háskóla Íslands.

Fram að stofnun Prestaskólans hafði próf frá latínuskólunum, ásamt prófum sem prestar veittu, nægt sem undirbúningur undir preststarf á Íslandi. Einnig veitti prófið réttindi til setu í Kaupmannahafnarháskóla.



**ALVÖRU INDVERSK LÍFSREYNSLA** Chandrika Gunnarsson ásamt smábroti af starfsliði Austur-Indíafjelagsins: yfirkokkinum Manoj Tom, framkvæmdastjóranum Manoj Kumar og kokkinum Jalauddim Sheik. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

AUSTUR-INDÍAFJELAGIÐ: HELDUR UPP Á STÓRAFMÆLI MEÐ HÁTÍÐARMATSEÐLI

# Eldað indverskt í fimmtán ár

Þegar Chandrika Gunnarsson og eiginmaður hennar, Gunnar Gunnarsson, opnuðu fyrsta indverska veitingastaðinn á Íslandi fékkst indverskt krydd hvergi hér á landi og Íslendingar þekktu aðeins hið dæmigerða enska fiskibollukarrí. Þau hjón fluttu inn eigin krydd og ræktuðu sumt sjálf, svo sem kóríander.

„Árið 1994, þegar við opnuðum Austur-Indíafjelagið, var indverskur matur mjög framandi hér á landi. Í hönd fór því annars vegar mikil vinna við að kynna þessa matarmenningu og hins vegar að fá indversku kokkana okkar flutta hingað til lands. Við lögðum mjög mikla áherslu á að fá Indverja til að elda matinn því við vildum bjóða upp á alvöru indverskt eldhús, þar sem fólk gæti komið og upplifað það hvernig maturinn er eldaður af innfæddum.“

Matseðill Austur-Indíafjelagsins er sérstakur fyrir þær sakir til dæmis að á listanum eru indverskir réttir sem þekkjast ekki á matseðli annarra indverskra veitingastaða. Þeir réttir eru upprunnir úr litlum þorpseldhúsum á Indlandi. Matseðillinn hefur því notið mikilla vinsælda og í dagblöðum hefur mátt lesa um erlendar stórstjörnur sem koma hingað til lands og segja matinn á Austur-Indíafjelaginu þann besta indverska sem þær hafa fengið.

Chandrika ólst sjálf upp við indverska matargerð á Indlandi. „Stefna okkar og heimspeki hefur verið mjög einföld: Að bjóða upp á heiðarlega og ekta indverska matargerð ásamt því að veita fyrsta flokks þjónustu. Við viljum láta viðskiptavinum okkar líða þannig að þeir vilji koma aftur og sú hefur verið raunin – að við eigum marga fastakúnna.“ Chandrika segir bragðlauka Íslendinga hafa styrkst frá því fyrir fimmtán árum og þeir velji bragðsterkari rétti í dag en þeir gerðu þá. „Við erum líka með veisluþjónustu sem er stór hluti rekstrar okkar og höfum séð um mat við stærri viðburði, svo sem heimsókn forseta Indlands hingað til lands og svo veitingar í brúðkaupum, útskriftarveislum og jafnvel litlum gæsaveislum – en kokkarnir okkar koma alltaf á staðinn og elda.“

Í tilefni fimmtán ára afmælisins hefur frá því í sumar verið boðið upp á sérstakan hátíðarseðil þar sem finna má alla vinsælustu rétti staðarins á síðastliðnum fimmtán árum. Í októbermánuði er svo sérstakt tilboð, þriggja rétta matseðill á 4.990 krónur, þar sem valdir hafa verið sérstakir réttir sem þykja hápunktarnir af þeim matseðli.

**juliam@frettabladid.is**



†

**Agnes Helga Hallmundsdóttir**

andaðist 22. september sl. Útför hennar verður gerð frá Bústaðakirkju föstudaginn 2. okt. nk. og hefst athöfnin kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á að láta Mæðrastyrksnefnd njóta þess.

**Erlendur Svavarsson** **Jóhanna Pálmadóttir**
**Kristinn Svavarsson** **Þórunn H. Guðbjörnsdóttir**
**Heimir Svavarsson** **Guðrún S. Frederiksen**
**Hallberg Svavarsson** **Steinunn Guðbrandsdóttir**
**og aðrir ættingjar.**



Þekkir einhver þessi hjón?

**Þau eiga 100 ára afmæli og brúðkaupsafmæli í dag.**

Þau afþakka öll samúðarkort en fyrir þá sem langar að hitta þau í dag þá eru þau hugsanlega í Salalaug þar sem þau stunda „fimleika“.

Til hamingju með daginn, við elskum ykkur.

Viddi, Ólöf, Aldís og Gulla.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000**.


VILTU VINNA TÖLVU?
lenovo
ideapad
Aðalvinningur er glæsileg Lenovo fartölva!
BÍÓMIÐI
Sometimes when you least expect it...
Love Happens
BÍÓMIÐI
Frábær ævintýra- og teiknimynd fyrir fólk á öllum aldri! Frumsýnd 9. október!
Kíktu á nýjan og glæsilegan fartölvuvef
www.ELKO.is/fartolvur
SENDU SMS ELKO LTV
Á NÚMERIÐ 1900 OG SVARAÐU SPURNINGU!
Þú gætir unnið Lenovo fartölvu!
Aukavinningar eru: GSM Sími · DVD myndir · Bíómiðar
Tölvuleikir · Pepsi · Geisladiskar og margt fleira.
10. HVER VINNUR!
SMS LEIKUR
ELKO
Vinningar afhentir í ELKO Lindum.99 kr/skeytið. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. Leik lýkur 23.10.09

# RISA
afmælishátíð
Korputorgs
um helgina
KORPUTORG





Stór, Glæný og Spikfeit Línuýsa frá Bolungarvík

Ýsuflök 990,- kr/kg

ÝSUFISKRÉTTIR Á 1.190 kr/kg

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • 108 Reykjavík • sími 587 7755



# Til leigu

**Félagsheimilið Skúlagarður í Kelduhverfi ásamt skólastjórabústað.**

Félagsheimilið Skúlagarður í Kelduhverfi er laust til leigu frá og með 1. janúar 2010. Á undanförnum árum hefur verið rekin ferðaþjónusta í Skúlagarði sem er staðsettur við Litluá og nálægt Ásbyrgi, Dettifoss og Hljóðaklettum.

Áhugasamir eru vinsamlegast beðnir að skila inn skriflegum tilboðum fyrir 1. desember 2009, til sveitarfélagsins Norðurþings, Ketilsbraut 7-9, 640 Húsavík.

**Allar nánari upplýsingar veitir Aðalsteinn Örn Snæþórsson í síma 893-3467.**



# Helgar
FRÉTTABLAÐIÐ
blað
alla laugardaga





## Ársafmæli hrunsins

Fréttablaðið skoðar viðburðarríkt ár í Helgarblaði Fréttablaðsins.

Allt sem þú þarft








NOKKUR ORÐ
Kjartan Guðmundsson

# Múffur nú og þá

Síðastliðinn laugardag gaf að líta hér í Fréttablaðinu girnilega uppskrift. Fyrirsögnin var „kremaðar múffur“. Ég renndi yfir uppskriftina, leist vel á og hugsaði ekki frekar út í kremaðar múffur þann daginn. Fyrr en um kvöldmatarleytið, það er að segja, þegar ég kveikti á tölvunni, tölvupóstinum, MSN, Facebook og hvað sem þær heita nú allar þessar nýmóðins aðferðir sem fólk notar til að trufla hvað annað. Þá kom í ljós að furðumargir höfðu lesið allt aðra og mun dónalegri merkingu út úr fyrirsögninni en ég.



Orðið múffa hefur lengi verið notað hér á landi yfir muffins, kruðeríið vinsæla sem er eins erkiamerískt og hamborgari og kók. Nema auðvitað hinar sígildu ensku múffur sem eru, eins og nafnið gefur til kynna, jafn einkennandi fyrir Bretlandseyjar og te-þambandi fótboltabullur. Enn fyrr var Íslendingum tamt að tala um ákveðna tegund af vettlingum sem múffur.

En tímarnir breytast og túlkanirnar með. Ef marka má heimildarmenn mína innan klámkynslóðarinnar hefur sjálfsfróunarmúffan svokallaða hertekið þýðingu þessa áður meinlausa hugtaks. Við blasir risavaxið vandamál þeirra sem sjá um að skrifa matreiðsluuppskriftir í bækur og blöð. Í framtíðinni verður ýtrustu nærgætni þörf til að dagfarsprúðu fjölskyldufólki um land allt svelgist ekki á kaffisopum og roðni í hvert sinn sem bakkelsi ber á góma.

Í kjölfarið hófu kunningjar mínir að rifja upp fleiri fyrirsagnir blaða sem bjóða upp á misskilning. Sem fyrr átti ég bágt með að skilja tvíræðnina í sumum þeirra. Hvernig er til dæmis mögulega hægt að sjá eitthvað sóðalegt í hálfs árs gamalli fyrirsögn Moggans: „Tíu fagott fagna árinu með slátri“?

# myndasögur

## Pondus
Eftir Frode Øverli




## Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Frábært verð
## á raftækjum

OPIÐ til 20 alla daga

Öll raftæki fást í Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum

**TOSHIBA**



**Toshiba 32" LCD sjónvarp** 32AV603PG
- 32" 16:9 LCD sjónvarp
- Active Vision
- HD-Ready 720p
- Upplausn: 1366x768p
- Skerpa: 18.000:1
- Svartími: 8ms
- Birtustig: 500cd/m²
- Sjónsvið: 178°
- 20w Stereó hljóðkerfi
- VGA(PC) tengi - Auðvelt að tengja við tölvu
- 2x HDMI & 2x scart tengi
- Component, Composite & heyrnatólsteng

**109.990kr** FRÁBÆRT VERÐ

**UNITED**



**10.990kr** FRÁBÆRT VERÐ

**United DVD spilari** DVD7054
- Progressive Scan
- Míkrafónn og karaoke diskur fylgja!
- Dolby Digital
- Tveir mic inngangar
- Spilar WMA, MP3, DVD-R og JPEG
- Scart, S-Video, Optical, Coaxial og RCA hljóð útgangar
- Styður NTSC og PAL
- Svæði 2 (Evrópa)

**Dantax**



**Dantax ferðatæki**
RR303SV
- Ferðatæki með útvarpi og geislaspilara
- FM/AM Útvarp
- Topp CD spilari
- 2 hátalarar
- Loftnet

**7.990kr** FRÁBÆRT VERÐ

**Dantax**



**Dantax útvarpstæki**
R40
- FM útvarp
- Innbyggt loftnet
- Gengur fyrir rafhlöðum eða 230V

**3.490kr** FRÁBÆRT VERÐ

**TOSHIBA**



**Toshiba DVD spilari**
SD291
- DivX DVD spilari
- Styður DVD+-R/+-RW CD/CD-R/RW VCD/SVCD
- USB tengi, les beint af USB
- Les DivX, XviD, MPEG1-3, JPEG
- Dolby Digital, DTS
- Tengi: Scart, Digital Coaxial, Composite, RCA
- PAL & NTSC stuðningur

**12.990kr** Verð áður 14.990.-

**Nikon**




**Nikon myndavél** S220BLEIK
- 10 MegaPixla upplausn
- 2,5 tommu LCD-skjár
- NIKKOR aðdráttarlinsa (jafngildir 35 mm [135] filmusniði: 35–105 mm.)
- 4x vörn fyrir óskýrleika
- 3x Optical Zoom og 7x Digital Zoom
- Rafræn titringsjöfnun (VR)
- Hátt ISO-ljósnæmi (allt að 2000)
- Hreyfiskynjun
- Besta mynd valin (BSS), blikkprófun & brosstilling
- Háþróuð AF-andlitsstilling með lagfæringu á rauðum augum
- D-lýsing skilar góðum myndum með því að lagfæra skugga
- Upptaka hreyfimynda með hljóði

**34.990kr** FRÁBÆRT VERÐ

**SanDisk**




**SanDisk 2GB MP3 spilari**
CLIP2GBSV
- MP3 spilari með 2GB innbyggt minni
- Spilar MP3 og WMA
- Útvarp með stöðvaminnum
- Diktafónn
- USB 2.0
- Innbyggð hleðslurafhlaða með allt að 15 tíma spilun
- Heyrnartól, USB kapall og geisladiskur fylgja

**11.990kr** FRÁBÆRT VERÐ

**Panasonic**



**Panasonic þráðlaus sími** KXTG1311
- Þráðlaus DECT sími
- 1 línu LCD skjár með baklýsi
- 50 númera símaskrá með nöfnum
- Símnúmerabirtir fyrir síðustu 50 númer
- Klukka og dagsetning
- 17 tíma hleðsla í notkun og allt að 150 klst í bið
- Endurval í síðustu 10 númer

**5.990kr** Verð áður 6.990.-

Gildir til 8. október eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

**!** **kl. 20.15 í Ríkissjónvarpinu**

*Stóra planið birtist landsmönnum og er nú ekki lengur kvikmynd heldur þáttaröð sem gefur okkur betra tækifæri til að fylgjast með frama og falli mislukkaðs handrukkara í Reykjavík okkar daga.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Meira fjörið hjá Abba-bræðrum

Nú er nýlokið fyrstu prufum fyrir uppsetningu á Mamma Mia! í Kaupmannahöfn en verkið fer upp í Tivoli Konsertsal og er frumsýning áætluð eftir ár. Það er fyrirtæki Björns og Bennys og framleiðandans Judy Craymer sem stendur fyrir sviðsetningunni eins og annars staðar. Mun auglýsingaherferð hvolfast yfir Dani þegar farið verður að skipa í stærri hlutverk en nú var smalað í prufur í kór. Á sama tíma voru tvær sýningar á Kristinu, söngleik þeirra eftir Vesturfarasögum Mobergs, í Carnegie Hall. Helen Sjöholm fór þar líka með titilhlutverkið sem var sungið á ensku. Mun það vera ætlun þeirra Björns og Bennys að koma söngleiknum á svið vestra. Þá er rætt um framhaldsmynd af Mamma Mia! en þeir hafa ekki fengist til að staðfesta það. Í tilefni af vesturför þeirra kom út diskur vestra með úrvali af nýrri lögum Bennys en hann hefur lengi haldið úti slagarabandinu Benny Anderssons Orkester. Diskurinn geymir endurhljóðritanir og er með enskum textum.




**TÓNLIST** Björn og Benny á sinni fyrstu plötu 1970.

**> Ekki missa af …**

…tónleikum Gunnars Þórðarsonar í Borgarleikhúsinu í kvöld. Þar kemur hann fram með órafmagnaða dagskrá og örfáa lágstemmda gesti og ræðst á stóran lagastabba sem hann getur dregið marga góða ópusa úr. Miðasala stendur enn yfir.







# Hamsun-messa um helgina

**Efnt er til þings um nokkra staði í höfundarverki Knuts Hamsun í tilefni þess að 150 ár eru liðin frá fæðingu þessa jöfurs norrænna bókmennta.**



**BÓKMENNTIR** Knut Hamsun (1859-1952), en í ár er fagnað 150 ára fæðingarafmælis hans. MYND/GETTY IMAGES

Bókmenntafræðistofnun Háskólans og Norska sendiráðið standa fyrir þinginu en hitað verður upp fyrir þinghaldið í Norræna húsinu á morgun með tveimur kvikmyndum sem gerðar voru eftir þekktum skáldsögum Hamsuns: Gróðri jarðar sem Gunnar Sommerfeldt leikstýrði í kjölfar kvikmyndar sinnar um Borgarætt Gunnars Gunnarssonar árið 1921 og svo kvikmynd Hennings Karlsen frá 1995 eftir Pan, sem Hrafn Gunnlaugsson hafði mikinn áhuga á að koma á filmu seint á liðinni öld.

Hamsun varð stórvirki í íslensku menningarlífi vegna áhrifa sinna í skrifum á norsku sem bárust hingað í blöðum, bókum og tímaritum. Hann var mikið í almennri umræðu á Íslandi og virtur vel og loks tóku áhrif hans að síast hratt inn í íslenska skáldsagnagerð samfara því að helstu verk hans fóru að koma í afbragðs þýðingum. Svo fór að hann tók að hafa áhrif aftur á yngri höfunda, eins og Einar Kárason og Jón Kalman.

Á sunnudag verða síðan fyrirlestrar íslenskra og norskra fræðimanna um feril Hamsun: fyrstur ríður á vaðið kl. 13.30 Even Arntsen og ræðir um miðlægt þema í verkum Hamsuns, hinn ráfandi karlmann.

Næst mun Helga Kress ræða karlmennsku í kreppu: Uppspretta frásagnar í Pan, einu hans þekktasta verki. Gunnþórunn Guðmundsdóttir talar um Grónar götur, uppgjör hans við stríðsárin og fangelsun: erindi sitt kallar Gunnþórunn Elli en ekki sekt. Øyvind Giæver heldur sig á svipuðum slóðum í ævi skáldsins og ræðir greiningu geðlæknisfræðinnar á skáldinu og réttarhöldin yfir honum. Loks reifar Halldór Guðmundsson samband Gróðurs jarðar og Sjálfstæðs fólks. Þinginu lýkur um kl. 17, en á laugardeginum verða kvikmyndirnar sýndar: Markens grøde kl. 15 og Pan kl. 17.

pbb@frettabladid.is



# MESTA ÚRVALIÐ

## STÚTFULL BÚÐ AF NÝJUM TILBOÐUM




Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

**OPNUNARTÍMAR**

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Borgartúni 31 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is




Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

GERÐUBERG
Menningarmiðstöð
2009


Laugardaginn 3. október kl. 14-15
**Út í kött! Dansleikhús fyrir börn**
Lýðveldisleikhúsið – www.this.is/great
**Aðgangseyrir: Kr. 1.500**


Sunnudaginn 4. október kl. 14-15
**Tóney í Gerðubergi - fjölskylduskemmtun**
Tónlist, dans og leiklist. Meðal gesta eru nemendur Fellaskóla, listdansnemar og hljómsveitin Agent Fresco


5. - 26. október / fjögur mánudagskvöld kl. 20
**Líf og list: 100 ára vegferð Karitasar Jónsdóttur**
Bókmenntanámskeið um verk Kristínar Marju Baldursdóttur. Kennari: Sigfríður Gunnlaugsdóttir.
**Skráning stendur yfir!**
gerduberg@reykjavik.is, s. 575 7700.


7. október kl. 20 / Ókeypis aðgangur!
**Handverkskaffi - Henna húðskreytilist**
Darren Foreman kynnir Henna fyrir gestum og málar jafnvel sýnishorn á þá sem þess óska. Kynningin er hluti af verkefninu Húmor og Amor á vegum menningarstofnana Reykjavíkurborgar.


**Sögur án orða**
Ljósmyndasýning Ólafar Erlu Einarsdóttur


**Í fréttum var þetta helst...**
Sýning Halldórs Baldurssonar


**Hún rís úr sumarsænum**
Málverkasýning Steinunnar Einarsdóttur


**Vissir þú...** að í Gerðubergi er frábær aðstaða fyrir veislur, fundi, ráðstefnur og námskeið?
**Nýtt** heitur reitur í Gerðubergi

Gallerý fiskur
**Gallerý fiskur í Gerðubergi**
Ljúffengur heitur matur í hádeginu alla virka daga, hlaðborð, súpa og salat. www.galleryfiskur.is

Sýningarnar eru opnar virka daga frá 11-17 og um helgar frá 13-16
Leiðsögn fyrir hópa | Netfang: gerduberg@reykjavik.is
Gerðubergi 3-5 | 111 Reykjavík | Sími 575 7700 | www.gerduberg.is

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 2. október 2009**

### → Tónleikar



**19.30** **Gunnar Þórðarson** flytur öll sín þekktustu lög á tónleikum í Borgarleikhúsinu við Listabraut. Sérstakir gestir verða Buff og Svavar Knútur.

**20.00** Söngkonurnar **Ellen Kristjánsdóttir**, **Guðrún Gunnarsdóttir** og **Kristjana Stefánsdóttir** flytja sín uppáhaldslög á tónleikum í Salnum við Hamraborg í Kópavogi.

**20.30** **Papar** flytja lög **Gylfa Ægissonar** á tónleikum í Bæjarbíói við Strandgötu í Hafnarfirði. Sérstakir gestir tónleikanna verða Gylfi sjálfur og **Bubbi Morthens**. Húsið verður opnað kl. 20.

**22.00** **Ljótu hálfvitarnir** verða með tónleika á Græna hattinum við Hafnarstræti á Akureyri. Húsið verður opnað kl. 21.

**22.30** **Nögl** heldur útgáfutónleika á Batteríinu við Hafnarstræti 1-3. Húsið verður opnað kl. 22.

**23.00** **Hvanndalsbræður** halda tónleika í Hvíta húsinu við Hrísmýri á Selfossi.

### → Írsk menningarhátíð

Írsk menningarhátíð í Kópavogi 2.-11. október. Nánari upplýsingar á www.kopavogur.is.

**20.00** Hátíðin hefst í Gerðarsafni við Hamraborg en þar verða opnaðar þrjár nýjar sýningar.

**23.00** **Mummi Hermanns** flytur írsk dans- og sönglög á Cafe Catalinu við Hamraborg.

### → Sýningar

Í Víkinni, **Sjóminjasafni Reykjavíkur** við Grandagarð, hefur verið opnuð yfirlitsýning á verkum Bjarna Jónssonar listmálara. Opið þri.-fös. kl. 11-17 og um helgar kl. 13-17.

### → Menningarhátíð

Í **Vík í Mýrdal** verður fjölbreytt dagskrá í tengslum við **menningarhátíðina Regnboginn**, 2.-4. október. Nánari upplýsingar og dagskrá á www.vik.is.

### → Dansleikir

Dúettinn **Þú og ég** með **Helgu Möller** og **Jóhanni Helgasyni** verður á Players við Bæjarlind í Kópavogi ásamt hljómsveitinni Buff.

### → Fyrirlestrar

**15.15** **Sigríður Þorgeirsdóttir** flytur erindið „Hefur siðfræðin eitthvað að segja um samfélagið?“ í Þjóðarbókhlöðinni við Arngrímsgötu. Erindið er hluti af fyrirlestraröð Siðfræðistofnunar. Allir velkomnir.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**



**MYNDLIST** Hópur kvenna sýna saman í verkefni helguðu lýðveldinu og nú í Þrúðvangi við Varmá í Mosfellssveit. MYND/FRÉTTABLAÐIÐ

# Lýðveldi við læk

Nú stendur yfir myndlistarsýningin Lýðveldið við lækinn í Þrúðvangi við Varmá í Álafosskvosinni. Sýningin stendur til 11. október og er opið frá kl. 14-18. Sýningin er hluti af þríþættu sýningarverkefni sem hverfist um hugmyndir um íslenska lýðveldið í tengslum við menningarsögu og náttúrulegt umhverfi þriggja sýningarstaða.

Fyrsta sýningin var haldin í vor í heyhlöðu við Mývatn og nefndist Lýðveldið við vatnið. Önnur sýningin nefndist Lýðveldið við fjörðinn og var hún haldin í sumar í yfirgefnum verbúðum á Eyri í Ingólfsfirði á Ströndum. Loks er hún komin upp í Álafosskvosinni í húsinu Þrúðvangi sem er skammt frá hringtorginu við Varmárskólann gamla.

Listamennirnir sem sýna eru: Anna Jóa, Bryndís Jónsdóttir, Guðbjörg Lind Jónsdóttir, Hildur Margrétardóttir, Hlíf Ásgrímsdóttir, Kristín Geirsdóttir, Kristín Jónsdóttir frá Munkaþverá og Ólöf Oddgeirsdóttir. Verkefnið er sjálfstætt framhald af samsýningu hópsins „Lýðveldið Ísland“ sem haldin var í Þrúðvangi árið 2004 og tileinkuð var 60 ára afmæli íslenska lýðveldisins. Nú eru þær stöllur komnar aftur á upphafsreit.

Sýningarverkefnið hefur hlotið styrk frá Hlaðvarpanum, menningarsjóði kvenna. - pbb

# Æfa Eftirlitsmann

Æfingar eru nú í fullum gangi hjá Nemendaleikhúsinu sem hefur nú aðsetur í Smiðjunni á Sölvhólsgötu en í vetur verða sýndar þrjár sýningar í Smiðjunni. Fyrsta verkefni Nemendaleikhússins er Eftirlitsmaðurinn eftir Nikolai Gogol, en 200 ár eru í ár liðin frá fæðingu hans.



**LEIKLIST** Stefán Jónsson leikstýrir verki Gogols.

Leikritið gerist í lítill borg þar sem spillingin er allsráðandi. Ráðamenn mergsjúga þegnana og samfélagið líður fyrir græðgi og lágar hvatir þeirra sem deila og drottna.

Uppi verður fótur og fit þegar fréttist að mættur sé á svæðið eftirlitsmaður frá Pétursborg til að taka út stjórnsýsluna. Leikstjóri er Stefán Jónsson og frumsýning á Eftirlitsmanninum er föstudaginn 9. október.

Nemendaleikhúsið í vetur skipa: Anna Gunndís Guðmundsdóttir, Hilmar Guðjónsson, Hilmir Jensson, Lára Jóhanna Jónsdóttir, Svandís Dóra Einarsdóttir, Þórunn Arna Kristjánsdóttir og Ævar Þór Benediktsson. - pbb

**Lestu Sjöwall og Wahlöö!**

Nakið lík ungrar konu finnst í skipaskurði í Svíþjóð. Lögreglumaðurinn Martin Beck er kvaddur á staðinn en rannsókn hans teygir anga sína víða – hver ferjufarþeganna 85 er sá seki?




*Morðið á ferjunni* er fyrsta bókin í frægri seríu sænsku rithöfundanna Sjöwall og Wahlöö sem notið hafa gríðarlegra vinsælda. Þau eru af mörgum talin guðforeldrar norrænu glæpasögunnar.

**Byrjaðu strax að safna!**

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

„... stórkostleg bók ... sígilt verk.“
Henning Mankell

# BÓKA LAGERSALA




Opið alla daga 11–19, nema fimmtudaga 11–21. ATH. Aðeins í takmarkaðan tíma!

## Við flytjum lagerinn!
## Risamarkaður Forlagsins
# Fiskislóð 39

Verið velkomin á nýja staðinn!

**Enginn fer tómhentur heim**

Allir fá bók að gjöf. Þeir sem versla fyrir meira en 10.000 kr. fá bókagjöf, skáldsöguna *Vatn handa fílum* eða spennutryllinn *Fundið fé.*

Yfir 3.000 titlar
Ný tilboð daglega!



50% afsláttur

**2 FYRIR 1**
Myrká – kilja og Harðskafi – kilja
**1.980 kr.**
verð áður 3.960



66% afsláttur

Heimsmetabók Guinness 2009
**1.990 kr.**
verð áður 5.790



70% afsláttur

Helgartilboð
Eragon – Öldungurinn
**990 kr.**
verð áður 3.266



62% afsláttur

Stóra orðabókin
**5.990 kr.**
verð áður 15.937



46% afsláttur

Svona eiga prinsessur að vera
**1.490 kr.**
verð áður 2.780



57% afsláttur

Álfar
**1.490 kr.**
verð áður 3.490



46% afsláttur

Sjóræningjar
**1.490 kr.**
verð áður 2.780



50% afsláttur

Lifum lífinu hægar
**990 kr.**
verð áður 1.990



47% afsláttur

Stóra myndorðabókin
**7.990 kr.**
verð áður 14.990



90% afsláttur

Fíknir
**290 kr.**
verð áður 2.990



50% afsláttur

Taynikma 2 Sólturninn
**990 kr.**
verð áður 1.990

FORLAGIÐ
www.forlagid.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Tilboðin gilda á meðan birgðir endast.

> FAÐIR Á NÝ

Gamanleikarinn Will Ferrell og eiginkona hans eiga von á sínu þriðja barni innan skamms. Fyrir eiga hjónin synina Magnus og Mattias. Samkvæmt tímaritinu People ku þriðja barnið einnig vera drengur.



# Fólk

folk@frettabla

# Jessicu Biel dömpað í gegnum síma

Fréttir af meintum sambandsslitum söngvarans Justins Timberlake og leikkonunnar Jessicu Biel verða fyrirferðarmeiri með hverjum degi. Tímaritið US Weekly segir að Timberlake hafi fært Biel fréttirnar í gegnum síma fyrir mánuði. Leikkonan mun vera miður sín og neitar að trúa því að sambandinu sé lokið. Parið byrjaði fyrst að stinga saman nefjum fyrir þremur árum.

Timberlake mætti einn á frumsýningu nýrrar fatalínu sinnar í New York í septemberbyrjun og segja sjónarvottar að hann hafi hagað sér sem einhleypur maður og meðal annars dansað þétt allt kvöldið við hávaxna stúlku í svörtum kjól.

Tímaritið People heldur því þó fram að þau séu enn saman en séu að ganga í gegnum erfitt tímabil. „Það er engin leið að vita með vissu hvort sambandinu er lokið því þau eru svo heit og köld til skiptis," á vinur parsins að hafa sagt í viðtali við People-tímaritið.



**Á LAUSU** Sögur herma að Justin Timberlake hafi hætt með kærustu sinni til þriggja ára.

**JESSICA BIEL** Neitar að trúa því að sambandinu sé lokið.



**ÓÚTGEFINN** Jimi Hendrix.

# Óútgefið efni með Hendrix

**Fulltrúar dánarbús gítarhetjunnar Jimi Hendrix segjast eiga svo mikið af óútgefnu efni að hægt sé að gefa út plötur á 12 til 18 mánaða millibili næsta áratuginn. „Jimi var vinnualki. Eftir að hann kom sér upp hljóðverinu Electric Lady gat hann tekið upp eins mikið og lengi og hann vildi. Það var eins og hann vissi að hann hefði bara fjögur ár til að gera allt sem hann gerði. Við eigum ótrúlegt magn af efni, þar með töldu alveg fullt af efni sem hefur ekki komið út áður," segir Janie Hendrix, stjúpsystir Jimi. Ekki er vitað hvenær þetta efni byrjar að koma út, en spólurnar eru vel geymdar í hitastilltum geymslum á leynilegum stöðum í Bandaríkjunum.**

# Næturlífið færist vestur fyrir læk

**Heitustu skemmtistaðirnir eru nú flestir fyrir vestan Lækjargötu. Þessi þróun hefur átt sér stað á skömmum tíma en er í raun afturhvarf til þess sem áður var. Fréttablaðið kannaði málið.**

Fyrir aldamótin síðustu blómstraði skemmtanalífið í kringum Austurstræti og Hafnarstræti og borgarbúar sóttu skemmtistaði á borð við Gauk á Stöng, Tunglið, Wunderbar, Skuggabar, Thomsen og Kaffi Gróf. Nokkrum árum seinna voru skemmtistaðirnir fluttir á Laugaveginn og fáir skemmtu sér „hinum megin við læk". Nú virðist sem skemmtanalíf hafi færst aftur í æðar Austurstrætis með tilkomu nýrra skemmtistaða.

Á síðastliðnum mánuðum hafa æ fleiri skemmtistaðir litið dagsins ljós í kringum Austurstræti og má þar nefna Bakkus, Batteríið og Sódóma sem allir eru við Tryggvagötu, skemmtistaðina Austur og Jacobsen í Austurstræti og Kaffi Zimsen við Hafnarstræti.

Skemmtistaðurinn Bakkus virðist hafa fyllt það skarð sem frægasti bar Íslands, Sirkus, skildi eftir sig. Margar helstu listaspírur borgarinnar sækja þennan stað og dreypa á pólskum vodka.



**BAKKUS** Skemmtistaðurinn Bakkus var opnaður um miðjan júlí og hefur fyllt það skarð sem skemmtistaðurinn Sirkus skildi eftir sig. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**AUSTUR** Skemmtistaðurinn var innréttaður af þeim Hrafnhildi Hólmgeirsdóttur og Jóni Atla Helgasyni og þykir sérstaklega smekklegur.



**KAFFI ZIMSEN** Skemmtistaðurinn býður upp á ódýran bjór og stutt er í næturnaslið því við hliðina eru tveir skyndibitastaðir.



**HEFUR SÉÐ ÞETTA ALLT ÁÐUR** Plötusnúðurinn Kiddi Bigfoot fagnar því að vinsælir skemmtistaðir spretti aftur upp fyrir vestan læk. Hann segir það kost að hafa staðina dreifða um bæinn.

Skemmti- og matsölustaðurinn Austur var einnig opnaður í sumar og er meðal annars í eigu fjölmiðlamannsins vinsæla, Ásgeirs Kolbeins, sem sést iðulega á staðnum um helgar. Jacobsen kom í stað skemmtistaðarins Rex og minnir stemningin þar nokkuð á stemninguna sem ríkti forðum daga á hinum goðsagnakennda stað Café Thomsen.

Plötusnúðurinn Kristján Jónsson, betur þekktur sem Kiddi Bigfoot, hefur verið skemmtanastjóri og plötusnúður í hartnær tuttugu ár. Hann segir að þessu beri að fagna. „Hér í gamla daga var allt næturlífið vestan við Lækjargötu, þá var það miðdepillinn, en svo þegar Tunglið brann og Astró fór þá færðist þessi miðdepill ofar. Það er ánægjulegt hvað það er komið mikið líf í miðbæinn, ég held að það sé mikill kostur að hafa staðina svolítið dreifða um bæinn. Nú er bara að bíða og sjá hvort þessir nýju staðir haldi vinsældum sínum," segir Kristján.



**TÓNLEIKASTAÐURINN SÓDÓMA** Hingað sækir fólk ýmsa tónlistarviðburði og kastar af sér vatni á útrásarvíkinga.

sara@frettabladid.is


# Konan er kossaóð

Fyrsta barnabók Hallgríms Helgasonar fjallar um óvenjulega fjölskyldu. Fjölskyldufaðirinn kynnist nýrri konu en böggull fylgir skammrifi: Konan er kossaóð. Og hún er hress! Sagan um konuna sem kyssir of mikið kitlar hláturtaugar lesenda á öllum aldri.

Skemmtileg myndasaga með einföldu lesmáli sem krakkar (og aðrir með húmor) munu lesa aftur og aftur!

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is





# Gullstyttuáform í salt vegna kreppu

Sérvitringurinn Nick Cave hefur frestað áformum um að reisa gullstyttu af sjálfum sér í heimabæ sínum, Warracknabeal í Ástralíu.

„Ég ætlaði að koma styttunni fyrir miðsvæðis í þessum agnarsmáa bæ þar sem ég fæddist," sagði hann í viðtali við tímaritið Time. „En því miður er ástandið í Warracknabeal svo slæmt þessa stundina. Það væri hrikalega smekklaust að reisa þar risavaxna gullstyttu á meðan kreppan og þessi leiðindi ganga yfir. En dag einn geri ég þetta."

Cave hefur þegar látið útbúa frumgerð af styttunni, sem er ansi sérstök. „Ég er nakinn á hesti sem er að prjóna," sagði hann. „Ég er klæddur í litla lendaskýlu. Þetta er stórkostleg hómóerótísk list." - afb



**NICK CAVE** Verður að fresta gullstyttu af sjálfum sér vegna kreppunnar.

# Manson ekki veikur

Rokkarinn Marilyn Manson skrifaði á fésbókarsíðu sinni fyrir stuttu að hann væri kominn með svínaflensuna. „Ég er opinberlega kominn með svínaflensuna.

Ég veit að fólk mun gantast með það að ég hafi smitast af flensunni með því að leggjast með svíni. Það er þó fjarri sanni. Því miður eru lífslíkur góðar," sagði Manson, sem lét þó veikindin ekki aftra sér frá því að koma fram á Live Nation-tónleikum í Bandaríkjunum.

Skipuleggjendur tónleikanna þvertaka þó fyrir að söngvarinn sé með flensu heldur segja hann heilsuhraustan.

# Haustdagar

í fullum gangi alla helgina

Vetrarskór frá:

VIKING TRIGGER CAPTAIN

ECCO SLUSHER

FULLT AF NÝJUM VÖRUM

# 30%

afsláttur
af öllum merkjavörum

**Opnunartímar**

Mán - fös 11-18
lau 11-16
sun 12-16

Útsöluvörur frá

STEINAR WAAGE SKÓVERSLUN
KRINGLAN - SMÁRALIND

ECCO
Laugarvegi - Kringlunni
Smáralind

Kaupfélagið
Kringlunni - Smáralind

skór.is
KRINGLAN • SMÁRALIND

# Toppskórinn Outlet

VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109

# Fiskbúð komin á fésbók

Sífellt fleiri einstaklingar og fyrirtæki skrá sig á samskiptasíðuna Facebook, þeirra á meðal er Fiskbúð Hólmgeirs sem er í Mjóddinni. Fisksalinn Hólmgeir Einarsson segist hafa verið lengi í bransanum en tekur fram að fiskbúðin í Mjóddinni sé glæný.

„Maður skráði sig þarna inn bara til að vera með og til að láta vita af sér. Það þýðir ekkert að vera hérna í fjöllunum í Breiðholti án þess að láta neinn vita. Þegar ég var kominn með þúsund vini þá valdi ég einn úr hópnum og sú fékk fimm þúsund króna inneign hjá mér. Ég held að hún sé enn að borða sig í gegnum vinninginn,“ segir Hólmgeir sem fær til sín einn og einn Facebook-aðdáanda sem vill líta á úrvalið.

Aðspurður segist Hólmgeir eyða þónokkrum tíma á netinu vegna vinnu sinnar. „Akkúrat núna er ég að kaupa fisk á netinu. Fiskuppboðin fara öll fram á netinu nú til dags þannig að fisksalar hafa þurft að netvæðast á síðustu árum.“ Hólmgeir segir að fiskbúðin hafi fengið góðar móttökur frá Breiðhyltingum síðan hún opnaði, „Enda er þetta eina fiskbúðin í heiminum sem er parketlögð.“ - sm



**NETVÆDDUR FISKSALI** Hólmgeir Einarsson er eigandi Fiskbúðar Hólmgeirs en sú er komin á fésbókina og safnar ört vinum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR




**MÚSÍKALSKUR** Fréttamaðurinn Haukur Holm hefur spilað á gítar í nokkur ár. Hann er nú að leita sér að rafmagnstrommusetti til að spila á í bílskúrnum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Fréttahaukur snýr sér að trommuleik

**Fréttamaðurinn Haukur Holm fetar í fótspor sona sinna og þreifar sig áfram í tónlistinni. Hann segist vera vita laglaus en spilar þrátt fyrir það á gítar og er að leita sér að rafmagnstrommusetti.**

„Ég hefði auðvitað helst viljað alvöru trommusett en þá hefði ég þurft að einangra allan bílskúrinn,“ segir sjónvarpsfréttamaðurinn skeleggi Haukur Holm, sem leitar nú logandi ljósi að rafmagnstrommusetti. Hann hyggst þó ekki sækja um stöðu trommuleikara í hljómsveitum sona sinna en telur sig hafa sitthvað fram að færa þegar kemur að því að berja húðirnar. Haukur segist líka vera að spá í þennan grip fyrir yngsta son sinn, sem hafi sýnt góða takta á trommur þótt hann læri nú á rafmagnsgítar hjá Gítarskóla Íslands.

Haukur upplýsir að það sé gamall draumur hjá honum að eignast trommusett. Sjónvarpsfréttamaðurinn segir að hann hafi einu sinni talað mjög mikið um þrá sína eftir trommusetti við eiginkonu sína og að ein jólin hafi hún látið undan og gefið honum gítar. „Ég veit reyndar ekkert hvaðan þessi gítar kom. En ég fór auðvitað að æfa mig og taldi mig vera orðinn þokkalegan gítarleikara nema að það vildi enginn hlusta á mig,“ segir Haukur og rifjar upp skondna sögu þegar hann sat eitt sinn og spilaði og sonur hans heyrðist segja við móður sína: „Ég veit að pabba dreymir um að verða gítarleikari, en það geta bara ekki allir draumar ræst.“

En þrátt fyrir allt hefur tónlistin tekið öll völd hjá sonum Hauks. Georg er auðvitað bassaleikari í Sigur Rós, Kjartan gítarleikari í For a Minor Reflection og nú er sá yngsti, Starri, farinn að feta sig áfram á tónlistarveginum. Hann var til að mynda í námi hjá Ragnari Zolberg, aðalsprautunni í Sign, og þeir tveir hafa tekið upp tvö lög sem eru kirfilega varðveitt á geisladisk.

Haukur kveðst raunar ekki skilja hvaðan þessi tónlistargen komi því sjálfur sé hann gjörsamlega laglaus. „En ég hef alltaf hlustað mikið á tónlist, lesið mér til um hana og tel mig vera nokkuð vel að mér í rokkfræðunum,“ segir Haukur og jánkar því að strákarnir hans séu að uppfylla gamlan draum hans, um að standa á sviði fyrir framan áhorfendur og spila rokk. „Það var annaðhvort það eða að verða góður í íþróttum. Annars held ég að strákarnir mínir séu búnir að fara með drauminn langt umfram það sem gamla manninn dreymdi alltaf um.“

freyrgigja@frettabladid.is

Kvikmyndir ★★★★

**Stúlkan sem lék sér að eldinum**

Daniel Alfredson

**Aðalhlutverk:** Noomi Rapace, Michael Nyqvist.



## Salander á flótta

Skömmu eftir að Lisbeth Salander snýr aftur til Svíþjóðar eftir árs fjarveru er hún á flótta undan lögreglunni og góðkunningjum hennar. Hún er grunuð um morð á blaðamanni sem vann að grein fyrir tímarit vinar Lisbeth, Mikaels Blomkvist, sem er sannfærður um sakleysi Lisbeth og ætlar að hreinsa nafn hennar.

Stúlkan sem lék sér að eldinum er önnur myndin í Millennium-þríleiknum eftir Stieg Larsson. Nýr leikstjóri er nú við stjórnvölinn, Daniel Alfredson, en aðdáendur þurfa ekki að örvænta því líkt og í fyrri myndinni er leikstjórnin til fyrirmyndar. Fyrri myndin var hægari í uppbyggingu en Stúlkan…, sem var að vísu til að undirbúa atburðarás þessarar myndar og uppgjör Lisbeth við drungalega fortíð sína. Framvinda sögunnar er afar spennandi, takturinn betri og uppgjörið viðunandi. Michael Nyqvist og Noomi Rapace eru frábær í hlutverkum sínum, og þá sérstaklega Rapace sem Lisbeth. Hlutverkið er krefjandi og tekst henni að gera Lisbeth, sem er afar kaldlynd og félagslega heft, áhugaverða og viðkunnanlega.

Stúlkan sem lék sér að eldinum er ekki síðri en forveri hennar. Nálgun Alfredsons á bókinni er mjög góð, og það fer ekki á milli mála að það er annar leikstjóri en í fyrri myndinni. Ég get varla beðið eftir að sjá hvernig síðasta innleggið í þríleiknum, Loftkastalinn sem hrundi, heppnast. Ef hún er í líkingu við þessa eiga áhorfendur von á góðu. Vignir Jón Vignisson

**Niðurstaða:** Traustur millileikur í þessum frábæra þríleik.

OKTÓBER-SPRENGJA

20%

aukaafsláttur af öllum vörum

1. – 7. október

SPORT OUTLET

Vínlandsleið 6-8 113 Reykjavík

Opið: Virka daga kl. 11-18
Laugardaga kl. 11-16

TICKET TO HEAVEN speedo PUMA

Whirlpool

# FRYSTIKISTUR Í MIKLU ÚRVALI

## MEST SELDU FRYSTIKISTUR Á ÍSLANDI



**Whirlpool AFG6222B**
- 212 lítra frystikista
- Orkuflokkur B
- 14kg frystigeta á sólarhring
- Ein karfa fylgir
- Á hjólum
- Hljóð: 41dB
- Með lás
- Mál: (hxbxd): 86,5x80,6x64,8sm

### MARGAR STÆRÐIR Í BOÐI

### VERÐDÆMI

**Whirlpool AFG6222B**

**VERÐ**

**79.995**

**FRÁBÆRT VERÐ**

FRÁBÆRT VERÐ FRÁBÆRT VERÐ FRÁBÆRT VERÐ FRÁBÆRT VERÐ FRÁBÆRT VERÐ

# KENWOOD HÆRIVÉLAR



**Kenwood KM260**
Hljóðlát en öflug 900w HRÆRIVÉL með 4,3 lítra stálskál, þeytari, hnoðari og hrærari fylgja. Geisladiskur með 90 uppskriftum fylgir.

**TILBOÐ**
**39.995**
FULLT VERÐ 44.995



**Kenwood KMX51**
Vönduð 800w Kenwood kMix HRÆRIVÉL með 4,6 lítra skál úr ryðfríu stáli, K-járni, brauðhnoðara og þeytara. Breytilegum hraðastillir. Heldur sama styrk þó bætist í skálina. Fjöldi aukahluta fáanlegur.

**TILBOÐ**
**49.995**
FULLT VERÐ 69.995



**Kenwood KM266**
Öflug 900w HRÆRIVÉL með 4,3 lítra skál úr ryðfríu stáli, breytilegum hraðastilli, blandara, safapressu, sítruspressu, hakkavél, þeytara, hnoðara og hrærara. Geisladiskur með 90 uppskriftum fylgir.

**TILBOÐ**
**59.995**
FULLT VERÐ 64.995



**Kenwood KM366**
Vönduð 800w Kenwood Chef Classic HRÆRIVÉL með 4,6 lítra skál úr ryðfríu stáli, K-járni, brauðhnoðara og þeytara. Breytilegum hraðastillir. Heldur sama styrk þó bætist í skálina. Fjöldi aukahluta fáanlegur.

**TILBOÐ**
**64.995**
FULLT VERÐ 69.995

FRÁBÆRT VERÐ FRÁBÆRT VERÐ FRÁBÆRT VERÐ FRÁBÆRT VERÐ FRÁBÆRT VERÐ

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | SELFOSS |
|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 36 | GARÐARSBRAUT 18A | EYRARVEGI 21 |
| SÍMI 569 1500 | 460 3380 | 464 1600 | 480 3700 |

**Heimilistæki** ht.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁS BÍÓ
Sími: 553 2075
- bara lúxus







LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 4, 7 og 10 | 16 |
| FUNNY PEOPLE | kl. 7 og 10 | L |
| BIONICLE - Íslenskt tal | kl. 4(650 kr.) | L |
| THE UGLY TRUTH | kl. 4, 6, 8 og 10 | 12 |









SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| SURROGATES | kl. 4 - 6 - 8D - 10:10D | 12 |
| SURROGATES | kl. 8 - 10:10 | VIP |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 4D - 5 - 6D | L |
| FUNNY PEOPLE | kl. 8 - 10:50 | 12 |
| FUNNY PEOPLE | kl. 5 | VIP |
| HAUNTING IN CONNECTICUT | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| DISTRICT 9 | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 16 |
| BANDSLAM | kl. 3:30 - 5:45 | L |
| WHALE WATCHING MASSACRE | kl. 10:50 | 16 |
| UPP M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | L |
| HARRY POTTER | kl. 8 | 10 |

HTTP://FACEBOOK.COM/BIOMYNDIR

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| SURROGATES | kl. 6:10 - 8:20D - 10:30D | 12 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 4D - 6D - 8:20D | L |
| KRAFTUR SÍÐASTI SPRETTURINN | kl. 5:50D - 7D | L |
| DISTRICT 9 | kl. 8:20 - 10:40 | 16 |
| FINAL DESTINATION 4 | kl.10:30(3D) | 16 |
| UPP M/ ísl. Tali | kl. 3:50(3D) | L |
| UPP M/ ísl. Tali | kl. 4 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| SURROGATES | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| ALGJÖR SVEPPI OG LEITIN AÐ VILLA | kl 6 | L |
| UP M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| FUNNY PEOPLE | kl. 8 | 12 |
| HAUNTING IN CONNECTICUT | kl 10:40 | 16 |



NÝTT Í BÍÓ!










SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 16 |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM L | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 16 |
| JENNIFER´S BODY | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| BIONICLE ÍSLENSKT TAL | kl. 4 | L |
| THE UGLY TRUTH | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 14 |
| INGLOURIOUS BASTERDS | kl. 6 - 9 | 16 |
| ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL | kl. 3.45 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 6 - 7.30 - 9 - 10.30 | 16 |
| THE UGLY TRUTH | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 14 |
| ANTICHRIST | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 18 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| JENNIFER´S BODY | kl.10 | L |
| BIONICLE ÍSLENSKT TAL | kl. 6 | 14 |
| THE UGLY TRUTH | kl. 8 | 16 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 5.50 - 8.30 - 11 | 14 |
| JENNIFER´S BODY | kl. 5.40 - 8 - 10.20 750 kr. | 16 |
| THE UGLY TRUTH | kl. 5.45 - 8 - 10.15 750 kr. | 16 |
| BEYOND REASONABLE DOUBT | kl. 5.45 - 8 - 10.20 750 kr. | 16 |


# Semur Sign-plötu á íslensku

**Ragnar Sólberg heldur áfram að semja tónlist fyrir Sign þó að bróðir hans sé hættur í sveitinni. Hann nýtur þess að vinna að tónlist í Svíþjóð.**



**Í SÆLUNNI Í SVÍÞJÓÐ** Ragnar Sólberg vinnur að tónlist í Svíþjóð.

„Platan verður á íslensku. Hún er að verða svo góð að ég er að spá í að gera hana á ensku líka,“ segir tónlistarmaðurinn Ragnar Sólberg um fyrstu drög að nýrri plötu hljómsveitarinnar Sign.

Ragnar dvelur nú í Svíþjóð ásamt fjölskyldu sinni og vinnur að ýmsum tónlistarverkefnum. Fréttablaðið fjallaði á dögunum um brotthvarf Egils Rafnssonar, bróður Ragnars, úr hljómsveitinni, eftir að Ragnar neitaði að skrifa undir samning við þýskt útgáfufyrirtæki.

„Okkur var boðinn samningur sem ég vildi ekki skrifa undir og það var svolítið mikið mál fyrir aðra sem hafa lagt mikla vinnu í hljómsveitina,“ segir Ragnar. „Í kjölfarið hættu Egill og Gísli [umboðsmaður]. Ég og Arnar [gítarleikari] ákváðum að fara bara aftur í grundvallaratriðin; semja plötu saman í rólegheitunum og hafa hana á íslensku.“

Ragnar segist hafa séð hlutina í nýju ljósi eftir moldviðrið og ákveðið í kjölfarið að hafa plötuna á íslensku. „Ég gerði mér grein fyrir því að mig langaði ekki að hella mér alveg hundrað prósent út í þetta og vera alltaf með annan fótinn í einhverri skítarútu,“ segir hann. „Þá fattaði ég hvað það var sem fékk mig til að byrja á þessu í byrjun.

Það er ekkert nema gleðin af því að gera tónlist. Einhvers staðar á leiðinni missti ég sjónar á því og þetta fór að snúast um allt annað en það.“

Sænski trommarinn Jon Skäre hleypur í skarð Egils í Sign, en hann er æskuvinur Sóleyjar, unnustu Ragnars, og trommar í nokkrum reggí- og þungarokkhljómsveitum í Svíþjóð.

Ragnar var einnig að klára plötu ásamt Ómari Emilssyni, æskufélaga sínum úr Hafnarfirði. Þeir kalla hljómsveitina RÓ og stefna á að gefa plötuna út fyrir jól.

„Við erum búnir að vinna í þessari plötu í fjögur ár, með rosalega löngum pásum inni á milli,“ segir hann. „Ég spila á hljóðfærin og svo syngjum við saman. Hann syngur meira en ég og þetta er acoustictónlist, en alls ekki auðmelt.“

Auglýsing sem Ragnar kom fram í fyrir Vodafone í Þýskalandi vakti athygli á dögunum. Ragnar syngur David Bowie-slagarann Heroes í auglýsingunni og var lagið gefið út í vefverslunum þar í landi. „Ég fór til Þýskalands og tók lagið upp með fínum pródúsentum sem hafa unnið að söluhæstu plötum Þýskalands og svona,“ segir Ragnar. „Samningurinn var bara upp á þetta lag og ef það gengur rosalega vel geri ég plötu í Þýskalandi í kjölfarið. Ég er hvorki að bíða né vonast eftir því.“

atlifannar@frettabladid.is





Viking Thermo stígvél - Í öllu veðri!

- 100% vatnsheldni
- Létt á fæti
- Halda fótum hlýjum og þurrum í allt að -30° frosti
- Má þvo á 30° hita
- Úr umhverfisvænu efni, innihalda ekki PVC



50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár



32 tommur

**109.989 kr.**

Fullt verð ~~139.989~~

## LCD sjónvarp

**Toshiba 32AV603PG**
32" LCD breiðtjald • Active Vision • HD-Ready 720p • Upplausn: 1366x768p • Skerpa: 18.000:1 • Svartími: 8ms • 20w Stereó hljóðkerfi • VGA / PC • 2x HDMI • 2x Scart ofl.

## FIFA 10 PS3



**10.989 kr.**

FIFA 10 fæst fyrir allar leikjatölvur



**1.989 kr.**

# Raftækjaúrvalið

# Þú færð það í Max! - Ódýrt



## Ferðaútvarp

**Dantax R40**
FM FERÐAÚTVARP • Innbyggt loftnet • Gengur fyrir rafhlöðum eða 230v

**3.489 kr.**



## Myndaprentari

**Epson S21**
A4 bleksprautuprentari sem prentar í 5760 x 1440 punktum. USB. Windows og Mac.

**8.989 kr.**



## DVD ferðaspilari

**United DVP8077**
Fjölkerfa DVD ferðaspilari • 7" LCD skjár með LED baklýsingu • Lithium hleðslurafhlaða • 12v og 220v

**18.989 kr.**



## Hljómtæki með MP3

**JVC UXG100**
10w RMS míkrósamstæða • MP3/WMA geislaspilari • RDS útvarp með 32 minnum ofl.

**19.989 kr.**



DVD MEÐ KARAÓKÍ

## DVD spilari

**United DVD7054**
DVD SPILARI með karaoke • Progressive Scan • Dolby Digital • Tveir mic inngangar • Hljóðnemi og karaoke diskur fylgja

**9.989 kr.**



## Playstation 3 120GB

**64.989 kr.**

## Ódýrir tölvuleikir - mikið úrval



Verð kr. **2.989** pr stk. á borði

XBOX
PS3
PS2
PC

Opið mán. - fös. kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18

MAX Kauptúni 1 - Garðabæ
Sími 412 2200 - www.max.is

MAX RAFTÆKI

## > Prinsinn samdi við ungverskt lið



Prince Rajcomar hefur gert fjögurra ára samning við ungverska félagið Zalaegerszegi TE en þetta kom fram á síðunni krreykjavik.is í gær. Það gekk lítið upp hjá þessum hollenska framherja hans eina ár í herbúðum KR en þar á undan lék hann í tvö ár með Breiðabliki. Prince Rajcomar skoraði 15 mörk í 49 leikjum í úrvalsdeild karla en þar af voru 13 mörk í 34 leikjum með Blikum. Prince Rajcomar skoraði aðeins 2 mörk í 15 leikjum með KR í Pepsi-deild karla í sumar. Prince Rajcomar fór til reynslu til ensku 3. deildarliðanna MK Dons og Carlisle í sumar og haust en fékk ekki samning þar.

# sport

sport@frettabladid.is

**JÓSEF KRISTINN JÓSEFSSON:** ER Á REYNSLU HJÁ MALMÖ Í SVÍÞJÓÐ OG SKORAÐI MARK FYRIR U-21 ÁRS LIÐ FÉLAGSINS

# *Draumurinn er náttúrlega að fara eitthvert út*



Grindvíkingurinn Jósef Kristinn Jósefsson er nú staddur í Svíþjóð þar sem hann er til skoðunar hjá Malmö en njósnari frá sænska liðinu kom til Íslands og sá bakvörðinn knáa spila í lokaumferð Íslandsmótsins. Jósef Kristinn lék bikarleik með U-21 árs liði Malmö í fyrrakvöld og skoraði þá eitt mark í 3-2 sigri gegn Örgryte.

„Þetta er búin að vera fín vika en ég kem á sunnudaginn og fer líklega aftur á laugardaginn. Þetta er flott félag og allar aðstæður og annað er til fyrirmyndar þarna. Malmö er til að mynda með nýjan leikvang sem er mjög flottur. Ég er búinn að vera að æfa með aðalliðinu og svo spilaði ég þennan leik með U-21 árs liðinu og stóð mig bara vel held ég. Það var líka gaman að skora þetta líka helvíti snyrtilega mark. Ég fékk boltann úti á kantinum og náði að leika á tvo leikmenn og slapp svo inn fyrir vörnina eftir þríhyrningsspil og vippaði boltanum svo yfir markvörðinn. Þetta var bara eins og sönnum framherja sæmir. Ég hefði pottþétt skorað fleiri mörk en Gilles Ondo og þessir kallar hjá Grindavík hefði ég fengið að spila frammi í sumar," segir hinn tvítugi Jósef Kristinn á léttum nótum en samningur hans við Grindvíkinga er runninn út.

„Hvað gerist í framhaldinu verður bara að koma í ljós og boltinn er hjá forráðamönnum Malmö að ákveða sig hvort þeir vilji fá mig eða ekki en ég hef alla vega reynt að gera mitt besta á þessum tíma hjá félaginu. Draumurinn er náttúrulega að fara eitthvert út í atvinnumennsku. Ef það gerist ekki og ég spila á Íslandi næsta sumar þá reikna ég fastlega með því að vera áfram hjá Grindavík. Við vorum með alltof gott lið til þess að enda deildina í níunda sæti í sumar og það er því hugur í mönnum að gera enn betur næsta sumar," segir Jósef Kristinn.

„Næsta verkefni er annars að spila með U-21 árs landsliðinu hér heima í tveimur leikjum gegn San Marínó og Norður-Írlandi og svo kemst maður kannski í langþráð sumarfrí. Ef eitthvað gerist í mínum málum í líkingu við þetta Malmö-dæmi þá mun ég að sjálfsögðu skoða það vel."



**HERMANN** Er trúnaðarmaður leikmanna hjá Portsmouth. NORDIC PHOTOS/GETTY

Hermann Hreiðarsson:

## Fáum borgað í dag og allir sáttir

**FÓTBOLTI** Mikið óvissuástand hefur verið hjá enska úrvalsdeildarfélaginu Portsmouth í sambandi við yfirtöku Sulaimans al Fahim á félaginu. Nú er svo komið að leikmenn liðsins fengu ekki laun sín borguð í gær en þeir eru vanir að fá laun sín greidd fyrsta hvers mánaðar. Landsliðsfyrirliðinn Hermann Hreiðarsson leikur sem kunnugt er með Portsmouth en hann er einnig trúnaðarmaður leikmanna og hefur því staðið í hringiðunni. „Það er búið að greina okkur frá stöðu mála því það kom aðili frá launadeild félagsins og sagði að við myndum fá launin greidd á morgun [í dag] og allir sáttir," segir Hermann við BBC. - óþ

Eggert Gunnþór Jónsson:

## Snýr aftur eftir mánaðar fjarveru

**FÓTBOLTI Eskfirðingurinn Eggert Gunnþór Jónsson er byrjaður að æfa á ný með liði sínu Hearts í Skotlandi eftir að hafa jafnað sig á meiðslum. Eggert Gunnþór fór í uppskurð fyrir um mánuði eftir að hafa rifið vöðva í maga og hefur því misst af nokkrum leikjum með skoska félaginu.**

**Eggert Gunnþór gat þó ekki gefið kost á sér í næstu verkefni U-21 árs landsliðsins gegn San Marínó og Norður-Írum í undankeppni EM 2011 en leikirnir fara fram á Íslandi 9. og 13. október.** - óþ

# Ég hef meiri metnað en þetta lið

**Sigurður Ingimundarson hætti óvænt í gær sem þjálfari sænska úrvalsdeildarliðsins Solna Vikings eftir aðeins tvo leiki í sænsku deildinni. „Ætla mér langt og geri engar málamiðlanir," segir Sigurður.**

**KÖRFUBOLTI** Sigurður Ingimundarson hætti óvænt sem þjálfari sænska liðsins Solna Vikings í gær eftir aðeins tvo leiki á tímabilinu. Solna Vikings tapaði síðasta leik með fimmtán stigum á heimavelli en það hafði þó ekkert með ákvörðun hans að gera, ekki frekar en að það væru einhver ósætti við leikmenn.

Sigurður segir að metnaður sinn og hugsjón hafi ekki átt samleið með stjórnarmönnum félagsins sem voru að hans mati hræddir við að gefa honum tækifæri til að byggja upp nýtt lið.

„Þeir voru að hika við stefnuna sem við höfðum ákveðið og ég sagði þá að það væri betra að ég færi strax. Ég kom hingað til að gera ákveðna hluti og ég verð að fá að gera þá nákvæmlega eins og ég vil. Þetta er alfarið mín ákvörðun að öllu leyti," segir Sigurður.

**Ætla að ná árangri á minn hátt**

Sigurður viðurkennir að þetta komi ekki alltof vel út. „Það er ekkert sérstaklega gott fyrir mig að hafa hætt en ég held samt að þetta hafi verið sterkt því ég er að vinna eftir minni sannfæringu. Ég er bara þannig þjálfari að ég ætla að ná árangri og gera það á minn hátt. Liðið verður að taka þátt í því nákvæmlega," segir Sigurður og útskýrir það frekar:

„Ég vil ekki að þeir kaupi einn eða tvo Kana og verði allt í einu góðir. Ég vildi ná árangri með heimamennina og við náðum ekki saman um það," segir Sigurður. „Þetta er svolítið sænskt því þeir vilja bara fá menn til að gera þetta fyrir sig og eru sáttir með það. Ég vil að þeir læri eitthvað en það er ekki það sem þeir ætla sér. Ég hélt að það væri þannig og ég samdi um það," segir Sigurður.



**HÆTTUR** Sigurður Ingimundarson segir Svíana ekki hafa staðið við það sem þeir sögðu þegar hann skrifaði undir samninginn. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Hann er samt ekki að hætta af því að liðið sé ekki nægilega gott til að ná árangri á þessu tímabili.

**Þetta lið á eftir að standa sig**

„Það eru bara tveir leikir búnir, við höfum pottþétt staðið okkur og þetta lið á eftir að standa sig. Ég vildi fá að breyta þessu liði eins og ég samdi um. Það var þá sem ég kom til að gera," segir Sigurður.

Landsliðsmaðurinn Helgi Már Magnússon spilar með Solna-liðinu og Sigurður segir enga breytingu verða á því. „Helgi verður áfram. Hann er vel liðinn og er að spila vel og menn eru eðlilega mjög hrifnir af honum," segir Sigurður.

Sigurður hætti með Keflavík í vor eftir að hafa þjálfað liðið í ellefu af síðustu tólf tímabilum og því ekki vanur því að skipta oft um starfsvettvang.

**Ekkert stríð og engin leiðindi**

„Það er ekkert stríð og engin leiðindi. Það er heiðarlegast við alla að ég verð ekki áfram í þessum klúbbi. Ég þarf að fara í annan klúbb sem er að gera þessa hluti sem ég vil að séu gerðir. Þetta er ekki góð stöð fyrir mig, margir væru sáttir hérna en ég er það ekki. Það er betra að fara strax í stað þess að þrjóskast eitthvað hér," segir Sigurður en hann segist ekkert endilega vera á leið heim til Íslands að þjálfa.

„Nú fer ég bara heim og skoða málin. Ég hef talað við nokkur lið og nú ætla ég að þreifa fyrir mér áfram úti. Ég hef ekkert rætt við nein lið heima enn þá en ég hef engar áhyggjur því ég get fengið körfuboltaþjálfun einhvers staðar. Ég efa það ekki," segir Sigurður sem er með körfuboltaþjálfun að aðalstarfi.

**Bróðir hans í heimsókn**

Sigurður fékk góðan stuðning á meðan hann gekk í gegnum þetta allt saman í gær því bróðir hans, Valur Ingimundarson, núverandi þjálfari Njarðvíkur, var í heimsókn hjá honum. „Valur kom á sérstökum tíma," sagði Sigurður.

„Ég ætla mér langt í þessum bransa og geri engar málamiðlanir. Mörgum finnst þetta öruggglega vera fljótfærni hjá mér en ég geri þetta á minn hátt. Ég ætla mér langt í þessu og þess vegna geri ég þetta svona. Ég hef meiri metnað en þetta lið og þess vegna finnst mér ég ekki passa hér. Ég ætla mér lengra og ég ætla að vera góður í þessu."

ooj@frettabladid.is


10-11 ...alltaf opið! www.10-11.is

Nizza – betra með hverjum bita

2 skemmtilegri



SAMI TÍMI
SAMI TÖFFARINN

LOGI Í BEINNI Í KVÖLD KL. 20:00

GESTIR ÞÁTTARINS ERU:
VILLI NAGLBÍTUR
HELGA MÖLLER ÚR ÞÚ OG ÉG
RAGNAR SÓT ÚR SKRIÐJÖKLUM
TÓNLIST: SKRIÐJÖKLAR – ÞÚ OG ÉG
– ENDURKOMA HJÁ TVEIMUR FORNFRÆGUM SVEITUM!




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000


VISA BIKARINN 2009
Auðunn Helgason fyrirliði Fram, Kári Ársælsson fyrirliði Breiðabliks,
Katrín Jónsdóttir fyrirliði Vals og Erna Sigurðardóttir fyrirliði Breiðabliks
KARLAR
Fram - Breiðablik
KONUR
Valur - Breiðablik
Úrslitaleikirnir á Laugardalsvelli
Karlar laugardaginn 3. október kl. 14:00
Konur sunnudaginn 4. október kl. 14:00
VISA 50. BIKARINN
KSÍ

ÍBV endurskoðar samninga sína við Augustine Nsumba og Andrew Mwesigwa vegna gengishækkunar:

# Óvíst hvort Siggi og Gústi verða áfram



**AUGUSTINE NSUMBA** Mögulega á leið frá ÍBV eins og Andrew Mwesigwa.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

**FÓTBOLTI** Minni líkur en meiri eru á því að Úgandamennirnir Augustine Nsumba og Andrew Mwesigwa verði áfram í herbúðum ÍBV á næsta tímabili. Báðir eru samningsbundnir ÍBV til loka næsta árs en knattspyrnudeild ÍBV hefur tekið samninga þeirra til endurskoðunar.

„Við erum að reyna að endursemja við þá enda hefur fall íslensku krónunnar gert það að verkum að það er orðið mjög dýrt að halda þeim hjá félaginu,“ sagði Sigursveinn Þórðarson, formaður knattspyrnudeildar ÍBV, í samtali við Fréttablaðið.

„Þeir eru enn í Eyjum og fara ekki af landinu fyrr en um miðjan október. Við viljum klára þetta mál fyrir þann tíma og vonandi að það gerist á allra næstu dögum.“

Hann á þó síður von á því að þeir verði áfram. „Ég myndi telja það líklegra að þeir fari. Um er að ræða töluverða skerðingu fyrir þá og við skiljum afstöðu þeirra. En málið er einfaldlega að gengið hefur hækkað svo mikið að við verðum að bregðast við því.“

Hann segir að viðræður fari fram í mesta bróðerni. „Það er enginn sem ætlar að halda hinum aðilanum í gíslingu,“ sagði Sigursveinn. „Það yrði mikil eftirsjá að þeim enda góðir leikmenn. En á móti kemur að við fengjum þá meiri pening til að styrkja leikmannahópinn.“

Mwesigwa, eða Siggi eins og hann er kallaður í Eyjum, hefur spilað með ÍBV síðan 2006 og Nsumba, sem er kallaður Gústi, síðan 2007. Mwsigwa á 67 leiki og tvö mörk að baki í deild og bikar og Nsumba 53 leiki og átta mörk.

Fyrir tímabilið fékk ÍBV Tony Mawejje til liðs við sig en hann er einnig frá Úganda. ÍBV er nýbúið að ganga frá þriggja ára samningi við hann.

„Við sömdum við hann á okkar forsendum og hann verður því áfram,“ sagði Sigursveinn. **- esá**



**ÞJÁLFARATEYMIÐ** Allar líkur eru á að Luka Kostic og Milan Stefán Jankovic skipi þjálfarateymi Grindavíkur.
MYND/HEIMASÍÐA GRINDAVÍKUR

Þjálfaramál í efstu deild:

## Bara Kostic og Andri eru eftir

**FÓTBOLTI Aðeins Lúkas Kostic hjá Grindavík og Andri Marteinsson, þjálfari Hauka, eiga eftir að ganga frá sínum samningamálum við sín félög af þeim þjálfurum sem sennilega munu þjálfa liðin tólf í Pepsi-deild karla á næsta ári.**

**Aðeins mun vera formsatriði að ganga frá samningum við Andra en Kostic á enn í viðræðum við forráðamenn Grindavíkur.**

**„Ég hef áður sagt að ég vil halda áfram og eru 99,9 prósent líkur á að svo verði,“ sagði hann í samtali við Fréttablaðið. Vonast er til að gengið verði frá hans samningum um helgina eða snemma í næstu viku.**

**Að öðru leyti liggur ljóst fyrir hverjir munu þjálfa liðin í Pepsi-deild karla á næsta ári eins og sjá má hér fyrir neðan. - esá**

**ÞJÁLFARARNIR**

**Þjálfarar þeirra tólf liða sem leika í Pepsi-deild karla á næsta ári:**

| | |
|---|---|
| Breiðablik | Ólafur Kristjánsson |
| FH | Heimir Guðjónsson |
| Fram | Þorvaldur Örlygsson |
| Fylkir | Ólafur Þórðarson |
| Grindavík | Lúkas Kostic* |
| Haukar | Andri Marteinsson* |
| ÍBV | Heimir Hallgrímsson |
| Keflavík | Willum Þór Þórsson |
| KR | Logi Ólafsson |
| Selfoss | Guðmundur Benediktsson |
| Stjarnan | Bjarni Jóhannsson |
| Valur | Gunnlaugur Jónsson |

** Hafa ekki gengið frá samningum sínum enn.*



**GILLES ONDO** Er samningsbundinn Grindavík.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Leikmannamál Grindavíkur:

## Fjórir útlendingar áfram

**FÓTBOLTI** Fjórir af þeim sex útlendingum sem léku með liði Grindavíkur í Pepsi-deild karla í sumar verða áfram hjá félaginu. Þetta segir Þorsteinn Gunnarsson, formaður knattspyrnudeildar Grindavíkur.

Þeir Sylvain Soumare og Ben Ryan Long verða ekki áfram en félagið vill halda þeim Scott Ramsay, Gilles Ondo, Zoran Stamenic og Tor Erik Moen. Þeir tveir fyrstnefndu eru samningsbundnir til loka næsta árs en Þorsteinn bindur vonir við að hægt verði að semja við hina tvo.

Gilles Ondo hefur hug á að freista gæfunnar í atvinnumennskunni á Norðurlöndum eins og hann sagði við Fréttablaðið í síðasta mánuði. „Ef tilboð berst munum við að sjálfsögðu skoða það en annars verður hann áfram í Grindavík,“ sagði Þorsteinn.

Hann sagði von á að leikmannahópur Grindavíkur myndi breytast mikið fyrir næsta tímabil. „Eysteinn Húni Hauksson er hættur og Óli Stefán Flóventsson farinn til Sindra. Svo er óvíst með Jósef Kristin Jósefsson, sem gæti farið í atvinnumennsku. Leikmannamálin verða skoðuð í heild sinni og fleiri breytingar gætu orðið á hópnum.“ **- esá**






**CAHILL** Skoraði sigurmark Everton gegn BATE Borisov í gærkvöld. NORDIC PHOTOS/AFP

Evrópudeild UEFA:

# Cahill tryggði Everton sigur

**FÓTBOLTI** Ensku félögin Everton og Fulham unnu bæði sína leiki í Evrópudeild UEFA í gærkvöldi.

Everton lenti undir eftir um stundarfjórðung gegn BATE Borisov þegar Dmitri Lihtarovich skoraði fyrir heimamenn og staðan var 1-0 í hálfleik. Marouane Fellaini jafnaði hins vegar leikinn fyrir Everton og það var svo Tim Cahill sem kom Everton yfir með marki á 77. mínútu og reyndist það vera sigurmark leiksins. Þetta var kærkominn sigur fyrir David Moyes og lærisveina hans þar sem Everton lék án tíu aðalliðs leikmanna í leiknum sem eru frá vegna meiðsla.

Danny Murphy skoraði eina mark leiksins þegar Fulham vann KR-banana í Basel á heimavelli sínum.

Þá voru sex dómarar frá Íslandi í eldlínunni í leik Anderlecht og Ajax. Kristinn Jakobsson var aðaldómari leiksins en aðstoðardómarar voru Sigurður Óli Þorleifsson og Ólafur Ingvar Guðfinnsson. Fjórði dómari var Jóhannes Valgeirsson en Magnús Þórisson og Þorvaldur Árnason voru staðsettir við sitt hvort markið. Þetta er nýtt fyrir komulag sem verður prófað í Evrópudeild UEFA í vetur. **- óþ**

## ÚRSLIT

*Evrópudeild UEFA*

| | |
|---|---|
| **A-riðill:** | |
| Anderlecht-Ajax | 1-1 |
| 0-1 Dennis Rommedahl (72.), 1-1 Jonathan Leagear (86.). Rautt spjald: Jelle Van Damme, Anderlecht (82.). | |
| Politehnica Timisoara-Dinamo Zagreb | 0-3 |
| **B-riðill:** | |
| Slavia Prag-Lille | 1-5 |
| Valencia-Genoa | 3-2 |
| 0-1 Sergio Floccari (42.), 1-1 David Silva (52.), 1-2 Nikola Zigic (56.), 2-2 Houssine Kharja (64.), 3-2 David Villa (82.). | |
| **C-riðill:** | |
| Celtic-Rapid Vín | 1-1 |
| 0-1 Yelavic (3.), 1-1 Scott McDonald (21.). | |
| Hamburg-Hapoel Tel-Aviv | 4-2 |
| 1-0 Marcus Berg (4.), 2-0 Berg (12.), 2-1 Etey Shechter (37.), 3-1 Eljero Elia (40.), 3-2 Samuel Yeboah (61.), 4-2 Ze Roberto (77.). | |
| **D-riðill:** | |
| FK Ventspils-Heerenveen | 0-0 |
| Sporting Lissabon-Hertha Berlín | 1-0 |
| **E-riðill:** | |
| Fulham-Basel | 1-0 |
| 1-0 Danny Murphy (57.). | |
| Roma-CSKA Sófía | 2-0 |
| 1-0 Stefano Okaka Chuka (20.), 2-0 Simone Perrotta (23.). | |
| **F-riðill:** | |
| Dinamo Búkarest-Panathinaikos | 0-1 |
| Galatasaray-Strum Graz | 1-1 |
| **G-riðill:** | |
| Levski Sófía-Lazio | 0-4 |
| 0-1 Matuzalem (22.), 0-2 Mauro Zarate (45.), 0-3 Mourad Meghni(67.), 0-4 Tommaso Rocchi (73.). | |
| Red Bull Salzburg-Villarreal | 2-0 |
| 1-0 Marc Janko (21.), 2-0 Somen Tchoyi (84.). | |
| **H-riðill:** | |
| Sheriff Tiraspol-Fenerbahce | 0-1 |
| Twente-Steaua Búkarest | 0-0 |
| **I-riðill:** | |
| AEK Aþena-Benifca | 1-0 |
| BATE Borisov-Everton | 1-2 |
| 1-0 Dmitry Likhtaro (16.), 1-1Marouane Fellaini (68.), 1-2 Tim Cahill (77.). | |
| **J-riðill:** | |
| Shakhtar Donetsk-Partizan Belgrad | 4-1 |
| Toulouse-Club Brugge | 2-2 |
| **K-riðill:** | |
| FC Kaupmannahöfn-Sparta Prag | 1-0 |
| PSV-CFR Cluj | 1-0 |
| **L-riðill:** | |
| AM Magna-Nacional | 1-1 |
| Werder Bremen-Athletic Bilbao | 3-1 |

Fylkismenn bættu sig langmest allra liða á milli ára í Pepsi-deild karla:

# Níu af tólf Fylkismönnum fengu hærri einkunn

**FÓTBOLTI** Níu af þeim tólf leikmönnum Fylkis sem léku með liðinu bæði í ár og síðasta sumar fengu hærri einkunn hjá blaðamönnum Fréttablaðsins í ár en í fyrra. Það helst í hendur við árangur liðsins enda stórbætti Fylkis hann á milli ára. Fylkir varð í níunda sæti deildarinnar í fyrra og hlaut þá 22 stig. Liðið tvöfaldaði næstum stigafjöldann í ár en Fylkir varð í þriðja sæti Pepsi-deildarinnar og fékk alls 43 stig.

Ólafur Ingi Stígsson, fyrirliði Fylkis, ákvað að nýliðið tímabil yrði sitt síðasta og lék hann því kveðjuleik sinn með félaginu gegn FH í lokaumferð deildarinnar um síðustu helgi. Ólafur Ingi átti mjög gott tímabil með Fylki í sumar og margir segja að hann hafi aldrei spilað betur en í sumar.

Ólafur Ingi er einmitt sá leikmaður sem bætti sig mest á milli ára en meðaleinkunn hans hækkaði um 1,26 frá síðasta ári. Hann var þriðji hæsti leikmaður Fylkis í einkunnagjöf Fréttablaðsins í ár, á eftir þeim Vali Fannari Gíslasyni og Andrési Má Jóhannessyni.

Ingimundur Níels Óskarsson er í fjórða sæti á þeim lista en hann er reyndar einn þeirra þriggja sem lækkuðu sig í meðaleinkunn á milli ára. Ingimundur átti þó frábært sumar og var hársbreidd frá því að komast í lið ársins hjá Fréttablaðinu. **- esá, óój**

**BÆTT FYLKISLIÐ**

**Breytingar á meðaleinkunnum leikmanna Fylkis í ár frá síðasta ári:**

| | |
|---|---|
| 1. Ólafur Ingi Stígsson | +1,26 |
| 2. Ásgeir Börkur Ásgeirsson | +1,00 |
| 3. Kjartan Ágúst Breiðdal | +0,88 |
| 4. Valur Fannar Gíslason | +0,78 |
| - Andrés Már Jóhannesson | +0,78 |
| 6. Kristján Valdimarsson | +0,61 |
| 7. Kjartan Andri Baldvinsson | +0,57 |
| 8. Jóhann Þórhallsson | +0,33 |
| 9. Halldór Arnar Hilmisson | +0,10 |
| 10. Fjalar Þorgeirsson | -0,09 |
| 11. Þórir Hannesson | -0,13 |
| 12. Ingimundur Níels Óskarsson | -0,32 |



**ÓLAFUR ÞÓRÐARSON** Náði góðum árangri með Fylki í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


TAX FREE

STÆRSTA OUTLET LANDSINS

MERKJA OUTLET

KORPUTORGI

Reebok VIKING Brandtex Tamaris ICHI hummel DIDRIKSONS1913 arena RUGBY JEANS CO. ZARA

Dömufatnaður
Herrafatnaður
Barnafatnaður
Íþróttafatnaður
Sundfatnaður
Töskur
Skór

25% AUKAAFSLÁTTUR AF HUMMEL ÍÞRÓTTAFATNAÐI!

Lúffur Fyrir börn 995 kr.

Húfur 995 kr.

Rucanor Íþróttataska 1.495 kr.

T-bolir Með myndum 1.695 kr.

Arena Sundbolir 2.995 kr.

Fótboltabúningar Fyrir börn Ýmsar gerðir 3.495 kr.

Pony Strigaskór fyrir dömur 3.995 kr.

Dömustígvél Svört, támjó (36-41) 3.995 kr.

Íþróttaskór Svartir (36-46) 4.995 kr.

Jakkaföt Dökkblá og svört Stærðir 46-64 14.995 kr.

Opið: Mán.-lau. 11 til 18 - Sun. 12 til 18 • Sími 578 9400

> Adam Sandler

„Þegar ég var að byrja í uppistandinu var ég svo stressaður að það tók mig stundum tvær vikur að jafna mig eftir álagið sem fylgdi því að standa á sviðinu.“

***Sandler fer með aðalhlutverkið í kvikmyndinni Happy Gilmore sem Stöð 2 sýnir kl. 21.55 í kvöld.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR GÍGJA GUNNARSSON GEFST UPP

# *Kastljós kreppunnar*

Kastljósið, þegar það fór í loftið, var svo sannarlega metnaðarfullt prógramm hjá RÚV. Nú átti að búa til alvöru „magasin“-þátt þar sem allir aldurshópar fengju eitthvað við sitt hæfi. Mósaík og Ópið voru sameinuð nýja fyrirtækinu, blásið var í herlúðra, glæsileg leikmynd búin til og allt var eins og best varð á kosið. Til varð hálfgert Kastljós Group að hætti góðærisins góða en sáluga.

En svo smám saman hvarf menningin. Og svo urðu þáttastjórnendurnir úr Ópinu aðeins eldri og fóru að hafa áhuga á allt öðrum hlutum. Fóru að gera heimildarmyndir og leika í kvikmyndum.

Til að bjarga hlutunum fyrir horn var fenginn menningarpáfi sem telur að það sé hlutverk hans að spjalla góðlátlega við listamennina að tjaldabaki, svona rétt áður en þeir stíga á svið í misjafnlega gáfulegum sýningum. Ef Kastljósinu þótti svona merkilegt að Frida Kahlo væri frumsýnd þá hlýtur því að þykja það fréttnæmt að hver prentmiðillinn á fætur öðrum slátraði sýningunni. Eða hvað?

Einu sinni var það til siðs að gagnrýna bækur í Kastljósinu. Sú fjarvera er löglega afsökuð enda hefur gullkálfur Sjónvarpsins tekið það hlutverk að sér með miklum sóma. En hvar er þá leikhúsgagnrýnin, hvar er kvikmyndarýnin og hvar er eiginlega unga fólkið? Urðu þessir hlutir allt í einu að engu í augum stjórnenda Kastljóssins? Líklegast er að Kastljós Group sé bara orðið kreppunni að bráð eins og öll hin Group-fyrirtækin.



**ÞÖRF Á UPPSTOKKUN** Kastljósið þarf að stokka upp á nýtt og átta sig á því að þetta er ekki aukafréttaskýringaþáttur heldur magasin-sjónvarp fyrir alla fjölskylduna.

## FÖSTUDAGUR



▶ 19.20 Auddi og Sveppi STÖÐ 2



▶ 20.00 Into the Wild STÖÐ 2 BÍÓ



▶ 20.10 Fyndnar fjölskyldumyndir SKJÁREINN



▶ 21.45 Entourage STÖÐ 2 EXTRA



▶ 22.35 Barnaby ræður gátuna SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**15.35 Leiðarljós** (e)
**17.00 Táknmálsfréttir**
**17.10 Bjargvætturinn** (9:26)
**17.35 Bangsímon og vinir hans** 18.00 Hanna Montana (49:56)
**18.25 Nýsköpun - Íslensk vísindi** (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.15 Stóra planið** (1:5) Ný íslensk gamanþáttaröð. Meðal leikenda eru Pétur Jóhann Sigfússon, Ingvar Sigurðsson, Hilmir Snær Guðnason, Eggert Þorleifsson, Halldóra Geirharðsdóttir og Michael Imperioli
**21.00 Barn Donovans** (Donovan's Kid) Bandarísk fjölskyldumynd frá 1979 um tvo svikahrappa sem taka upp á því að gera góðverk í San Francisco um aldamótin 1900. Aðalhlutverk: Darren McGavin og Mickey Rooney.
▶**22.35 Barnaby ræður gátuna - Fjarsýni** (Midsomer Murders: Second Sight) Bresk sakamálamynd byggð á sögu eftir Caroline Graham þar sem Barnaby lögreglufulltrúi glímir við dularfull morð í ensku þorpi. Meðal leikenda eru John Nettles og John Hopkins.
**00.10 Rauði drekinn** (Red Dragon) Bandarísk spennumynd frá 2002. Fyrrverandi FBI-maður er fenginn til að hafa uppi á dularfullum raðmorðingja og nýtur við það aðstoðar mannætunnar góðkunnu dr. Hannibals Lechters. Aðalhlutverk: Anthony Hopkins, Edward Norton, Ralph Fiennes, Harvey Keitel og Emily Watson.
**02.10 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.25 The Pink Panther**
**10.00 License to Wed**
**12.00 The Sandlot 3**
**14.00 The Pink Panther**
**16.00 License to Wed**
**18.00 The Sandlot 3**
▶**20.00 Into the Wild** Mynd byggð á samnefndri metsölubók um ungan hugsjónamann sem hélt einn inn í óbyggðir Alaska og hugðist lifa alfarið af landinu.
**22.25 A Scanner Darkly**
**00.05 Edison**
**02.00 From Dusk Till Dawn 2.**
**04.00 A Scanner Darkly**
**06.00 The Prestige**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Flintstone krakkarnir, Litla risaeðlan, Gulla og grænjaxlarnir og Kalli litli Kanína og vinir.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Jamie At Home** (13:13)
**10.40 You Are What You Eat** (4:18)
**11.05 America's Got Talent** (1:20)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 La Fea Más Bella** (38:300)
**13.45 La Fea Más Bella** (39:300)
**14.30 La Fea Más Bella** (40:300)
**15.30 ´Til Death** (3:15)
**15.55 Barnatími Stöðva 2** Camp Lazlo, Kalli litli Kanína og vinir og Flintstone krakkarnir.
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 Friends**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
▶**19.20 Auddi og Sveppi** Auddi og Sveppi eru mættir aftur hressari og uppátækjasamari en nokkru sinni fyrr í gamanþætti þar sem allt er leyfilegt.
**20.00 Logi í beinni** Laufléttur skemmtiþáttur Loga Bergmann.
**20.45 Beauty and the Geek** (10:10) Fimmti hópurinn af nördum og ljóskum er mættur til leiks í kænsku- og krúttkeppni.
**21.30 Stelpurnar** Það er óhætt að segja að Stelpurnar hafi slegið í gegn með nýstárlegu gríni og glensi en vinsældir þeirra virðast ekkert ætla að dvína.
**21.55 Happy Gilmore** Uppgjafaíshokkíleikaranum Happy Gilmore gengur ekki nógu vel í lífinu. Kærastan er farin frá honum og hann getur lítið gert fyrir ömmu sína sem er að missa húsið sitt. Með von um skjótan gróða ákveður hann að taka þátt í golfmóti án þess að hafa nokkra reynslu af íþróttinni. Adam Sandler fer með aðalhlutverkið.
**23.25 Mayday**
**00.55 Catch a Fire**
**02.35 This Girl's Life**
**04.15 Beauty and the Geek** (10:10)
**05.00 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Anderlecht - Ajax** Útsending frá leik í Evrópudeildinni.
**17.25 Gillette World Sport 2009**
**17.55 Inside the PGA Tour 2009**
**18.20 Anderlecht - Ajax** Útsending frá leik í Evrópudeildinni.
**20.00 La Liga Report** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í spænska boltanum.
**20.30 Meistaradeil Evrópu: Fréttaþáttur**
**21.00 F1. Japan: Æfingar** Sýnt frá æfingum liðanna fyrir kappaksturinn í Japan.
**21.30 Ultimate Fighter - Season 9** Allir fremstu bardagamenn heims mæta til leiks og keppa um titilinn The Ultimate Fighting Champion.
**22.15 UFC Unleashed** Bestu bardagarnir í sögu Ultimate Fighting Champion skoðaðir.
**22.55 World Series of Poker 2009** Allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims mæta til leiks.
**23.45 Poker After Dark**
**00.30 F1. Japan: Æfingar**
**00.55 F1. Japan: Æfingar**
**04.45 F1. Japan / Tímataka** Bein útsending frá tímatökunni fyrir Formúlu 1 kappaksturinn í Japan.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**17.00 Stoke - Man. Utd.** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**18.40 Liverpool - Hull** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**20.20 Coca Cola mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.
**20.50 Premier League World 2009/10** Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hliðum.
**21.20 Premier League Preview 2009/10** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.
**21.50 PL Classic Matches** Tottenham - Man. Utd., 2001. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
**22.20 PL Classic Matches** Arsenal - Leeds.
**22.50 Premier League Preview 2009/10**
**23.20 Birmingham - Bolton** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.30 Game Tíví** (3:14) (e)
**08.00 Dynasty** (63:88) (e)
**08.50 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Game Tíví** (3:14) (e)
**12.30 Pepsi MAX tónlist**
**17.30 Dynasty** (64:88)
**18.20 Yes Dear** (3:15) (e)
**18.45 What I Like About You** (e)
**19.10 SkjárEinn í 10 ár** (2:4) (e)
▶**20.10 Fyndnar fjölskyldumyndir** (3:12) Fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru bæði innlend og erlend myndbrot, sem kitla hláturtaugarnar og koma öllum í gott skap. Vinsælasti skemmtikraftur Íslands, Þórhallur Sigurðsson, hinn eini og sanni Laddi, er kynnir þáttanna.
**20.40 Skemmtigarðurinn** (3:8) Nýr íslenskur þáttur fyrir alla fjölskylduna. Í hverjum þætti keppa tvær 5 manna fjölskyldur í skemmtilegum leik. Þær þurfa að leysa ýmsar þrautir og sú fjölskylda sem sigrar kemst áfram í keppninni. Kynnir þáttanna er Eyþór Guðjónsson.
**21.40 The Contender Muay Thai** (7:15) Raunveruleikasería þar sem leitað er að næstu bardagastjörnu. Áður hafa efnilegir hnefaleikakappar fengið tækifæri en nú eru það keppendur í asísku bardagalistinni Muay Thai.
**22.30 Law & Order. Special Victims Unit** (3:19) (e)
**23.20 PA´s** (4:6) (e)
**00.20 World Cup of Pool 2008** (18:31)
**01.10 The Jay Leno Show** (e)
**02.00 The Jay Leno Show** (e)
**02.50 The Jay Leno Show** (e)
**03.40 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar. Heimstjórn stöðvarinnar, Jón Kristinn Snæhólm og Hallur Hallsson ásamt gestaráðherra ræða um það sem er efst á baugi í stjórnmálunum.
**21.00 Græðlingur** Guðríður Helgadóttir leiðbeinir fólki um haustverkin í garðyrku.
**21.30 Eldum Íslenskt** Matreiðsluþáttur með íslenskar búvörur í öndvegi.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ATH. Lagersalan er flutt að Dalvegi 16b, Kópavogi.
Opið virka daga 12-18 og laugardaga 10-14. S. 662 4499

BLÖNDUNARTÆKI

GERIÐ VERÐSAMANBURÐ!

Eldhúss- og hitastýrð blöndunartæki komin aftur. Sama frábæra verðið!

Eldhússvaskar
Sturtuhausar
Speglar o.fl.




VERÐ FRÁ 10.000 KR.



VERÐ 5.900 KR.

VERÐ 10.000 KR.

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.00

### Logi í beinni



Laufléttur og skemmtilegur þáttur með spjallþáttakónginum Loga Bergmann en hann hefur einstakt lag á að fá vel valda og landsþekkta viðmælendur sína til að sleppa fram af sér beislinu og sýna á sér réttu hliðina – þá skemmtilegu. Logi fær tónelska gesti í sófann í kvöld, þau Villa Naglbít (Algjör Sveppi og leitin að Villa), Helgu Möller (Þú og ég) og Ragnar Sót (Skriðjöklar). Einnig verður boðið upp á tónlistaratriði frá tveimur fornfrægum sveitum, en það eru Skriðjöklar og Þú og ég. Fullkomin uppskrift að skemmtun fyrir alla fjölskylduna.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
## Stóra planið

### Sjónvarpið kl. 20.15

Íslensk gamanþáttaröð í fimm þáttum með Pétri Jóhanni Sigfússyni, Eggert Þorleifssyni og fleiri úrvalsleikurum. Handrukkarinn og ljóðskáldið Davíð kynnist Haraldi sem virðist vera einmana grunnskólakennari en hann telur Davíð trú um að hann sé í raun glæpakóngur í felum.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.05** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Syngjandi upp um öll fjöll
**14.03** Straumar
**15.03** Útvarpssagan: Brestir í Brooklyn
**15.25** Draumaprinsinn
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Fimm fjórðu
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Pönk á Íslandi
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Söngvarar blárrar sveiflu
**21.10** Hringsól
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.07** Næturtónar

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 | XA-Radíó | FM 96,3 | FM Suðurland | FM 90,1 | Rás 2 |
| FM 90,9 | Gullbylgjan | FM 96,7 | Létt Bylgjan | FM 102,2 | Útvarp Latibær |
| FM 91,9 | Kaninn | FM 97,7 | X-ið | FM 102,9 | Lindin |
| FM 93,5 | Rás 1 | FM 98,9 | Bylgjan | FM 105,5 | Útvarp Boðun |
| FM 95,7 | FM957 | FM 99,4 | Útvarp Saga | | |

## 2 EXTRA

**16.00 Doctors** (8:26)
**16.30 Doctors** (9:26)
**17.00 The Sopranos** (32:39)
**18.00 Peep Show** (12:12) Sprenghlægilegir gamanþættir um Mark og Jez, sérvitringa á þrítugsaldri sem deila íbúð saman en eiga ekkert sameiginlegt nema það að líf þeirra einkennist af endalausum flækjum og óreiðu.
**18.30 Doctors** (8:26)
**19.00 Doctors** (9:26)
**19.30 The Sopranos** (32:39)
**20.30 Peep Show** (12:12)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.45 Entourage** (4:12) Vincent og félagar standa nú á krossgötum því þrátt fyrir að nokkrum þeirra hafi orðið býsna ágengt í kvikmyndaborginni, neyddust þeir í lokaþætti þriðju seríu til að flytja úr villunni góðu. En þeir halda sínu striki og stóra tækifærið gæti verið að banka upp á með Medallín, stórmynd Ara Gold.
**22.15 NCIS** (8:19) Spennuþáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem starfa í Washington og rannsaka glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt. Verkefnin eru orðin bæði flóknari og hætturlegri í þessari fimmtu seríu.
**23.00 Eleventh Hour** (11:18) Spennuþáttur um eðlisfræðinginn Jacob Hood sem aðstoðar FBI við rannsókn sakamála sem krefjast vísindalegrar úrlausnar eða eru jafnvel talið vera af yfirnáttúrlegum toga.
**23.45 Auddi og Sveppi**
**00.20 Entourage** (4:12)
**00.50 Fréttir Stöðvar 2**
**01.50 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.00** The Black Adder **12.35** Lead Balloon **13.05** Only Fools and Horses **13.35** Absolutely Fabulous **14.05** The Weakest Link **14.50** The Black Adder **15.15** Lead Balloon **15.45** Only Fools and Horses **16.15** Absolutely Fabulous **16.45** Absolutely Fabulous **17.15** Doctor Who **18.00** Lead Balloon **18.30** Coupling **19.00** Gavin And Stacey **19.30** Absolutely Fabulous **20.00** The Jonathan Ross Show **20.50** Lead Balloon **21.20** Coupling **21.50** Gavin And Stacey **22.20** Absolutely Fabulous **22.50** Doctor Who **23.35** The Jonathan Ross Show

## DR 1

**12.00** Landsbyhospitalet **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** Boogie Listen **15.00** Min funky familie **15.30** Det kongelige spektakel **15.50** Timmy-tid **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Talent 09 **19.00** TV Avisen **19.30** Talent 09 - afgørelsen **19.55** Det Nye Talkshow - med Anders Lund Madsen **20.30** The Contract **22.00** Lost Junction **23.30** Seinfeld **23.55**

## NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Naboer **12.30** Andre avenyen **13.00** NRK nyheter **13.10** Sjukehuset i Aidensfield **14.00** NRK nyheter **14.10** Dynastiet **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** Tater - og stolt av det **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Mamma Mo og Kråka **16.05** Fjellgården i Trollheimen **16.20** Pling Plong **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Norge rundt **17.55** Beat for beat **18.55** Nytt på nytt **19.25** Skavlan **20.25** Sporlost forsvunnet **21.05** Kveldsnytt **21.20** Elskerinner **22.20** Pop-revy fra 60-tallet **23.15** Armstrong og Miller **23.45** Country jukeboks m/chat

## SVT 1

**12.30** Här är ditt liv **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **15.00** Hannah Montana **15.25** Plus **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Doobidoo **19.00** Skavlan **20.00** Hotet inifrån **21.45** Kulturnyheterna **22.00** Playa del Sol **22.30** Down with Love



## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Fyrir utan eldhúsið heima held ég að það sé bara Icelandic Fish & Chips. Þar er þægilegt andrúmsloft og maturinn er hollur án þess að vera eitthvert megrunarfæði. Svo borðar maður aldrei of mikið af fiski. Salatið með mangó og spínati er æðislegt og svo held ég hreinlega að þarna fáist bestu laukhringir í heimi.“*

Silja Bára Ómarsdóttir stjórnmálafræðingur.

# Jóhanna syngur jólin inn fyrir Svía

Jóhanna Guðrún, Eurovision-stjarna okkar Íslendinga, er ein af stjörnum hins árlega Julegalan sem haldið er um alla Svíþjóð ár hvert. Umgjörð tónleikanna minnir á Frostrósar-tónleikana sem haldnir hafa verið hér á landi og notið mikilla vinsælda. Um tvenna tónleikastaði er að ræða, annars vegar í Globen í Stokkhólmi og hins vegar í Karlstadt. Jóhanna mun koma fram á tvennum tónleikum aðra helgina í desember. Augljóst er að öllu er tjaldað til fyrir tónleikana því dýrustu miðarnir kosta tæplega 25 þúsund krónur. Innifalið í því er matur með öllu. Meðal þeirra sem troða upp með Jóhönnu má nefna belgísku söngkonuna Kate Ryan og svo fjölda þekktra sænskra tónlistarmanna. Vinsældir Jóhönnu í Svíþjóð virðast vera þónokkrar en einn þátttakandi í sænska Idolinu, Erik Grönwall, tók sig til og flutti lagið Is it True í nýlegum þætti keppninnar.

Norðurlandabúar virðast því sólgnir í að fá Jóhönnu til að syngja inn jólin fyrir þá. Eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir skemmstu þá óskaði danska ríkissjónvarpið, DR, eftir því að Jóhanna myndi syngja á árlegum jólatónleikum þess. María Björk Sverrisdóttir, umboðsmaður Jóhönnu, segir að það séu meiri líkur en minni á að Jóhanna þekkist það boð, enn eigi þó eftir að ganga frá lausum endum.

Hún upplýsir jafnframt að Austur-Evrópuþjóðir hafi tekið miklu ástfóstri við Jóhönnu eftir að diskur hennar, Elvis & Butterflies, kom þar út. „Hún er meðal annars í efsta sæti vinsælustu útvarpsstöðvar Slóveníu og svo hafa Pólverjar tekið henni vel,“ segir María sem býst við þéttskipaðri dagskrá næstu daga. Jóhanna mun þó vera á landinu um þessar mundir og ætlaði meðal annars að fagna fimmtán ára afmæli Söngskólans, þar sem hún er nánast alin upp. **- fgg**



**VINSÆL Á JÓLATÓNLEIKA** Jóhanna Guðrún kemur fram á jólatónleikum í Globen í Stokkhólmi aðra helgina í desember. Þeir hafa notið mikilla vinsælda hjá Svíum undanfarin ár.



**LÁRÉTT**
**2.** helminguð, **6.** slá, **8.** fugl, **9.** tímabils, **11.** skóli, **12.** plata, **14.** dvaldist, **16.** ætíð, **17.** hrópa, **18.** þrá, **20.** í röð, **21.** síll.

**LÓÐRÉTT**
**1.** tilræði, **3.** málmur, **4.** lófalestur, **5.** starfsgrein, **7.** áll, **10.** sigti, **13.** útsæði, **15.** bannhelgi, **16.** sólunda, **19.** mun.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** hálf, **6.** rá, **8.** lóa, **9.** árs, **11.** fg, **12.** skífa, **14.** varst, **16.** sí, **17.** æpa, **18.** ósk, **20.** áb, **21.** alur.

**LÓÐRÉTT: 1.** árás, **3.** ál, **4.** lófaspá, **5.** fag, **7.** árkvísl, **10.** sía, **13.** fræ, **15.** tabú, **16.** sóa, **19.** ku.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á bls. 8.

1. Tinnu Gunnlaugsdóttur.
2. 120 þúsund krónur.
3. Guðmundur Benediktsson.



**ER HÁLFGERÐUR ÞJÓÐERNISSINNI** Veigar Margeirsson og eiginkona hans, Sigríður Ragna, hafa sett á fót söfnunarsíðu fyrir bágstadda Íslendinga. Hér eru þau með börnum sínum í Los Angeles.

### VEIGAR MARGEIRSSON: HÖFUM EKKI GLEYMT ÍSLENDINGUM

# Kvikmyndatónskáld safnar fyrir bágstadda Íslendinga

„Íslendingar í útlöndum hafa miklar áhyggjur af ástandinu heima og við, sem búsett erum erlendis, fylgjumst mjög vel með því sem er að gerast,“ segir Veigar Margeirsson, kvikmyndatónskáld í Los Angeles. Hann hefur ásamt eiginkonu sinni, Sigríði Rögnu Jónasdóttur, stofnað söfnunarsíðuna silverliningcharity.org þar sem fólki gefst kostur á að gefa peninga til styrktar bágstöddum Íslendingum. Ætlað er að 1. desember verði í fyrsta sinn gefnir peningar úr sjóðnum en Veigar segir þau hjónin vilja leggja sitt af mörkum til að aðstoða fólk til að halda gleðileg jól. „Við lesum auðvitað fréttir af Íslendingum og aukinni sókn eftir aðstoð ýmissa hjálparsamtaka. Það er skelfilegt að hugsa til þess að sumar íslenskar fjölskyldur eru nánast komnar undir fátæktarmörk.“

Veigar hefur um árabil verið búsettur í Bandaríkjunum og samið tónlist við auglýsingar, stiklur og annað tengt afþreyingariðnaðinum. Hann samdi meðal annars tónlistina við íslensku spennumyndina Köld slóð þar sem Anita Briem fór með eitt aðalhlutverkanna. Hann hefur varið litlum tíma á Íslandi eftir að kreppan skall á. „Hér er auðvitað líka kreppa en fallið heima er svo hratt og gerist svo snöggt að þetta er varla sambærilegt,“ útskýrir Veigar og bætir því að margir Íslendingar sem búi í Bandaríkjunum hafi átt erfitt með að senda peninga heim. Heimasíðan geri því auðveldara um vik. „Fólk má ekki gleyma því að vegna stöðu krónunnar þá getur erlend mynt gert kraftaverk, það þarf ekki margar evrur eða dollara til að ná góðri upphæð,“ útskýrir Veigar.

Hann segir að Íslendingar megi aldrei halda að fólkið í útlöndum hafi gleymt þeim. Síður en svo. „Við höfum mjög sterkar taugar til Íslands og erum hálfgerðir þjóðernissinnar. Það hefur síður en svo minnkað eftir kreppuna,“ segir Veigar og tekur fram að auðvitað sé Íslendingum heima frjálst að gefa til söfnunarinnar. Eins og áður segir er heimasíða söfnunarinnar silverliningcharity.org og þar er hægt að nálgast allar upplýsingar um málið. Íslenski reikningur söfnunarinnar er 0142-05-006966 og kennitalan er 060672-3509. **freyrgigja@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Fréttablaðið greindi frá því á dögunum að óprúttinn aðdáandi Unnar Birnu Vilhjálmsdóttur alheimsfegurðardrottningu hefði sett upp Facebook-síðu undir hennar nafni. Unnur Birna var ósátt við manninn, sem virðist vera í lesendahópi Fréttablaðsins, þar sem síðan er nú horfin sporlaust. Ætla má að upplýsingarnar um námsferil Unnar hafi hrætt manninn, en hún er að taka masterinn í lögfræði.



Talandi um Unni Birnu, þá leikur hún hlutverk í þáttunum Stóra planið sem hefjast í Sjónvarpinu í kvöld og eru byggðir á samnefndri kvikmynd og atriðum sem fengu að fjúka. Eitt af atriðunum sem hlutu ekki náð fyrir augum harðsvíraða klippara var innilegur koss Unnar Birnu og stórleikarans Ingvars E. Sigurðssonar. Kossinn átti sér stað inni í skáp og maður hefði haldið að það eitt gæfi tilefni til að varpa honum á hvíta tjaldið. Aðdáendur Unnar og Ingvars verða að krossleggja fingurna og vona að kossinn sé nógu djúsí fyrir Sjónvarp allra landsmanna.



Ísgerður Elfa Gunnarsdóttir, sem dætur ykkar og synir þekkja úr Stundinni okkar, hefur frestað útgáfu barnaplötu sem átti að koma út fyrir jól. Ástæðan ku vera annir við nám í stjórnmálafræði í Háskóla Íslands. Hún finnur þó tíma til að skemmta sér og er á leiðinni til Argentínu að taka þátt í sjónvarpsundrinu Wipeout ásamt fjölmörgum sigurvissum Íslendingum. **- afb**











Stór, Glæný og Spikfeit Línuýsa frá Bolungarvík

Ýsuflök 990,- kr/kg

ÝSUFISKRÉTTIR Á 1.190 kr/kg

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • 108 Reykjavík • sími 587 7755


# Fimm þúsund stálu Fangavakt

Hátt í fimm þúsund netverjar hafa stolið fyrsta þættinum af Fangavaktinni á skráarskiptasíðum. Þetta segir Snæbjörn Steingrímsson, framkvæmdastjóri SMÁÍS. Hann óttast að ef ekkert verði að gert muni þessi tala hækka töluvert. Snæbjörn átti fund með lögreglunni á miðvikudaginn og lagði þar fram gögn sem var safnað þegar þátturinn var frumsýndur á sunnudagskvöldinu. Meðal þess sem Snæbjörn hefur undir höndum eru tölvupóstar frá samviskusömum borgurum sem hafa bent á þennan stuld og blöskrað þetta athæfi. „Þeim leist mjög vel á þau gögn og ég er mjög ánægður með viðbrögð lögreglunnar og þennan fund,“ segir Snæbjörn. Hann kveðst þó ekki vita hvenær lögreglan taki málið upp en vonast til að það gerist fyrr en seinna.

Framkvæmdastjórinn kveðst hafa fullan skilning á því að það sé í nægu að snúast hjá lögreglunni um þessar mundir en segir jafnframt að svona mál sé ekki jafn þungt í vöfum og áður. „Menn hafa núna fordæmin og aðferðirnar og ég hef engar áhyggjur af því að lögreglan hafi ekki mannafla til þess að rannsaka þetta.“

Snæbjörn hefur fulla trú á því að lögreglan fari í málið af fullum krafti. „Mér finnst eins og þeir geri sér grein fyrir því að þarna eru mikil verðmæti sem fara manna á milli.“ **- fgg**



**VINSÆLL** Ólafur Ragnar á nóg af aðdáendum.



**GÓÐUR FUNDUR MEÐ LÖGGUNNI** Snæbjörn átti góðan fund með lögreglunni og hefur fulla trú á því að hún taki á málinu.


MICHAEL NYQVIST NOOMI RAPACÉ
"Mikil grimmd og logandi frásögn. Lisbeth Salander er orðin klassísk og ein eftirminnilegasta peróna glæpabókmenntana. Í flokki með Sherlock Holmes og James Bond."
F.E. Rás 2
★★★★
- VJV, FBL
BYGGÐ Á METSÖLUBÓK STIEG LARSSON
STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM
★★★
"Ef þú sást fyrstu myndina og fílaðir hana, þá máttu alls ekki sleppa þessari!"
T.V. - Kvikmyndir.is
★★★★
„ Öllu því svalasta, magnaðasta og flottasta úr þykkri spennusögu er þjappað saman í alveg hreint frábæra spennumynd.“
- ÞÞ, DV
★★★
"Skylduáhorf fyrir alla aðdáendur Larssons, - sannarlega eldfim spennumynd."
MMJ - kvikmyndir.com
KOMIN Í BÍÓ!
SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ REGNBOGINN BORGARBÍÓ LAUGARÁSBÍÓ

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**






Hvar er þín auglýsing?

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18 – 49 ára.
Könnun Capacent í maí 2009 – júlí 2009.





**BAKÞANKAR**
Bergsteins Sigurðssonar


## *Afburðamenn og örlagavaldar*

**Í** vikunni afhjúpuðu fornleifafræðingar salarkynni sem þeir telja að hafi tilheyrt Neró Rómarkeisara, sem ríkti frá árinu 54 til 68 eftir Krist. Veislusalur þessi þykir mikið verkfræðiundur því hann er búinn þeim kosti að geta snúist í hringi fyrir vatnsafli. Það verður ekki af Neró tekið að hann hugsaði stórt. Hverjum dettur í hug að reisa veislusal sem snýst í hringi?

**ÓHÆTT** er að segja að Neró hafi hlotið harðan dóm af hálfu sögunnar; í dag er hans fyrst og fremst minnst sem íburðarmikla harðstjórans sem aðhafðist ekkert meðan Róm brann. Það er þó helst til of einföld mynd. Hann var margslunginn maður og slyngur pólitíkus, sem sést meðal annars á því að þrátt fyrir allt naut hann iðulega talsverðrar lýðhylli á sinni rúmlega þrettán ára valdatíð. Sumir sagnfræðingar segja reyndar að það hafi stappað nærri þráhyggju hve upptekinn hann var af vinsældum sínum.

**VINSÆLDIR** Nerós stöfuðu sjálfsagt ekki síst af efnahagsstefnu hans; Neró rak lágskattastefnu og keyrði meðal annars skattalækkanir í gegn á þinginu. Hann var líka umsvifamikill á sviði myntsláttu. Á hinn bóginn var hann afar framkvæmdaglaður og vílaði ekki fyrir sér að nota skattfé til að byggja hvert glæsihýsið á fætur öðru, þar á meðal risavaxna íþróttaleikvanga og leikhús. Til eru þeir sem segja að Neró hafi aðallega viljað reisa sjálfum sér bautasteina. Svo þarf ekki endilega að vera; Neró var jú afar menningarsinnaður og listfengur, duflaði til dæmis við ljóðlist, söng og tónsmíðar, þótt stjórnmálin hefði ætíð verið í forgrunni.

**NERÓ** var ætíð umdeildur stjórnmálamaður, eins og títt er með stórhuga menn, og átti sér ófáa andstæðinga á þingi sem reyndu stundum að bola honum frá völdum. Þeim varð að ósk sinni árið 68, þegar landstjóri Gallíu gerði uppreisn gegn Neró og skattastefnu hans. Neró hrökklaðist frá völdum og beið dapurleg örlög. Þegar hann vissi hvert stefndi er hann sagður hafa sagt: „Hvílíkur listamaður sem veröldin glatar nú.“

**ÞVÍ** fer þó fjarri að hlutskipti Rómarborgar hafi batnað eftir að Neró hvarf af sjónvarsviðinu. Fjórir keisarar komust til valda næsta árið, sem einkenndist af ófriði og glundroða.

**„SAGAN** endurtekur sig ekki,“ er haft eftir Mark Twain. „En hún rímar.“



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er föstudagurinn 2. október 2009, 275. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 7.40 | 13.17 | 18.53 |
| Akureyri | 7.26 | 13.02 | 18.36 |

*Heimild: Almanak Háskólans*




BOSS HUGO BOSS
HUGO HUGO BOSS
strellson
LLOYD
eterna
gardeur
Van Gils
bugatti

þýskir dagar

20% afsláttur

af öllum þýsku merkjunum okkar!

herra GARÐURINN -klæðir þig vel
KRINGLAN - SMÁRALIND
568 9234 544 2410

B&S KONUR
B&S | Kringlunni 553 4141

HUGO BOSS
KRINGLUNNI 533 4242